Powershot A100 stafræn myndavél
Canon
Bókhlaðan
Canon
Verð kr. 29.900 m.vsk

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Fimmtudagur 19. desember 2002 • 51. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk

Lögregla og slökkvilið

Viðbúnaður með hefðbundnum hætti

Viðbúnaður lögreglu og slökkviliðs í Ísafjarðarbæ og nágrenni yfir hátíðarnar verður litlu meiri en venjulega. Hjá lögreglu verður hefðbundin vakt yfir það allra heilagasta og reynt er að gera vel við þá lögreglumenn sem standa vaktina.

„Það er skreytt á lögreglustöðinni og boðið upp á góðan mat, ávexti og sætindi. Svo reyna menn yfirleitt að skiptast á að skutlast aðeins heim á aðfangadagskvöld ef hægt er“, segir Önundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði.

„Við verðum þó með styrkta vakt eftir miðnætti á gamlárskvöld og koma menn út á vaktina eftir brennuna. Það er aðeins í kringum dansleiki og skemmtanir sem bætt er við mönnum.“

Hjá Slökkviliði Ísafjarðarbæjar er viðbúnaður ekki meiri en endranær og segir Hermann Hermannsson varðstjóri að yfirleitt hafi jól og áramót verið rólegur tími hjá þeim sem sjá um brunavarnir. „Við æfum meira en venjulega fyrir þennan tíma en yfir hátíðarnar verða tveir menn á bakvakt utan dagvinnutíma, alveg eins og alla aðra daga“.

Björgunarfélag Ísafjarðar

Jólatré og skata

Björgunarfélag Ísafjarðar selur jólatré í bækistöð sinni að Sindragötu 6 á Ísafirði (Guðmundarbúð).

„Mér vitanlega erum við þeir einu sem selja lifandi tré á Ísafirði. Svo selja þeir í Bolungarvík líka, en við flytjum trén inn saman. Íslensku trén koma úr Skorradal en að auki bjóðum við Norðmannsþyn frá Danmörku“, segir Jóhann Ólafson hjá Björgunarfélaginu. Félagar í klúbbnum JC-Vestfirðir selja hins vegar sígræn gervijólatré með tíu ára ábyrgð í samvinnu við Bandalag íslenskra skáta.

Flugeldasöluna segir Jóhann hefjast eins og venjulega milli jóla og nýárs. „Við verðum líklega með hana í gamla Norðurtangahúsinu. Út af gömlum bensíntanki í grennd við Guðmundarbúð megum við ekki vera með söluna þar.“

Þá stefna Björgunarfélagsmenn á að halda skötuveislu í Guðmundarbúð á Þorláksmessu. Þar verður skatan framreidd með hnoðmör að vestfirskum hætti. „Við erum með nokkur hundruð kíló af skötu í kös. Líka verður saltfiskur fyrir þá sem ekki vilja skötu. Væntanlega verður rukkað um 500 krónur á mann fyrir matinn“, segir Jóhann.

Skatan er eins og menn vita „þjóðarréttur Vestfirðinga“ og verður m.a. einnig á borðum hjá SKG-veitingum á Ísafirði.

/SAMKAUP/
OPIÐ:
Virka daga
kl. 09 - 21
Laugardaga
kl. 10 - 21
Sunnudaga
kl. 12 - 21
Verið velkomin!
SAMKAUP
NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Skip og bíll
Heildarlausn í flutningum
EIMSKIP
Flytjandi

ÚTGÁFAN

Bæjarins besta

ISSN 1670 - 021X

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is
Blaðamaður:
Hálfdán Bjarki Hálfdánsson
sími 863 7655,
halfdan@bb.is
Ritstjóri netútgáfu:
Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
blm@bb.is
Ljósmyndari:
Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is
Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson
Fréttavefur: www.bb.is
Önnur útgáfa:
Á ferð um Vestfirði

Umboðsaðilar BB:
Eftirtaldir aðilar sjá um dreifingu á blaðinu á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar:*Bolungarvík:* Sólveig Sigurðardóttir, Hlíðarstræti 3, sími 456 7305.*Súðavík:* Sólveig Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími 456 4106.*Suðureyri:* Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 891 7738.*Flateyri:* Gunnhildur Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752.
Þingeyri: Anna Signý Magnúsdóttir, Hlíðargötu 14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:
Hamraborg, Hafnarstræti 7, sími 456 3166.*Flugbarinn*, Ísafjarðarflugvelli, sími 456 4772.*Bónus*, Ljóninu, Skeiði, sími 456 3230.*Bókhlaðan*, Hafnarstræti 2, sími 456 3123.*Bensínstöðin*, Hafnarstræti, sími 456 3574.*Samkaup*, Hafnarstræti 9-13, sími 456 5460.*Krílið*, Sindragata 6, sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 200 eintakið m.vsk. Áskriftarverð er kr. 170 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

Arnór Jónatansson, stöðvarstjóri Flugfélagsins á Ísafirði

Fékk gullúr frá Flugleiðum fyrir 25 ára dygga þjónustu

Arnór Jónatansson, stöðvarstjóri Flugfélags Íslands á Ísafirði, fékk fyrir skemmstu forláta gullúr að gjöf frá Flugleiðum. Félagið hefur haft það fyrir reglu að heiðra þá sem unnið hafa dyggilega hjá fyrirtækinu og dótturfyrirtækjum þess í aldarfjórðung. „Ég er mjög ánægður með þetta“, segir Arnór. „Ég byrjaði hjá Flugleiðum á Ísafirði þann 27. mars 1977 og vann þá sem óbreyttur afgreiðslumaður. Árið 1981 fluttist ég til Reykjavíkur og vann þar í þrjú ár en kom síðan aftur heim til Ísafjarðar og gerðist stöðvarstjóri.“ Arnór var eins og gefur að skilja bráðungur þegar hann byrjaði hjá fyrirtækinu. Og virðist eiginlega vera það enn.

Arnór Jónatansson hampar gullúrinu á skrifstofu sinni á Ísafjarðarflugvelli.

Héraðssamband Vestfirðinga

Vill halda unglingalandsmót

HSV hefur sótt um að fá að halda unglingalandsmót UMFÍ á Ísafirði næsta sumar.

„Við treystum okkur alveg til að halda þetta mót næsta sumar. Aftur á móti sóttu alls fimm aðilar um að fá að halda mótið og það eru ekki nema tvö ár síðan unglingalandsmót var síðast haldið á Vestfjörðum. Þannig virðist ekki mjög líklegt að við fáum að halda það“, segir Kristinn Jón Jónsson, formaður HSV í samtali við blaðið.

Orkubú Vestfjarða hf. skoðar möguleika á virkjun í Tungudal

Rennslið úr jarðgöngunum yrði nýtt ásamt vatninu í Tunguá

Orkubú Vestfjarða hf. er að skoða möguleika á að virkja fallið í Tunguá í Tungudal í Skutulsfirði um eins kílómetra leið frá vegskála Vestfjarðaganga niður að stöðvarhúsi í dalbotninum. Fyrirtækið hefur leitað álits Ísafjarðarbæjar á þessu máli og spurst fyrir um hugsanlega meinbugi. Ekki hefur enn verið ráðist í verkhönnun, sem er kostnaðarsöm, og verður það ekki gert fyrr en lagt hefur verið mat á það hversu raunhæf hugmyndin er. Ef bæjaryfirvöld telja enga meinbugi á slíkri virkjun mun Orkubúið láta hanna virkjunina og sækja í framhaldi af því um nauðsynleg leyfi til framkvæmdanna.

Forathugun vegna virkjunarinnar hefur verið gerð og helstu kennitölur ákvarðaðar út frá korti og fyrirliggjandi rennslismælingum, segir í bréfi Kristjáns Haraldssonar orkubússtjóra til Ísafjarðarbæjar, þar sem málið er reifað. Þar kemur fram, að fallhæð yrði um 115 metrar og afl 670 kW. Flatarmál stöðvarhúss yrði um 80-100 fermetrar. Vatnið yrði leitt í niðurgrafinni pípu niður að stöðvarhúsi.

Orkustofnun og Vegagerðin hafa mælt rennsli Tunguár. Virkjun af þessari stærð mun nýta nánast allt umframvatn úr Vestfjarðagöngum. Rennslismælingar úr göngunum eru ekki nákvæmar og fáar stakar mælingar hafa verið gerðar í Tunguá sjálfri. Talið er nokkuð víst að árfarvegurinn milli inntaks og stöðvarhúss verði nánast þurr í mikilli þurrkatíð.

Rennsli úr Vestfjarðagöngum er mjög stöðugt og mun það vatn verða ráðandi í stærð virkjunarinnar. Fyrir liggur að Vatnsveita Ísafjarðarbæjar hefur forgang að nýtingu vatns úr göngunum. Ef vatnsnotkun hennar eykst mun það minnka rennsli að virkjuninni. Í bréfi orkubússtjóra segir að nauðsynlegt sé að leggja mat á þessa áhættu og skoða jafnframt fleiri þætti.

bb.is
púlsinn fyrir vestan

RITSTJÓRNARGREIN

„Þau lýsa fegurst“

„Ég ætla að hugsa til þeirra kynslóða sem hafa byggt þetta land og sótt sjóinn og fært fiska að landi og hafa í rauninni lagt grunninn að því að við getum setið hér í fínum fötum í dag og úthlutað verðlaunum og létu sig aldrei dreyma um kvóta.“

Við brosum jafnan að sögunni af burðarkörlunum, sem neituðu leiðangursmönnum í hinni svörtu Afríku um að fara hraðar yfir en svo, að sálir þeirra yrðu ekki eftir. Á tímum hömlulausrar samkeppni og krafna um ávöxtun og afköst, á tímum aukins hraða á öllum sviðum mannlífsins, er okkur meiri þörf en nokkru sinni fyrr að staldra við, gaumgæfa hvar við stöndum, íhuga hvert ferðinni er heitið. Hvert er markið, sem við höfum einsett okkur að ná? Er það eitthvað, sem ekki verður umflúið? Eitthvað sem við getum ekki með nokkru móti án verið? Höfum við ef til vill bara farið fram úr sjálfum okkur í kapphlaupinu eftir eftir hlutum, sem mölur og ryð fá grandað? Gleymt því að við lifum ekki á brauði einu saman? Í hreinskilni: Er ekki full þörf á að fara að dæmi burðarkarlanna og staldra ögn við?

Við Íslendingar státum okkur gjarnan af að vera meðal ríkustu þjóða heims. Eflaust er það rétt mat þegar auðæfin eru lögð í einu lagi á vogarskálina. Hvernig fengnum er skipt á milli þegnanna er önnur saga. Umhugsunarverð saga. Leiðum einnig hugann að því, hverjum beri að þakka að mörg njótum við þeirra forréttinda að geta á hátíðinni, sem í hönd fer, setið í fínum fötum og útdeilt af krásum nægtaborðsins. Að svarinu við þeirri spurningu verður hver og einn að leita í eigin hugskoti.

„Það lækkaði stöðugt / á lofti sól. / Þau brostu í nálægð / mín bernskujól.“ Umhverfi bernskujóla Stefáns frá Hvítadal, þar sem *„ljósin brunnu / svo ljómarík / frá rúmi hverju, / á rekkjubrík“,* var ólíkt yfirbragði jólanna hjá börnum nútímans þar sem ofbeldi í tölvuleikjum er ein helsta söluvaran. Vonandi hefur eitt þó ekki breyst, jólaljósið í augum barnsins: *„Í gullnum ljóma / hver gjöf mér skín. / En kærust voru mér / kertin mín.“*

Bæjarins besta sendir lesendum sínum nær og fjær bestu óskir um gleðileg og friðsæl jól.

s.h.

(Tilvísun: Ólafur Haukur Símonarson við móttöku Edduverðlauna fyrir kvikmyndina Hafið.)

AtVest fær myndarlegan styrk frá Northern Periphery

Byggð verði upp ferðaþjónusta í tengslum við Gísla sögu

Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða hefur verið tilkynnt að verkefnið „Destination Viking - Sagas & Storytelling“ hafi fengið jákvæða afgreiðslu á umsókn um styrk úr sjóði Northern Periphery áætlun EB sem Íslendingar gerðust aðilar að fyrr á þessu ári. Hér er um að ræða samstarf 18 „víkingaverkefna“ frá sex löndum, Íslandi, Grænlandi, Færeyjum, Noregi, Skotlandi og Svíþjóð. Þá hafa aðilar frá eyjunni Mön í Írlandshafi og Leifsbúðum (L´Anse aux Meadows) á Nýfundnalandi óskað eftir að fá að taka þátt í verkefninu á eigin kostnað. Íslendingasögurnar eru samnefnari verkefnisins. Þáttur Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða er uppbygging á ferðaþjónustu í tengslum við Gísla sögu Súrssonar. Heildarkostnaðaráætlun verkefnisins nemur einni milljón evra eða um 85 milljónum króna. Þar af styrkir Evrópusambandið verkefnið um 50 milljónir eða 60%. Í hlut Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða koma um 3,5 milljónir króna í styrk gegn um 2,5 milljóna króna mótframlagi. „Destination Viking - Sagas & Storytelling“ er fyrsta Northern Periphery verkefnið sem er undir stjórn Íslendinga og rennur um helmingur styrkfjárins hingað til lands. Samningsaðili við Evrópusambandið (lead-partner) um styrkinn er Byggðastofnun en verkefnisstjóri er Rögnvaldur Guðmundsson hjá Rannsóknum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar. Auk AtVest eru fimm íslenskir þátttakendur í verkefninu: Dalabyggð með Leifsverkefnið, Safnahús Vesturlands með Egilsstofu, Grettistak sf. í Húnaþingi vestra, Reykjanesbær með víkingaskipið Íslending og uppsveitir Árnessýslu með verkefni um Þjórsárdal og Þjóðveldisbæinn. Gísla saga og menningartengd ferðaþjónusta byggð á henni og vestfirskum söguslóðum hennar hefur verið á döfinni hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða síðustu ár. Meðal annars hefur verið gerð ítarleg samantekt á þeim möguleikum sem sagan býður í þessu efni. Dorothee Lubecki, ferðamálafulltrúi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, fagnar mjög þessari niðurstöðu en umsóknir um styrki frá Northern Periphery hafa verið í vinnslu í nokkra mánuði. Til að undirbúa umsóknina og móta verkefnishugmyndina voru haldnir tveir undirbúningsfundir fyrr á þessu ári. Annar fundurinn var haldinn að Laugum í Sælingsdal í maí. Dorothee hyggur jafnframt gott til frekara samstarfs á vettvangi Northern Periphery á komandi árum, nú þegar Íslendingar hafa gerst aðilar að þessu samvinnuverkefni.

Ritsafn Elíasar Þórarinssonar frá Hrauni í Keldudal komið út

Fjögur bindi með ritverkum af ólíkasta tagi

Út er komið heildarsafn af ljóðum og öðrum ritverkum Elíasar Mikaels Vagns Þórarinssonar frá Hrauni í Keldudal (Jarlsins af Keldudal), bónda og skálds á Sveinseyri við Dýrafjörð, sem andaðist árið 1988, rúmlega sextugur að aldri. Ritsafnið er í fjórum bindum, alls yfir 1.200 síður, og ber heitið Andbyr.

Um áratug hefur tekið að safna saman þessu æviverki Elíasar og búa ritið til prentunar. Vísur og kvæði voru á margvíslegum miðum og sneplum, á spýtum og bitum í útihúsum og á fjárhúsveggjum. Í ritsafninu eru ekki aðeins ljóðabálkar, kvæði og vísur heldur einnig smásögur og leikrit, viðtöl og eftirmæli.

Fyrir skömmu var af þessu tilefni efnt til útgáfuhátíðar og upplestrarkvölds í fullsetnu Félagsheimilinu á Þingeyri. Þar komu fram ýmsir flytjendur, meðal annarra skólameistarahjónin á Ísafirði og Valdimar Gíslason sagnfræðingur á Mýrum í Dýrafirði, sem lásu úr verkum Elíasar og minntust hans með ýmsum hætti. Auk þess voru m.a. leikrit, gamanvísur og söngur á dagskránni.

Útgefendur ritsafnsins eru Siggeir Stefánsson og Hrafngerður Ösp Elíasdóttir. Söfnun efnisins var í höndum ekkju Elíasar heitins, Kristjönu S. Vagnsdóttur og barna þeirra



Elías M. V. Þórarinsson frá Hrauni í Keldudal.

Séra Örn Bárður Jónsson prestur í Neskirkju

Fullveldi Guðs

Fyrsta sunnudag í aðventu bar uppá fullveldisdaginn 1. desember að þessu sinni. Fullveldisdagurinn er mikilvægur í lífi Íslendinga, merkur áfangi í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Fullveldi er ekki aðeins atburður liðins tíma, dagsetning á almanaki, sem halda ber uppá með hátíðlegum hætti, heldur lifandi veruleiki sem getur hvort sem er styrkst eða runnið okkur úr greipum. Við erum frjáls og fullvalda þjóð svo lengi sem við varðveitum samstöðu okkar á lýðræðislegum grundvelli og hverfum ekki í þjóðahafið og missum taumhald og stjórn á eigin málum. Fullveldi er ekki kyrrstætt heldur sívirkt. Það byggir á jafnvægi kraftanna í lífi þjóðarinnar, byggir á gagnrýninni samstöðu um menn og málefni.

Þar sem jafnvægi ríkir þar er friður. Starf kristinnar kirkju er sívirkt og stefnir að ákveðnu marki. Markmið kirkjunnar er að fullveldi Guðs verði í lífi sérhvers manns. Í bæninni sem Drottinn kenndi fylgjendum sínum segir „ . . . til komi þitt ríki, verði þinn vilji . . . “ Þetta er bæn um fullveldi Guðs, bæn um að ríki hans verði og vilji hans stjórni gjörðum okkar og athöfnum. Enn eigum við langt í land með að ná því markmiði sem stefnt er að. En samt megum við aldrei leggja árar í bát. Starf kristinnar kirkju er mannræktarstarf sem stuðlar að góðu og fögru mannlífi en vinnur gegn því illgresi sem stöðugt er sáð í akur þess.

Aðventan er gengin í garð með fjölbreyttu mannlífi, listviðburðum, hlaðborðum og kaupskap. Allt fram yfir miðja síðustu öld var aðventan með öðrum blæ. Annað orð yfir þetta tímabil er jólafasta og eins og orðið ber með sér er þetta tímabil til undirbúnings hátíðinni en ekki hátíðin sjálf. Aðventa merkir „koma“. Aðventan vísar okkur fram á veginn að komu jólanna. Grunnstef aðventunnar er alvöruþrungið. Við erum minnt á það að Jesúbarnið, sem við minnumst á jólum, mun koma aftur og dæma lifendur og dauða. Aðventan minnir á uppgjör. Aðventan er undirbúningstími er við búum okkur undir komu hans, og bjóðum hann velkominn inn í líf okkar.

Eins og fyrr er komið fram er aðventa jólafasta. Fasta merkir að við göngum í okkur sjálf, skoðum og íhugum hvað það er sem skiptir mestu í lífinu – og það hvers vegna við þörfnumst þess að verða leyst úr fjötrum þessa lífs sem stundum leikur okkur svo grátt. Litur aðventunnar er sá sami og litur föstunnar: fjólublár, litur iðrunar og yfirbótar.

Að fasta felur í sér hófsemi, það að láta eitthvað á móti sér, til að geta gefið öðrum. Kristur kenndi að sá öðlast sem gefur. Við finnum gleðina með því að gefa öðrum gleði. Söfnunarbaukar Hjálparstarfs kirkjunnar og jólasafnanir líknarfélaga eru mikilvæg áminning til okkar í þá veru.

Yfir aðventunni svífur andi vonar sem veit að lausn er í nánd. Skammdegismyrkrið eykst en aðventuljósin lýsa upp skammdegið og minna á ljósið sem kemur, ljósið eilífa, hann sem er ljós heimsins.

Nýlega var ég spurður um það hvern ég teldi vera til tilgang lífsins. Eftir dálitla umhugsun sagði ég: Tilgangur lífsins er að tilbiðja Guð.
En hvernig tilbiður maður Guð? var spurt á móti.

Svarið er auðvelt. Það gerum við best með því að sækja til hans kraft og blessun af himnum til þess að geta starfað í þágu Guðs og manns á jörðu. Tilgangur lífsins er að lifa öðrum, losna úr viðjum eigingirni og sjálfselsku og fórna sér í þágu annarra. Þannig finnum við okkur sjálf, finnum lífið með því að glata því.

Ein elsta rannsóknarstofnun veraldar sem fæst við þjóðfélagskannanir, Institute for Social Research, komst að því nýlega í könnun sem gerð var á meðal aldraðra í samvinnu við háskólann í Michigan í Bandaríkjunum, að fullorðnir einstaklingar sem leituðust við að lifa fyrir aðra juku lífslíkur um 60 af hundraði í samanburði við jafnaldra sína sem hvorki veittu ættingjum sínum, nágrönnum eða vinum hagnýta hjálp eða tilfinningalegan stuðning. Niðurstaðan gefur vísbendingar um að það sem varðar mestu máli í samskiptum okkar er ekki hvað við fáum út úr þeim heldur hitt hvað við gefum af okkur.

Aðventan og jólin leysa úr læðingi hjálpsemi og kærleika. Boðskapur Krists um náungakærleikann er sannur og heldur áfram að sannast þegar við elskum hvert annað og leyfum anda Guðs að ríkja í lífi okkar. Þá erum við á réttri leið og stefnum að fullveldi Guðs í lífi einstaklinga, þjóðar og þjóða.

Kom þú, Drottinn Jesús, með fullveldi og frið og veit okkur öllum friðsæla aðventu og gleðileg jól.

Óskum starfsfólki okkar til sjós og lands gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum árið sem er að líða.

Súðavíkurhreppur
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða.

Sparisjóður Bolungarvíkur
Bolungarvík – Suðureyri
Sendum Bolvíkingum, Súgfirðingum og öðrum Vestfirðingum bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökk fyrir viðskiptin.

Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.
SPVF SPARISJÓÐUR VESTFIRÐINGA

Hér var Nasco í Bolungarvík með starfsemi sína.

Nasco ehf. og dótturfyrirtæki í Bolungarvík og erlendis

Risvaxið gjaldþrot og lítið fæst upp í kröfur

Gjaldþrot rækjuveldisins Nasco ehf. er um 577 milljónir króna. Skiptum á að ljúka í janúar, tveimur árum eftir að Nasco var lýst gjaldþrota. Skiptum í dótturfyrirtækinu Nasco Bolungarvík ehf. er einnig ólokið. Stærstu kröfuhafar í þrotabú Nasco eru Byggðastofnun með 145 milljónir króna, Eimskip með 75 milljónir og Búnaðarbankinn með 64 milljónir. Þessir aðilar mega búast við að fá rúm 3% af kröfum sínum greidd. Þess má geta að 103 milljóna kröfu frá Íslandsbanka-FBA var hafnað þar sem um var að ræða skuld dótturfyrirtækisins Nasco Bolungarvík.

Samþykktar forgangskröfur upp á 22,4 miljónir króna hafa þegar verið greiddar. Reiknað er með að um það bil 20 milljónir til viðbótar verði greiddar upp í almennar kröfur. Lýstar kröfur í þrotabúið námu alls um 780 milljónum króna en samþykktar kröfur 629 milljónum. Að sögn annars tveggja skiptastjóra í þrotabúinu hefur málið verið mjög umfangsmikið. Það tengist fjölda annarra fyrirtækja hérlendis og erlendis sem voru alla vega stödd, flest mjög illa.

„Orsakirnar eru að ýmsu leyti skýrðar með því að það varð mikið verðfall á rækju og aflabrestur líka. Rækjuvinnsla hafa verið mjög sveiflukennd í gegnum árin. Þarna kom mikil niðursveifla. Skuldsetningin var það mikil að fyrirtækið gat ekki mætt þessu," segir skiptastjórinn.

Nasco var með umfangsmikinn rekstur á sviði umboðssölu með fullunna rækju. Fyrirtækið haslaði sér einnig völl í ýmissi hliðarstarfsemi, bæði útgerð og vinnslu. Það átti meðal annars hlut í togurum sem gerðir voru út frá Rússlandi og Lettlandi á rækju við Nýfundnaland.

Þá átti Nasco allt hlutafé í Nasco Bolungarvík, sem stofnað var 1998. Það var rækjuvinnsla sem tekin var til gjaldþrotaskipta fyrir tveimur árum eins og móðurfyrirtækið í Reykjavík. Áðurnefnd krafa Byggðastofnunar á Nasco ehf. er einmitt vegna ábyrgðar sem fyrirtækið gekkst í fyrir dótturfyrirtækið á Vestfjörðum. Einnig má nefna að dótturfyrirtækin Nasco UK í Bretlandi og Nasco Canada hafa verið úrskurðuð gjaldþrota.

Alltaf eru einhverjir sem hafa ekki efni á jólahaldi

Álíka margar beiðnir um aðstoð og undanfarin ár

Fjöldi beiðna á norðanverðum Vestfjörðum um fjárhagsaðstoð fyrir jólin er svipaður og verið hefur undanfarin ár. Alltaf eru einhverjir sem ekki hafa efni á að halda jólin hátíðleg og eru nokkrir aðilar sem aðstoða fólk í brýnni þörf. Rauði krossinn á Vestfjörðum hefur veitt matargjafir og Hvítasunnukirkjan Salem, Þjóðkirkjan og sveitarfélög hafa veitt fjárhagsaðstoð.

„Mér sýnist ástandið vera svipað og undanfarin ár. Þeir sem til okkar leita eru fjölskyldur sem sjá enga aðra leið færa, því að það er eflaust engum auðvelt að óska eftir aðstoð", segir Margrét Geirsdóttir hjá Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar.

Í Bolungarvík eru í gildi viðmiðunarreglur um það hverjir eiga rétt á styrk og mun í flestum tilfellum vera um tímabundna erfiðleika hjá einstaklingum að ræða.

Í Bolungarvík eru í gildi viðmiðunarreglur um það hverjir eiga rétt á styrk og mun í flestum tilfellum vera um tímabundna erfiðleika hjá einstaklingum að ræða. „Fólk skilar inn launamiðum og við greiðum það sem vantar upp á framfærslukostnað", segir Helga Aspelund hjá Bolungarvíkurkaupstað.

Héraðssamband Vestfirðinga

Karl Jónsson ráðinn framkvæmdastjóri

Karl Jónsson.

Ákveðið var fyrir helgina að ganga til samninga við Karl Jónsson um ráðningu hans í stöðu framkvæmdastjóra Héraðssambands Vestfirðinga. Karl var áður þjálfari meistaraflokks kvenna hjá Körfuknattleiksfélagi Ísafjarðar en hefur að undanförnu verið búsettur í Stykkishólmi. Reiknað er með því að Karl muni hefja störf fyrstu vikuna í janúar. Ákveðið hefur verið að gefa ekki upp nöfn hinna þriggja umsækjendanna um stöðuna.

Starfið felst í því að veita Héraðssambandinu forstöðu og hafa frumkvæði í því að samhæfa ýmsa atburði og aðstoða íþróttafélög við sín mál ef á þarf að halda.

Hundaeftirlitsmaður Ísafjarðarbæjar

Fallið frá ráðningu

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur fallið frá því að ráða í stöðu hundaeftirlitsmanns bæjarins. Embættið var auglýst fyrir rúmum mánuði og bárust fimm umsóknir, þar af þrjár úr Bolungarvík. Þá var bæjarritara falið að kanna aðstæður umsækjenda og leggja tillögu fyrir bæjarráð. Síðan kom upp sú hugmynd að starfsmenn í Áhaldahúsi Ísafjarðarbæjar taki eftirlitið að sér, eins og nú hefur verið samþykkt.

Samráð hefur verið haft við bæjarverkstjóra um þetta mál. Jafnframt hefur héraðsdýralæknir verið fenginn til að skoða aðstöðu til vörslu lausagönguhunda að Kirkjubæ í Skutulsfirði og telur hann þá aðstöðu fullnægjandi.

Dregið í Línu slysavarnakvenna

Helsta tekjulindin í 30 ár

Á jólafundi ísfirskra slysavarnakvenna í Guðmundarbúð í síðustu viku var dregið í Línunni í 30. skipti. Línan er árlegt happdrætti Kvennadeildar Slysavarnafélagsins og hefur verið helsta tekjulind deildarinnar í þrjá áratugi.

„Þátttaka fólks í happdrættinu hefur verið nokkuð jöfn og góð. Alltaf hefur verið dregið einu sinni á ári, á jólafundi félagsins. Peningarnir fara allir í starf hér fyrir vestan. Þeir verða meðal annars notaðir í endurbætur á Guðmundarbúð, en þar á eftir að koma upp eldhúsi. Í gegnum árin höfum við líka styrkt björgunarsveitirnar. Þá höfum við gefið til skíðamanna og kirkjunnar, svo dæmi sé tekið", segir Guðrún Kristjánsdóttir, formaður kvennadeildarinnar.

Línan ber nafn sitt af því að fólk kaupir sér línu í stílabók þar sem nafn þess er ritað. Síðan eru línurnar klipptar sundur og settar í ílát sem dregið er úr. Þegar dregið hafði verið í Línunni var sungið, drukkið kaffi og borðað bakkelsi. Þá fengu þær jólasveina í heimsókn.

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Eiríkur & Einar Valur ehf.,
Skeiði, Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Byggingavöruverslun
Ljóninu Skeiði, Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Mjólkursamlag Ísfirðinga
Sindragötu 2 – Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Árnagötu 1 – Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Aðalstræti 21 – Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR VESTFJÖRÐUM EHF.
Aðalstræti 24 • 400 Ísafirði • Hafnargata 37 • 415 Bolungarvík • Kennitala 700172-0239

Bolungarvík – Hólmavík – Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Gardínubúðin ehf.,
Hafnarstræti 8
Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf
☎ 456 4340 & 456 4760

Í Suðurtanganum á Ísafirði má sjá drasl af hinu ólíkasta tagi.

Hafnarsvæðið á Ísafirði

Endalaus barátta við draslið

Starfsmenn Ísafjarðarhafnar kvarta sáran undan sóðaskap ótiltekinna útgerðarmanna og annarra atvinnurekenda á Ísafirði. Guðmundur Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir hafnarstarfsmenn hafa eytt miklum tíma í að hreinsa rusl af svæðum við Suðurtanga. Þar hafa menn í langan tíma stundað þá iðju að losa ýmiskonar sorp, gamla og ryðgaða toghlera, sköfur, flæðilínur og fleira. Þegar ljósmyndara bar að mátti meðal annars sjá færibönd og iðnaðaruppþvottavél, svo fátt eitt sé nefnt.

„Við höfum notað allan þann tíma sem við getum til að hreinsa til á þessum svæðum og höfum búið töluvert magn af brotajárni til brottflutnings. Menn eru hins vegar alltaf snöggir að koma með nýtt drasl þar sem við erum búnir að hreinsa“, segir hafnarstjóri.

Þess má geta, að sorpbrennslu- og urðunarstöðin Funi er ekki nema um 5 km frá miðbæ Ísafjarðar. Starfsmenn hennar kunna mun betur að meta sorp og drasl af öllu tagi en starfsmenn Ísafjarðarhafnar og taka því fegins hendi.

Fréttavefurinn bb.is

Lesendur velja Vestfirðing ársins

Í samvinnu við Tölvuþjónustuna Snerpu ehf. og Gullauga á Ísafirði efnir fréttavefurinn bb.is til kosningar um Vestfirðing ársins 2002 líkt og gert var á síðasta ári. Til þess að koma tilnefningum á framfæri er notað sérstakt form á vefnum og þar eru einnig reglur um kosninguna, sem stendur til áramóta. Lesendur Bæjarins besta og bb.is eru hvattir til að taka þátt í valinu og tilnefna þann Vestfirðing sem þeir telja helst verðskulda þessa nafnbót. Sá sem útnefninguna hlýtur fær henni til staðfestingar veglegan farandgrip frá Gullauga.

Tilkynnt verður um úrslitin á bb.is hér í blaðinu fljótlega eftir áramótin. Vestfirðingur ársins 2001 var kjörinn Guðmundur Halldórsson, trillukarl í Bolungarvík og formaður Smábátafélagsins Eldingar á norðanverðum Vestfjörðum.

Snjóflóðavarnir í Bolungarvík

Staðan kynnt á borgarafundi

Borgarafundur um snjóflóðahættu og snjóflóðavarnir var haldinn í Bolungarvík í síðustu viku. Ólafur Kristjánsson bæjarstjóri segir að hann hafi verið mjög málefnalegur.

„Íbúar sýndu mikinn áhuga og skilning á þessari vandasömu stöðu sem við erum í. Ég held að menn séu búnir að átta sig á þeim vanda sem við búum við og þeirri staðreynd að engin ein leið er algóð, en eitthvað verður að gera til að verja byggðina“, segir Ólafur.

„Fundurinn var tvíþættur. Annars vegar var kynnt hættumat fyrir Bolungarvík, en menn þekktu almennt þessar niðurstöður og mönnum hafði verið ljóst hvar línurnar lágu. Í síðari hluta fundarins var farið yfir stöðu á hönnun væntanlegra varnarmannvirkja og kynnt hvernig hættulínur myndu breytast með tilkomu þeirra.“

Eins og komið hefur fram var á sínum tíma gert ráð fyrir því að farin yrði svokölluð leið 5 við gerð snjóflóðamannvirkja í Bolungarvík. Þar samanstanda varnir af þvergarði og leiðigarði.

„Menn höfðu þó áhyggjur af snjósöfnun í krika þessara varnargarða og því fengu menn Verkfræðistofu Siglufjarðar og Árna Jónsson ráðgjafa til að meta hættu á slíku. Þessir aðilar voru sammála um að það yrði til mikilla bóta að gera þá breytingu að fella niður leiðigarð og framlengja þvergarðinn um 65 metra til vesturs. Bæjarstjórn hefur reyndar ekki tekið formlega afstöðu til þessara tilmæla en ég á von á því að við þeim verði orðið“, segir Ólafur.



JÓN og GUNNA

AUSTURVEGI 2
SÍMI 456 3464

Við þökkum frábærar móttökur
á nýjum stað og óskum ykkur
gleðilegrar hátíðar ljóss og friðar
og farsældar á nýju ári

MAÐUR VIKUNNAR

Vilji stóð til þess um tíma að verða „prófessor í rúmfræði“

Nafn: Ómar Már Jónsson.
Fædd/-ur, hvar og hvenær: Á Ísafirði 1. sept. 1966.
Atvinna: Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps.
Fjölskylda: Giftur Laufey Þóru Friðriksdóttur. Börnin eru Friðrik Valur 12 ára, Aldís Ósk 10 ára, Alda Marín 3ja ára og Ester Lilja 18 ára sem býr í Ástralíu.
Helstu áhugamál: Lestur bókmennta er snúa að því að hámarka árangur í lífi og starfi.
Bifreið: Mitsumbishi Pajero árg. 1999.
Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Pajero árg. 2002.
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Fyrst var það flugmaður en svo breyttust áherslurnar og vilji stóð fyrir því um tíma að verða „prófessor í rúmfræði“, (misskildi starfsheitið eitthvað).
Uppáhalds matur? Síldarbollur eins og mamma matreiðir þær.
Versti matur sem þú hefur smakkað? Illa skemmdur austurlenskur matur á veitingastað í Reykjavík.
Uppáhalds drykkur? Vatn úr vatnsveitu Súðavíkur.
Uppáhalds tónlist? Chris Rea og Eric Clapton.
Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Arngeir Friðriksson, glímumaður í H.S.Þ.
Uppáhalds sjónvarpsefni? Fréttir.
Uppáhalds vefsíðan? leit.is
Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Glatiator var nokkuð góð.
Fallegasti staður hérlendis? Þórsmörk fyrstu helgina í júlí.
Fallegasti staður erlendis? Móseldalurinn.
Ertu hjátrúarfull(ur)? Nei, við höfum þetta allt í hendi okkar.
Uppáhalds heimilistækið? Sjálfvirka kaffivélin.
Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Að ferðast um landið með fjölskyldunni.
Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Það er frekar fátt sem fer í taugarnar á mér, sem betur fer.
Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Fer í göngutúr í fallegu umhverfi í góðum félagsskap.
Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Ég á mér markmið sem ég ætla að ná.
Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Að gleyma afmælisdegi konunnar tveimur árum eftir að við byrjuðum saman. Það gerðist líka aðeins í þetta eina skipti.
Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Það væri alveg eftir því hvar ég væri bæjarstjóri.
Lífsmottó? Vandamál eru ekki til, aðeins verkefni sem bíða þess að verða leyst.

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243
Fasteignaviðskipti
Sendi viðskiptavinum mínum sem og Vestfirðingum öllum, bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári. Þakka viðskiptin á árinu sem er að líða.

Lesendur athugið!

Þetta er síðasta tölublað Bæjarins besta á árinu 2002. Fyrsta tölublað á nýju ári kemur út miðvikudaginn 8. janúar.
Gleðilega hátíð!



SÆLKERAR VIKUNNAR

ERU MARGRÉT GUNNARSDÓTTIR OG JÓN SIGURPÁLSSON Á ÍSAFIRÐI

Böðuð bleikja (eða lax)

Á Kúabúsheimilinu er þessi réttur tiltölulega nýr og er tilkominn í aðhalds- og heilsuvangaveltum, en eins og oft áður uppgötvast við það afbragðsréttur. Það er ástæða til að þakka lofið en innan veggja heimilisins gengur húsbóndinn undir nafninu „kast-í-pott-kokkurinn“ og hefur átt eftirtektarverða og jafnframt umdeilda spretti í þeim ham. Það gildir hins vegar ekki með þennan rétt, hann verður að elda undir öruggri stjórn meistarakokksins.

Uppskrift fyrir 4

600 g fiskur

Baðið er:

2 msk soja
4 tsk ólífuolía
2 msk sherry
2 hvítlauksrif
rifin engiferrót (ca. 6 cm)
2 msk sesamfræ

Meðlæti eru hrísgrjón, snöggsoðnar sykurbaunir og kúrbítur, skorinn að endilöngu í þunnar sneiðar. Best að sjóða grænmetið í 2-3 mín og kæla það svo í ísvatni.

Snögghitið í potti sojasósu, olíu, sherry, pressaðan hvítlauk og rifinn engifer (Jón tætir þetta venjulega í matvinnsluvél) og kælið. Skerið fiskinn í litlar sneiðar og setjið ásamt „baðinu“ í plastpoka í ca. hálftíma (má gjarnan vera lengur). Snúið pokanum a.m.k. einu sinni á meðan. Setjið síðan fiskinn í eldfast fat og bakið við 200°C í ofni í 20-25 mín. Stráið sesamfræjum yfir þegar eftir er 1 mín af steikingartímanum.

Þá er ekki annað en að skora á úrvalskokkana á Engjaveginum á Ísafirði, Önnu Lóu Guðmundsdóttur og Gunnlaug Einarsson, að koma með kröftuga uppskrift. Þau eru bæði snjallir kokkar, hvort sem um er að ræða heilsufæði eða annað gómsætt.

Krakkarnir á Bakkaskjóli í Hnífsdal í bæjarferð

Skyrgámur var í brúnum fötum en ekki rauðum

Þrjátíu manns frá leikskólanum Bakkaskjóli í Hnífsdal, 24 börn og 6 fullorðnir, brugðu sér í bæjarferð í síðustu viku. Strætisvagn sótti mannskapinn og ók honum á pósthúsið á Ísafirði þar sem öll börnin skrifuðu jólakort til foreldra sinna og settu í póst. Næst var haldið á Silfurtorg þar sem dansað var í kringum jólatré Ísfirðinga. Ferðinni lauk síðan með heimsókn í Faktorshúsið í Hæstakaupstað þar sem börnin drukku heitt súkkulaði. Það var svo enginn annar en Skyrgámur sem kíkti í heimsókn til barnanna og sagði þeim sögur af sjálfum sér og foreldrum sínum. Sagðist Skyrgámur ekki hafa komið á jólaskemmtun í Faktorshúsinu síðan á 19. öld þegar Sophus J. Nielsen stóð fyrir slíku skemmtanahaldi í húsinu. Þegar börnin höfðu spurt Skyrgám út í lífið á fjöllum og hvers vegna hann væri í brúnum fötum en ekki rauðum héldu þau aftur með strætisvagni til Hnífsdals.

Krakkarnir á leikskólanum Bakkaskjóli spjalla við brúna jólasveininn.

„Þeim fannst þetta ótrúlega gaman og voru rosalega ánægð. Þessi ferð heppnaðist eins og best gat hugsast“, segir Elísabet Gunnlaugsdóttir, leikskólastjóri á Bakkskjóli.

DKNY
Gullauga

MARATHON
Starfsfólk Hafnarbúðarinnar óskar viðskiptavinum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða
Hafnarbúðin
Sími 456 3245

Laugardaginn 1. janúar 2003
Dansleikur, hattar og knöll
Verð kr. 7.900,-
Borðapantanir í síma 456 4111
Matseðill
Tilboð á gistingu fyrir gesti á nýársfagnaði
1.000,- kr. á mann
Ingvar og Gylfi
„rúmgott tónlistaratriði"
Guðrún Jónsdóttir
kemur á óvart
Hjónabandið
leikur fyrir dansi
ATH. Takmarkaður sætafjöldi
Ísafjörður
SKG Veitingar
SKÖTUHLAÐBORÐ
Á ÞORLÁKSMESSU Í HÁDEGINU
EKTA ÞORLÁKSMESSUSTEMNING
Verð kr. 1.950,-
SKG Veitingar - Hótel Ísafirði
Borðapantanir í síma 456 4111

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

VST Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.
Hafnarstræti 1 – Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Tryggvi Guðmundsson hdl.,
Hafnarstræti 1 – Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

ÍSAFJARÐARBÆR

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Eyrargötu 2-4
Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Hárstofan
Aðalstræti 21 – Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Atlastaðir ehf.
Seljalandsvegi 78
Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

POLS
Sindragötu 10 – Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Íslandssaga h/f
Freyjugötu 1 – Suðureyri

Pétur Bjarnason, fyrrum skipstjóri, hefur ritað ýmsa minningaþætti frá fyrri tíð. Hér segir hann frá eftirminnilegri Englandsferð á fiskflutningaskipinu Richard, sem Björgvin Bjarnason á Ísafirði gerði út. Pétur var ungur stýrimaður á þessum tíma en ferðin var farin í svartasta skammdeginu þegar heimsstyrjöldin síðari stóð sem hæst og mörg íslensk skip urðu fyrir árásum eða fórust á annan hátt af völdum stríðsins. Pétur og félagar hans á Richard lentu í miðjum stríðsátökum, þar sem þýskum kafbáti var sökkt, en sluppu sjálfir heilu og höldnu til Englands og náðu aftur heim til Ísafjarðar á aðfangadag.

Pétur Bjarnason, fyrrum skipstjóri á Ísafirði:

Heim fyrir jólin

Það var eitt stríðsárahaustið. Við höfðum komið heim af síldinni á Richard í lok ágúst og byrjuðum strax að þrífa lestar og mála og gera klárt fyrir fiskimóttöku. Það hafði aflast vel við Djúp um sumarið og fiskflutningaskipin, bæði innlend og erlend, þurftu lítið að bíða eftir lestun og röðuðu sér út Sundin áleiðis til Englands. Nú var komið fram í desember og við vorum búnir að fara tvo túra sem báðir höfðu gengið vel.

Við lágum við Bæjarbryggjuna og höfðum unnið við móttöku á fiski alla nóttina og klukkan 9 um morguninn var búið að ganga frá og gera sjóklárt og taka olíu og vatn á alla tanka og taka kost til ferðarinnar. Aðallestin í Richard tók 75 tonn og afturlestin sem var undir matsalnum tók 5 tonn. Áður en hleðslumerkjareglugerðin kom var sett þil fyrir aftan stigann í lúkarinn og innréttingarnar teknar á land á veturna svo að þar myndaðist pláss fyrir 10 tonn. Samtals voru þetta 90 tonn en þá var hann orðinn svo hlaðinn að það var ökladjúpur sjór á miðdekkinu fyrir framan yfirbygginguna. Þannig sigldum við honum alla fyrstu stríðsveturna og gekk vel. Á leiðinni léttist hann því olían eyddist úr tönkunum og ísinn bráðnaði úr fiskinum og dældist út, svo að þegar komið var á leiðarenda eftir fimm daga var allt dekkið komið upp úr sjó. Ég kom fyrst á Richard vorið 1941 og var á honum samfleytt vetur og sumar þar til að ég fór á Stýrimannaskólann og strax að námi loknu kom ég aftur og gerðist stýrimaður á Richard.

Það var eitt stríðsárahaustið. Við höfðum komið heim af síldinni á Richard í lok ágúst og byrjuðum strax að þrífa lestar og mála og gera klárt fyrir fiskimóttöku. Það hafði aflast vel við Djúp um sumarið og fiskflutningaskipin, bæði innlend og erlend, þurftu lítið að bíða eftir lestun og röðuðu sér út Sundin áleiðis til Englands. Nú var komið fram í desember og við vorum búnir að fara tvo túra sem báðir höfðu gengið vel.

Við lágum við Bæjarbryggjuna og höfðum unnið við móttöku á fiski alla nóttina og klukkan 9 um morguninn var búið að ganga frá og gera sjóklárt og taka olíu og vatn á alla tanka og taka kost til ferðarinnar. Aðallestin í Richard tók 75 tonn og afturlestin sem var undir matsalnum tók 5 tonn. Áður en hleðslumerkjareglugerðin kom var sett þil fyrir aftan stigann í lúkarinn og innréttingarnar teknar á land á veturna svo að þar myndaðist pláss fyrir 10 tonn. Samtals voru þetta 90 tonn en þá var hann orðinn svo hlaðinn að það var ökladjúpur sjór á miðdekkinu fyrir framan yfirbygginguna. Þannig sigldum við honum alla fyrstu stríðsveturna og gekk vel. Á leiðinni léttist hann því olían eyddist úr tönkunum og ísinn bráðnaði úr fiskinum og dældist út, svo að þegar komið var á leiðarenda eftir fimm daga var allt dekkið komið upp úr sjó. Ég kom fyrst á Richard vorið 1941 og var á honum samfleytt vetur og sumar þar til að ég fór á Stýrimannaskólann og strax að námi loknu kom ég aftur og gerðist stýrimaður á Richard.

Undirbúningur ferðarinnar

Richard var sérlega sterkbyggður bátur, allur úr eik. Fremst var hár hvalbakur og undir honum voru tveir stórir skápar með þykkum hurðum úr mahoní sem þéttar voru með gúmmíköntum, svo að þegar skrúfað var fyrir loftræstigötin voru þeir eins og flotholt þegar siglt var á móti sjó og vindi. Yfirbyggingin var öll úr járni upp að gluggum og bátadekk í heilu lagi og endaði sem loft yfir stóru skuthúsi sem fylgdi lögun bógsins að aftan. Skuthúsið var stórt og var ætlað til geymslu á beitu og fleira ef farið yrði á veiðar. Hurðirnar á því voru einnig þéttaðar með gúmmíköntum svo að það virkaði sem flotholt ef siglt var undan sjó og vindi.

Þegar öllum frágangi var lokið sagði skipstjóri að við mættum fara heim en vera mættir aftur til brottferðar kl. eitt eftir hádegi. Ég fór strax heim til mömmu með pokann minn og fékk hjá henni hrein föt og fór síðan út í Sundhöll í sturtu og hitti pabba sem vann þar sem kyndari því að þá var laugin olíukynt. Hann sagði mér að Guðrún systir mín vildi hafa tal af mér. Þegar ég hafði kvatt pabba gekk ég upp í Pólgötu á skrifstofu Björgvins hf. og hitti Ólaf gjaldkera og fékk hjá honum eitthvað af peningum. Síðan fór ég og hitti Guðrúnu systur mína, sem þá var gift Kjartani Ólafssyni kaupmanni. Þegar pabbi hætti að þola stöðurnar á netaverkstæðinu fékk hann vinnu við Sundhöllina. En kaupið var svo lágt að það dugði ekki fyrir heimilisreikningunum, því fjölskyldan var stór og ennþá voru systkinin heima. Við Guðrún gerðum því samkomulag um að greiða alltaf inn á heimilisreikninginn hjá versluninni svo að hann væri alltaf í skilum. Þegar ég hafði fengið henni peninga fyrir mínum hlut bauð hún upp á kaffi.

„Verðið þið komnir aftur heim fyrir jólin?“ spurði hún.

Ég sagði henni að ef allt gengi vel eins og í tveimur síðustu túrum ættum við að ná heim á Þorláksmessu. Þá spurði hún hvort ég væri nokkuð trúlofaður.

Ég hló og sagði að svo væri ekki. „Þú veist að það er alltaf verið að skjóta niður skip og menn að farast, konur að verða ekkjur og börn munaðarlaus.

Landsbankinn

Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Þó að bærinn okkar sé fullur af fallegum og góðum stúlkum sem bæði ég og aðrir værum fullsæmdir af, þá kæmi ekki til mála að stofna til slíks sambands. Ég valdi sjálfur þann starfsvettvang sem ég starfa á og þar er best að vera einn á ferð. En hvers vegna spyrð þú svona?“

„Vegna þess“, svaraði hún, „að mig vantar herra fyrir dömu á síðkjólaball um jólin og þú ert alveg tilvalinn ef þú verður í landi. Þessi stúlka er úr Reykjavík og er að læra hjúkrun. Hún á að fara út á land og valdi að koma hingað. Hún kemur með Esjunni rétt fyrir jólin og verður hérna hjá mér yfir hátíðarnar og fer síðan að vinna á sjúkrahúsinu hérna.“

„Jæja, systir góð. Ég get alveg eins heitið á þig eins og hvað annað og ég skal gera þetta fyrir þig ef við verðum komnir heim fyrir jólin. En nú verð ég að fara, því tíminn líður.“

Siglingin til Vestmannaeyja

Ég fór síðan heim til mömmu og borðaði þar. Áður en ég fór fékk ég mömmu eitthvað af peningum til jólagjafakaupa. Einnig geymdi hún sparisjóðsbókina mína. Mér fannst hún best geymd hjá henni ef eitthvað kæmi fyrir mig. Síðan kvaddi ég heima og fór um borð. Skipstjórinn, Magnús Jónsson, og tveir hásetar, þeir Ásgrímur Benediktsson og Jón Magnússon, tóku það sem eftir var af hádegisvaktinni en við Haraldur Valdimarsson frá Blámýrum fórum í koju. Þegar við tókum við kl. 4 vorum við komnir út af Galtarvita. Það var norðaustan allhvass vindur og þungur sjór. Skipstjórinn kvaðst vera með flensu og bað mig að taka fyrir sig næstu vakt. Ég sagði það sjálfsagt.

Við ösluðum áfram vestur með Núpunum og gátum haldið fullri ferð á undanhaldinu. Hann settist í báruna og fyllti gangana og seig í næstu báru. Þá tók skuthúsið við og lyfti honum að aftan svo að hann hellti öllum sjónum fram dekkið, sem síðan rann út yfir lunninguna og lensportin. Þegar við nálguðumst Látraröstina grynnkaði ég á okkur þar til við vorum komnir á mið sem heitir að vera á Gatinu. Þá er farið yfir röstina grunnt út af Bjargtangatánni á 20 faðma dýpi. Þar er röstin mjóst og fljótfarið yfir hana þó að tveimur til þremur mílum utar sé hún svo til ófær. Þeir tóku nú við vaktinni, Ásgrímur og Jón. Haraldur fór niður á sína kojuvakt en ég fór inn í kortaherbergið inn af stýrishúsinu og hafði hurðina opna á milli og lagði mig svo á bekkinn og bað vaktina að vekja mig strax ef eitthvað óvænt bæri að. Þegar við Halli komum aftur á vakt vorum við að nálgast Snæfellsjökul í batnandi veðri. Við héldum svo áfram suður fyrir Reykjanes og náðum til Vestmannaeyja næsta dag. Þar tók á móti okkur Sighvatur Bjarnason, sem var tengdabróðir skipstjórans okkar. Þeir settust strax að sumbli niður í káetu og bað skipstjóri mig að fara í land og ganga frá pappírum á sýsluskrifstofunni. Ég fór í land með skipsdagbókina, skoðunarvottorð skipsins og hleðsluvottorð, ásamt starfsréttindaskírteinum mínum og skipstjóra og skýrði frá væntanlegum farartíma frá Vestmannaeyjum og væntanlegum komutíma okkar til Fleetwood.

Eftir að þessir pappírar höfðu verið stimplaðir fór ég á skrifstofu herstjórnarinnar og tók þar við og kvittaði fyrir bréfi sem á stóð, að ekki mætti opna fyrr en komið væri út fyrir landhelgi. Ennfremur sendu þeir mann um borð til þess að sannreyna að innsigli talstöðvarinnar hefði ekki verið rofið. Þetta bréf herstjórnarinnar innihélt fyrirmæli um hvernig siglingunni skyldi hagað. Við áttum að halda fyrst langt vestur í haf og nálgast síðan Írland vestan frá.

Þessi krókur hefði lengt túrinn hjá okkur um heilan sólarhring og þar með aukið hættuna á að skemma fiskinn. Eftir að Bretar flýðu frá Frakklandi lokuðust allar Ermarsundshafnirnar svo að öll birgða- og herflutningaskipin frá Ameríku urðu að fara norður fyrir Írland og þaðan inn Kanalinn til Glasgow og Liverpool, sem voru þá aðaluppskipunarhafnirnar. Þá hópuðust þýsku kafbátarnir þar saman og lágu niðri á dýpinu á daginn en komu svo upp í myrkrinu og skutu þá á allt sem þeir sáu.

Richard ÍS-549.

Öll stærri skip skutu þeir með tundurskeytum en togara og önnur minni skip skutu þeir með fallbyssum. Á þessum slóðum skutu þeir Reykjaborg, Pétursey, Jón Ólafsson og Jarlinn og fleiri skip og höfðu fyrirmæli um að hreinsa til með vélbyssum svo að enginn væri til frásagnar. Mennirnir tveir sem björguðust af Reykjaborg sluppu lifandi vegna þess að þeir fóru ekki upp á flekann fyrr en kafbátaurinn var farinn, heldur héngu utan á flekanum meðan þeir sáu kafbátinn.

Eftir stoppið sem þessi skipatöp leiddu af sér fórum við að fara austar yfir hafið og taka land við Butt of Lewis sem er á austurenda Hebrideseyja og sigldum síðan suður sundin milli Hebrideseyja og Skotlands. Þetta voru þröng sund og skerjótt og vandfarin í myrkri en eftir að hafa farið þau í björtu fór maður að þekkja leiðina. Þá kom maður um Jurasund út í Kanalinn og var þá kominn inn fyrir hættulegustu kafbátasvæðin, en þá var aftur meiri hætta á árás frá þýsku flugvélunum sem voru að gera árásir á Glasgow og Liverpool.

Ævintýri Palla Færeyings

Herstjórnin lét setja einn riffil og eina létta vélbyssu, sem tók hundrað skot, í hvert skip og lögðu áherslu á, að ef við yrðum varir við þýskar flugvélar að byrja þá strax að skjóta, því þær legðu sig síður í hættu fyrir svo lítið skip ef þær yrðu varar við mótspyrnu. Ein kúla sem hitti vel gæti eyðilagt annan mótorinn eða jafnvel drepið flugmanninn. Við gripum þó aldrei til byssunnar þó við sæjum þýskar flugvélar ef þær sneru sér ekki beinlínis að okkur, og allra síst eftir ævintýrið hans Palla vinar míns frá Færeyjum. Palli var strákur á aldri við mig og var stýrimaður á skipi frá Færeyjum, sem faðir hans átti en hafði verið leigt til Vestmannaeyja. Við lágum síðbyrt við bryggjuna um tíma og urðum málkunnugir þar.

Þeir fóru svo nokkru á undan okkur af stað til Fleetwood. Þegar þeir komu í Kanalinn kom þýsk flugvél og byrjaði að skjóta á þá. Palli greip þá til byssunnar og skaut á móti nokkra stund. Þá kom ensk flugvél og byrjaði að skjóta á þá þýsku. Þá hætti Palli. Allt í einu hrapaði enska vélin en sú þýska flaug burt. Þeir sáu hvar enska vélin lenti í sjónum stutt frá þeim og fundu flugmanninn sem flaut í gulu lífbelti. Þeir töldu hann með lífsmarki og björguðu honum um borð til sín en hann dó nokkru síðar. Þegar þeir komu í land og sögðu frá komu hermenn og tóku líkið og fóru með það. Skömmu síðar komu hermennirnir aftur og tóku Palla og fóru með hann í land. Þar settu þeir hann í fangelsi og sendu hann síðan til London, þar sem hann var dreginn fyrir herrétt og sakaður um að hafa skotið niður enska eftirlitsflugvél og drepið flugmanninn. Sagan um þýsku flugvélina væri bara lygi frá upphafi, en Palli stóð fast á sínum framburði. Á þessu gekk í hálfan mánuð. Þá var Palla kastað út á götu og sagt að koma sér sjálfur til Fleetwood og láta aldrei sjá sig meir. Hann stóð nú þarna allslaus en tókst svo að finna Hjálpræðisherinn og fékk að vera þar og komast símleiðis í samband við umboðsmann skipsins sem sendi honum peninga svo að hann kæmist til Fleetwood aftur.

Skipalestir í stríði

Við fórum frá Vestmannaeyjum í allhvassri norðaustanátt sem Veðurstofan sagði að færi minnkandi. Þá mátti ekki útvarpa veðurfregnum, heldur voru þær hringdar til símstöðvanna, sem hengdu þær síðan út í glugga þar sem almenningur gat lesið þær. Við settum stefnuna á Butt of Lewis, sem er á norðurenda Hebrideseyja. Vindur og sjór var þvert á bakborða, báran gekk inn á bakborða og út á stjórnborða svo hann var alltaf lunningafullur, en það kom ekki að sök því engin umferð var um dekkið þar sem allir sváfu aftur í. Veður fór batnandi eftir því sem fjær dró landinu og eftir sólarhrings siglingu var komið logn.

Skipstjórinn var enn með flensu og lá í rúminu. Ég var á stjórnpalli allar nætur en lagði mig á bekkinn í kortaherberginu á daginn og hafði hurðina fram í brúna opna og lagði svo fyrir að ég yrði vakinn strax ef vaktin sæi til skipa eða eitthvað bæri út af. Það var alltaf siglt ljóslaust og myrkrið var kolsvart þegar ekki gætti tungls. Það var þetta eilífa kolsvarta myrkur og sú ásiglingarhætta sem því fylgdi sem var farið að fara í taugarnar á manni síðustu árin sem stríðið stóð. Á norðurenda Skotlands er staður sem heitir Loch Ewe. Þar er gott skipalægi og þar var safnað saman skipum í skipalestir, sem sigldu í skipulegum röðum til Íslands og síðan til Rússlands undir gæslu herskipa úr Hvalfirði. Bilið milli skipa í lestinni átti að vera um 50 metrar og hvert skip dró á eftir sér fleka í 50 metra langri línu sem tók inn sjó að framan og spýtti honum svo út um trekt að

Orkubú Vestfjarða hf.
Stakkanesi 1 · Ísafirði · Sími 450 3211
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða.

NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða.

Bæjarstjórn Bolungarvíkur sendir íbúum sveitarfélagsins og viðskiptavinum sínum bestu jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir hið liðna.
Bæjarstjórinn

ÍSLANDSBANKI
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

aftan, sem var sveigð upp á við svo að vatnið myndaði gosbrunn sem næsta skip fyrir aftan átti að hafa við stefnið hjá sér til að varast að sigla fram á næsta skip. Hverri lest fylgdu svo nokkrir tundurspillar og korvettur sem voru á eilífu flökti til og frá að leita að kafbátum, svo ásiglingarhættan var mikil þegar myrkur eða dimmviðri var. Línuveiðarinn Fjölnir frá Þingeyri lenti í árekstri og sökk. Þar fórust fimm menn. Eldborgin frá Borgarnesi lenti í árekstri og laskaðist svo, að hún varð að snúa aftur til Vestmannaeyja til viðgerðar.

Þar sem ég stóð við glugg-ann og rýndi út í myrkrið sá ég allt í einu einhverju hvítu bregða fyrir framundan á bakborðsbóginn, og nú aftur, og þá var ekki um að villast, þetta var bógalda frá stóru skipi sem þarna var á ferð og var rétt að komast yfir stefnu okkar. Rétt á eftir kallaði hásetinn sem var í stjórnborðsglugganum:

„Skip á stjórnborða, við erum komnir yfir stefnu þess“, sem þýddi að við vorum komnir inn í skipalest, sem var á norðurleið. Ég breytti nú stefnu okkar sem næst því að vera gagnstæð við stefnu skipalestarinnar og sáum við þá fljótlega skip á bæði borð. Síðan komu gosbrunnarnir í ljós og svo næstu skip, svo að við gátum haldið okkur í sundinu milli raðanna. Það vildi okkur til að veðrið var gott svo raðirnar voru skipulegar, en í brælu vildu raðirnar riðlast og þá gat ástandið versnað og ásiglingarhættan aukist. En við sluppum vel í þetta sinn og þegar við vorum vissir um að vera komnir í gegn gátum við komist á okkar fyrri stefnu aftur.

Kafbáti sökkt

Óðum leið á nóttina og fór að draga að morgni. Skömmu síðar fór að birta og sólin að koma upp. Ég fór að líta í kringum okkur og sá þá korvettu sem var að snúast í þriggja mílna fjarlægð framan til á bakborðsbóg. Það var venjan þegar skipalest varð fyrir árás og missti eitthvert skip, að þá varð lestin að halda áfram og mátti ekki reyna að bjarga neinu, heldur var sent herskip á staðinn til þess að hirða upp þá sem fundust lifandi á flekum eða bátum og það var þetta skip sýnilega að gera. Mér varð nú gengið á stjórnborða og opnaði hliðarglugga þeim megin, því að þar var undan sól að sjá og sást langt til. Ég sá enga skipaferð þeim megin, en samt sá ég glampa á eitthvað á sjónum um það bil eina mílu frá okkur, og nú sá ég að þetta var eins og staur með hnúð á endanum. Mér brá illilega þegar ég gerði mér grein fyrir því að þetta var sjónpípa á kafbát. Eitthvað hef ég hrokkið við því Haraldur var strax kominn við hlið mér og sá þetta líka.

„Hvað nú?“ spurði Haraldur.

„Við skulum vera rólegir, Haraldur minn. Hann kemur ekki upp til þess að skjóta á okkur á meðan korvettan er þarna.“

Haraldur fór nú aftur að stýrinu en ég gekk inn í kortaklefann og tók ljósamorslampa sem stóð þar í skáp. Síðan gekk ég út á brúarvænginn bakborðsmegin og setti lampann þar á statíf sem var fyrir hann og dró fram hlífarnar sem vörnuðu því að merkin sæjust frá öðrum en þeim sem lampanum var miðað á. Ég sendi nú kallmerki nokkrum sinnum í röð og beið svo eftir svari, sem kom með stuttum glampa frá skipinu. Ég lét nú skeytið fara: „Það er kafbátur á stjórnborða við okkur um eina mílu frá, hann siglir sömu stefnu og við og á svipuðum hraða.“

Svarið kom strax með stuttum glampa. Um leið sást svartur reykur stíga upp úr skorsteininum, sem sýndi að vel var spýtt í vélina og hvít röstin aftur undan skrúfunni lengdist. Stefna korvettunnar var á þann stað sem við höfðum gefið upp og lá nú yfir okkar stefnu. Ég bað Harald beygja í bakborða og koma í norðaustur.

„Við eigum nú bóginn fyrir hann“, sagði Halli í þrjósku.

„Herskip eiga alltaf bóginn, Halli minn, við skulum stýra í norðaustur og láta síga um tvö strik til hvorrar handar til skiptis.“

Ég vildi komast sem lengst frá átakasvæðinu og varast að lenda í skotlínunni. Pétur Sigurðsson sjóliðsforingi kenndi okkur það í Stýrimannaskólanum, að ef við vissum hvaðan yrði skotið á okkur væri eina ráðið að snúa frá. Það væri verra að hitta skip eftir endilöngu heldur en frá hlið. Svo væri stjórnpallurinn fremst í yfirbyggingunni og kúla sem hitti skipið þyrfti að komast gegnum alla yfirbygginguna áður en hún gæti gert usla á stjórnpallinum. Korvettan kom nú á fullri ferð og þegar hún nálgaðist staðinn sem við höfðum gefið upp var hún eina og hálfa mílu frá okkur. Þar lét hún fimm djúpsprengjur fara hverja á eftir annarri. Höggin sem dundu á bátnum hjá okkur voru eins og hann væri laminn með sleggjum. Korvettan rann nú áfram nokkurn spöl og sneri svo við og lét aðra hrinu af djúpsprengjum fara og lá svo kyrr á staðnum. Við komum þá aftur á okkar fyrri stefnu og héldum ferðinni áfram.

Skömmu síðar sáum við töluvert brak á sjónum, lestarhlera og kassa og lífbát sem maraði í kafi og nokkur lík í beltum en ekkert lífsmark neins staðar. Nokkru síðar kom korvettan vaðandi fram með síðunni á okkur og sendi merki um að stöðva skipið strax. Ég hlýddi því og setti báða vélsímana á stopp. Jafnframt sá ég að bátur sem hangið hafði í davíðum var sjósettur og mannaður fjórum mönnum. Þegar báturinn nálgaðist sást að um borð voru tveir menn með léttar vélbyssur, einn stýrði en sá fjórði stóð miðskips og hélt á tösku í hendinni. Ég bað Harald að fara niður og taka á móti enda ef þeir vildu festa bátinn.

Korvettumenn koma um borð

Þegar þeir komu að síðunni rétti liðsforinginn Haraldi töskuna og stökk svo liðlega yfir á lunninguna hjá okkur. Haraldur fylgdi honum síðan upp í brú til mín þar sem hann heilsaði með handabandi og kynnti sig sem foringja í breska sjóhernum. Hann óskaði eftir að fá að sjá alla pappíra skipsins. Ég fékk honum umslagið sem ég hafði fengið í Vestmannaeyjum, þar sem fram kom nafn og númer skipsins og að farmur þess væri fiskur, farartími frá Vestmannaeyjum og væntanlegur komutími til Fleetwood. Ennfremur rak hann augun í starfsskírteini mitt og skipstjórans og spurði hvar hann væri. Ég sagði honum að ég væri stýrimaður á skipinu en skipstjórinn væri veikur og væri í koju. Hann gæti litið niður til hans ef hann vildi, sem hann og gerði, en kom strax upp aftur og kvað rétt vera, því hann væri sofandi og greinilega með hita.

„En hvað ert þú að gera hér svona austarlega ef þú ert á leiðinni til Fleetwood?“

„Það kemur til af því að þegar Bretar fóru frá Frakklandi lokuðust allar Ermarsundshafnirnar á Englandi og þá fóru amerísku og ensku hergagnaflutningaskipin að sigla norður fyrir Írland og þaðan inn Írska kanalinn til Glasgow og Liverpool, sem þá urðu aðaluppskipunarhafnirnar. Þá hópuðust þýsku kafbátarnir á svæðið fyrir vestan Barra Head og lágu þar niðri á dýpinu á daginn en komu svo upp þegar dimmdi og skutu á allt sem hreyfðist. Á flutningaskip brúka þeir tundurskeyti en á togara og önnur minni skip brúka þeir fallbyssur og hreinsa svo til með vélbyssum á eftir ef einhver hreyfing sést. Á því svæði voru skotin flestöll skipin sem við misstum. Þá fórum við að fara austar yfir hafið og taka land við Butt of Lewis, sem er á austurenda Hebrideseyja, og sigla síðan suður sundin milli Skotlands og Hebrideseyja. Þá komum við svo sunnarlega inn í Kanalinn að við vorum komnir inn fyrir verstu átakasvæðin. Á vestara svæðinu voru líka endalaus átök milli breskra herskipa og þýskra kafbáta og engin sæld að vera þar í kolsvarta myrkri og stanslausri skothríð, vitandi að hvenær sem var gæti maður lent í skotlínunni.“

„Hvar eru fyrirmælin sem þið fenguð frá herstjórninni í Vestmannaeyjum um það hvernig þið ættuð að haga siglingunni?“

Nú fór í verra. Ég vissi vel hvar bréfið var, en að láta hann sjá að við höfðum ekki einu sinni opnað það gat haft verri afleiðingar, þar sem hann var því ókunnugur hvernig við litum á þessi fyrirmæli. Ég þóttist leita í skúffunum undir kortaborðinu en fann ekkert.

„Kannski að skipstjórinn hafi tekið það niður. Ég má ekki yfirgefa stjórnpallinn eins og er. Mundir þú vilja skjótast niður og gá í skúffuna undir skrifborðinu?“

Hann sagði það sjálfsagt og hvarf niður stigann. Ég greip bréfið þar sem það lá undir kortunum og opnaði vasahnífinn minn og skar bréfið upp og kallaði um leið að ég væri búinn að finna bréfið.

„Það er eins gott“, sagði hann, „því skipstjórinn er steinsofandi og ekki líklegur til þess að vakna í bráð og lyktin er eins og í viskíverksmiðju. Sjáðu nú til“, sagði hann og benti á bréfið. „Finnst þér ekkert athugavert við það að ég skuli hitta þig hér, hundrað mílum austar en þú átt að vera samkvæmt þessum fyrirmælum, og í slagtogi við þýskan kafbát að auki?“

„Þessi fyrirmæli gilda fyrir skip sem flytja vörur sem þola geymslu, en tíminn sem fer í að fylgja þeim mundi skemma eða eyðileggja fiskinn. Við förum því alltaf stystu leiðir og alltaf einskipa. Um kafbátinn er það að segja, að hann hefði löngu verið búinn að skjóta okkur í rusl ef hann hefði ekki vitað af ykkur þarna og ætlað sér þar stærri bita, því hann hefur heyrt skrúfuhljóðið frá ykkur og þið frá honum.“

„Já, við heyrðum vissulega skrúfuhljóð frá ykkur en þótti það ótrúlega sterkt. En þegar þú sagðir frá kafbátnum, þá vissum við strax hvað klukkan sló. Við settum þá strax á fulla ferð og þá hefur hann orðið þess var og kafaði strax og kom þá beint inn á asdikkið hjá okkur. Þá var hann alveg dæmdur því hann var ekki kominn nema á 10 metra dýpi þegar hann fékk fyrri sprengjurnar og virtist fara í klessu strax og byrjaði að sökkva. Seinni hleðsluna létum við fara til öryggis og þá kom upp olía og drasl og tvö lík, sem sýndi að hann var alveg farinn. Og mátti alveg missa sig, því hann náði tveim skipum úr lestinni hjá okkur í gærkvöldi. Við vorum einmitt að enda við að hreinsa svæðið þegar þið komuð. Jæja, úr því sem komið er, þá er líklega best að leyfa þér að halda áfram ferð þinni og tefja ekki lengur. Ég vona að ykkur gangi vel. Ég fer að elta uppi lestina sem ég átti að fylgja svo að ég nái henni aftur fyrir myrkrið.“

Ég bað hann bíða aðeins og skaust niður í skipstjóraherbergið og náði í tvær viskíflöskur úr áteknum kassa sem þar var. Hann varð brosleitur og opnaði töskuna sína og þakkaði fyrir. Ég bað Harald að fylgja honum niður og koma við í matsalnum þar sem lúgan á afturlestinni var og ná í lúðu sem hafði verið látin ofan á yfirísinguna og láta hana í bátinn svo brytinn gæti eldað fyrir þá fiskisúpu í kvöldmatinn. Þeir veifuðu mikið og þökkuðu kærlega fyrir sig þegar þeir fóru. Við héldum síðan ferðinni áfram og náðum að lóðsinum við Fleetwood að kvöldi næsta dags.

Í Fleetwood

Við vorum teknir strax inn í fiskihöfnina. Umboðsmaður félagsins sem seldi fiskinn kom um borð og sagði okkur að fiskinum yrði landað um kl. fjögur að morgni. Hann lét okkur hafa peninga og bað mig að koma á skrifstofuna að morgni með pöntunarlista fyrir kokkinn og vélarrúmið. Síðan fór hann í land og tók skipstjórann með sér. Það kom vaktmaður úr landi svo allir gátu farið í land sem það vildu, en sjálfur fór ég að sofa, því ég þurfti að vera á vakt yfir lönduninni meðan hún stóð yfir og þangað til búið væri að selja og fiskurinn kominn í hendur kaupanda. Um níuleytið fór ég í land og í verslun Choins, sem var Gyðingur en vel þekktur meðal íslenskra sjómanna fyrir að vera heiðarlegur og traustur. Þar pantaði ég tvíhnepptan smóking, skyrtu, sokka og skó. Ég var mældur á alla enda og kanta og lofaði karlinn að pakka þessu öllu í einn góðan kassa, því að hann yrði ekki opnaður fyrr en heima á Ísafirði. Síðan borgaði ég allt saman. Eftir það fór ég á skrifstofuna með listana frá kokknum og vélstjóranum. Þá sagði umboðsmaðurinn mér að við ættum að taka sement í frakt heim. Þar sem bannað var að hreyfa vél innan fiskihafnar kom dráttarbátur og færði okkur að kantinum þar sem sementið beið á vögnum.

Þegar löndunarkarlarnir voru búnir að þrífa lestina og stafla öllum lestarborðunum í fremstu stíurnar kom vagn með stórt hlass af grófum hálmi sem dreift var um lestargólfið og upp í síðurnar til

H-PRENT
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða.

FISKVINNSLAN KAMBUR ehf
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða.

Prentsmiðjan Oddi hf.
Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jóla- og nýárshátíð og þökkum árið sem er að líða.

oddi hf
Óskum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og Vestfirðingum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

þess að verja sementið fyrir bleytu. Ég varð að vera niðri í lestinni meðan á lestun stóð til þess að gæta þess að pokunum væri staflað í sléttar stæður, annars hefðu þeir bara híft stroffuna undan og látið pokana liggja í einum haug þar sem þeir voru komnir. Sement er miklu eðlisþyngra en fiskur þannig að lestin var ekki nærri full þegar skipið var komið á hleðslumörk. Ég lét nú laga vel til í lestinni og gæta þess að hvergi væri tómarúm úti við síðurnar sem gæti valdið hættu ef við fengjum hliðarvelting á heimleiðinni. Þrátt fyrir nöldur í körlunum yfir þessu nostri breikkaði á þeim brosið þegar ég fékk formanninum tvö pund og sagði honum að gefa þeim bjór fyrir góða vinnu. Við gengum svo sjálfur í að loka lestum og sjóbúa. Þegar því var lokið gaf ég öllum frí til kl. 10 um kvöldið. Sjálfur fór ég upp á skrifstofu og tók við uppgjörspappírum fyrir sölluna á fiskinum og kvittaði fyrir úttektinni.

Þegar þessu snatti var lokið var klukkan að verða sex og bjórstofurnar farnar að opna. Ég vissi nokkuð vel hvert mínir menn hefðu farið og gekk því við á sjoppu sem hét Rauða ljónið og fann þá þar. Ég settist við borð hjá Haraldi og við fengum okkur nokkra bjóra áður en við fórum um borð. Rétt fyrir kl. 10 kom umboðsmaðurinn um borð með skipstjórann með sér og lóðsinn. Þá voru festar leystar og haldið áleiðis heim.

Illviðri við Íslandsstrendur

Við fórum sömu leið til baka og fengum gott veður þar til við fórum að nálgast landið. Þá fór að vinda af austri. Þegar við áttum eftir 40 mílur í Dyrhólaeyjarvita tók ég radíómiðun af honum og Stórhöfðavita í Vestmannaeyjum og sýndi skipstjóranum staðinn á vaktaskiptunum. Hann tók síðan við vaktinni með sínum mönnum en við Haraldur fórum í kojuna. Þegar við Haraldur vorum ræstir út á næstu vakt hafði heldur orðið breyting á. Það var kominn austan stormur og mikill sjór.

Skipinu hafði verið snúið upp í og andæft upp í sjó og vind. Skipstjóri sagði að veður hefði farið versnandi alla vaktina og fyrir hálftíma hefði hann tekið inn vegmælirinn og snúið skipinu upp í. Hann sagðist ekki hafa þorað að senda mann fram á dekk til þess að taka tappann úr olíutunnunni sem var bundin föst við hvalbakshornið á stjór, en í hana var látin öll úrgangsolía þegar skipt var um olíu á vélunum. Ég hafði stundið gat á hana með melspíru og rekið trétappa í gatið. Við höfðum oft látið leka úr henni þegar við fengum mikið undanhald. Þar sem ekkert annað loftgat var á tunnunni lak olían mjög hægt úr henni og brákaði sjóinn svo aldrei braut upp úr báru þó allmikill sjór væri.

Þegar skipstjórinn hafði litið með mér yfir kortin og fyllt út dagbókina fyrir sína vakt, þá sagði hann mér að sér hefði orðið kalt og það væri hrollur í sér og bað mig að taka næstu vakt fyrir sig.

„Þú heldur svo áfram strax og þér þykir fært."

Haraldur vinur minn hafði tekið við stýrinu og var heldur stúrinn á svipinn.

„Við komumst seint heim með þessu lagi", sagði hann. „Það hefði verið allt í lagi að halda áfram ef þeir hefðu tekið tappann úr tunnunni áður en ófært varð á dekkinu en héðan af fer enginn fram á dekk fyrr en hægir verulega og það getur orðið bið á því."

„Við skulum nú sjá til, Halli minn", sagði ég og fór inn í kortaherbergið.

Ég tók nú sem öruggasta radíómiðun af Dyrhólaey og Stórhöfða og fékk þá nokkuð öruggan fararstað. Við höfðum ætlað okkur að fara milli lands og Eyja en það var sýnilega ekki hægt. Þá hefðum við haft vind og sjó á stjórnborðshornið og það var ekki hægt. Ef við ætluðum að halda áfram urðum við að halda beint undan sjó og vindi en þá mundum við lenda milli Eyja og Geirfuglaskers. Ég tók nú herstjórnarriffilinn úr statífinu og tvö skot í hann. Öðru renndi ég í skothylki byssunnar en stakk hinu í vasann á úlpunni minni og gekk svo fram í brúna.

„Hvað er nú á seyði, elsku vinur?" spurði Haraldur. „Hér er ekkert til að skjóta á, ekki einu sinni múkki."

Ég opnaði gluggann og sætti lagi þegar hlé varð á ágjöfinni og miðaði neðst á tunnuna og hleypti af. Síðan sást svart gat við hliðina á tappanum og ljóst var að það byrjaði strax að drjúpa olía úr gatinu. Sjórinn á dekkinu byrjaði strax að brákast og brákin barst aftur af skipinu og þar myndaðist brákarblettur sem aldrei braut upp úr. Ég flautaði nú niður í vél til Snorra og bað hann að stöðva bakborðsvélina og athuga olíuna á henni, ég þyrfti að nota hana á fullu innan skamms tíma. Á meðan var aðeins hálf ferð á annarri vélinni og sakkaði báturinn það mikið aftur á bak að hann var kominn á lygnublettinn sem aldrei braut upp úr, þó sjórinn væri alltaf jafnmikill. Þegar Snorri hafði sett bakborðsvélina aftur í gang bað ég Halla að snúa stýrinu hart í stjórnborða og setti bakborðsvélina á fulla ferð áfram.

Báturinn snerist nú strax og á næstu báru var hann flatur fyrir og velti miklum sjó inn yfir bakborðslunninguna og fyllti dekkið en velti því svo út á stjórn og hélt beygjunni áfram. Þegar hann var kominn á stefnuna beint undan sjó og vindi setti ég á hæga ferð á báðum vélum. Þá var ljóst að allt gæti gengið vel ef aldrei braut upp úr, sem átti ekki að gerast meðan olían entist á tunnunni. Við létum nú síga svona undan veðrinu alla nóttina og fram á næsta dag. Ég fylgdist vel með miðunum og

Á stríðsárunum var mikill hluti vertíðaraflans fluttur ísvarinn til Bretlands. Hér liggur ms. Richard ásamt erlendum fisktökuskipum við Bæjarbryggjuna á Ísafirði. Ljósmynd: Martinus Simson. Myndin er tekin úr bækinni Frá línuveiðum til togveiða eftir Jón Pál Halldórsson.

þegar við vorum komnir vestur fyrir Vestmannaeyjar fór ég að miða Reykjanes. Þá kom í ljós að með sömu stefnu mundum við lenda langt vestur af Reykjanesi. Nú hafði heldur dregið úr veðrinu og olían á tunnunni var greinilega farin að minnka. Ég breytti nú stefnunni um átta strik og lét hann hafa vind og sjó þvert á stjórnborða. Ég lét hann hafa fulla ferð á báðum vélum en stóð sjálfur við vélsímann stjórnborðsmegin og setti hann á stopp ef slæmt brot nálgaðist. Þá hálsaði hann upp í og tók brotið inn á hvalbakshornið og á vantinn á stjórnborða svo úr því var mesti krafturinn áður en það lenti á yfirbyggingunni.

Vestur um til Ísafjarðar

Þannig kjöguðum við áfram það sem eftir lifði nætur og fram á næsta dag. Þá var farið að draga úr mesta veðurofsanum. Við fórum fyrir Reykjanes eftir miðjan dag og settum stefnuna norður með fyrir Garðskaga og þaðan fyrir Snæfellsnes og nú var hægt að halda fullri ferð. Um kl. 6 um morguninn á Þorláksmessudag vorum við komnir í landvar vestur af Jöklinum. Ég sendi vaktina niður til skipstjórans til þess að láta hann vita hvert við værum komnir. Hann kom upp aftur og sagði skipstjórann sofandi og kófsveittan og sennilega með hita. Ég ákvað nú að stoppa hér og hvíla mig. Ég var búinn að vera uppi á þriðja sólarhring. Ég bað Harald, sem var þaulkunnugur á þessum slóðum, að láta bara reka hér í landvarinu og vekja mig eftir þrjá klukkutíma. Niðri í borðsal hitti ég kokkinn, sem spurði hvort hann fengi nú frið til að elda. Ég bað hann steikja fyrir mig egg ofan á tvær brauðsneiðar meðan ég væri að þvo mér, og sjá svo um að allir væru búnir að borða þegar ég væri vakinn. Ég hakkaði nú í mig tvær brauðsneiðar með steiktu eggi og skolaði þeim niður með einni flösku af bjór. Stakk mér síðan inn í herbergið mitt og var sofnaður áður en ég var lagstur út af.

Kokkurinn ræsti mig eftir þrjá tíma og sagði mér að allir væru búnir að borða og við gætum haldið áfram þess vegna. Ég bað hann að segja Halla að setja á ferð norður með og að ég kæmi strax og ég væri búinn að borða. Á borðum var glóandi kjötsúpa. Þegar ég var búinn að borða og klæða mig í úlpuna tók ég eftir því að efst lá svo fallegur leggbiti að ég greip hann og stakk honum ofan í bréfpoka sem ég fann í skápnum og síðan í vasa minn, minnugur þess að við yrðum minnst fjóra tíma að Bjargi og yfir Breiðafjörðinn mætti búast við veltingi og látum. Við fórum nú fyrir Öndverðarnes og settum stefnuna á Stálfjall. Ég var vanur því á þessari leið að setja stefnuna heldur innarlega yfir Bugtina norður á Flákann. Þá nýttist betur útstraumurinn meðfram Bjarginu. Mér fannst alltaf betra að nálgast röstina innan frá heldur en að fara dýpra og sækja svo á móti straumi til þess að komast upp á Gatið þar sem best var að fara yfir hana.

Það gekk vel yfir röstina og norður með Núpunum. Það var norðaustan þræsingur og mikill sjór svo ágjöf var mikil, en það var frostlaust sem betur fór svo ekkert ísaði. Þegar við vorum komnir norður fyrir Barðann fór ég niður og vakti skipstjórann. Hann sagði að sér liði nú mikið betur og bað um að láta senda sér heitt vatn svo að hann gæti þvegið sér og rakað sig. Það fóru nú allir að þvo sér og raka sig og skipta um föt, því enginn hafði farið úr fötum síðan við fórum frá Englandi.

Við komum svo að bryggju á Ísafirði á aðfangadagsmorgun. Á bryggjunni beið Ólafur Ásgeirsson tollari og kom um borð. Síðan var látið síga frá aftur meðan hann fór yfir tollskýrslur og fleira. Þegar við komum aftur að bryggjunni kom Björgvin Bjarnason um borð og bauð okkur velkomna. Við skyldum bara binda vel og fara svo hver heim til sín, hann myndi láta verkstjórann í landi sjá um skipið. Sementinu yrði landað milli jóla og nýárs og skipið síðan leigt til Gæslunnar eins og áður.

Í þjónustu Landhelgisgæslunnar

Á þeim árum var venja að Landhelgisgæslan tæki á leigu fjóra báta, einn í hverjum fjórðungi, til landhelgisgæslu og aðstoðar við fiskiflotann, hvern á sínu svæði, í janúar, febrúar og mars. Að því loknu var aftur tekið til við fiskflutningana, aðallega frá Vestmannaeyjum, og náðust oft þrír til fjórir túrar í apríl og maí. Þegar við vorum við eftirlitið sendi Gæslan skipstjóra frá sér um borð, sem voru misjafnlega lengi hver. Ég man sérstaklega eftir Gunnari Gíslasyni frá Papey, Haraldi Björnssyni og Hannesi Friðfinnssyni frá Reykjavík. Venjan var að skipstjóri og stýrimaður sem fyrir voru máttu skipta með sér stýrimannsplássinu. En þar sem skipstjórinn okkar var fjölskyldumaður kaus hann frekar að vera heima hjá fjölskyldunni þann tíma. En ég var laus og liðugur og hafði ekkert á móti því að vinna með þessum þaulreyndu mönnum, sem ég vissi að ég gæti mikið af lært.

Eftirlitinu var þannig háttað, að þegar bátarnir voru á sjó, þá héldum við okkur á veiðislóðinni og höfðum miðunarstöðina stillta á neyðarbylgjuna og var alltaf annað hvort skipstjóri eða stýrimaður á vakt við hana. Það gat riðið á miklu að ná strax miðun af þeim sem óskaði aðstoðar. Ég fékk góða tilsögn og æfingu í að nota miðunarstöðina og ljósamorslampa til samskipta við eftirlitsskipin og varðstöðvar hersins, sem hafði aðsetur í hverjum firði og allir urðu að gera grein fyrir ferðum sínum hvort sem var að nóttu eða degi. Þá var oft flýtir að því að gera strax grein fyrir sér með morslampa áður en maður kom að viðkomandi höfn.

Hetjur eða huglausir aumingjar?

Ég fór á jólaballið með dömunni hennar systur minnar og við skemmtum okkur konunglega. En þegar við komum aftur frá Vestmannaeyjum og tími vannst til að athuga málin var hún farin suður aftur.

„Það eru fleiri fiskar í sjónum, systir mín", sagði ég og hló.

Þetta vor lauk heimsstyrjöldinni og létti þá mörgum. Nú máttu menn sigla með fullum ljósum og allir vitar sýndu fullt ljósmagn. Vissulega skildi stríðið eftir mörg sár sem aldrei gátu gróið. Konur sem urðu ekkjur og börn sem urðu föðurlaus. Vissulega batnaði fjárhagur þeirra mikið eftir að við börðumst fyrir því að stríðstryggingar yrðu greiddar fyrir hvern sjómann sem týndist. Áður þurfti að sanna að viðkomandi skip hefði farist af hernaðarvöldum. Jafnframt fengum við samþykkta kröfu okkar um áhættuþóknun, sem allar útlagastjórnir sem gerðu út skip frá Englandi til siglinga á sama svæði og við fórum um höfðu greitt sínum sjómönnum.

Þegar við stoppuðum allar siglingar til þess að leggja áherslu á þessar kröfur okkar, þá kölluðu sum dagblöðin og ýmsir alþingismenn okkur huglausa aumingja og áhættuþóknunina hræðslupeninga. En á næsta sjómannadegi stigu þeir í stólinn og töluðu um hetjur hafsins og hermenn þjóðarinnar.

Það má með sanni segja að skjótt skipast veður í lofti.

– Pétur Bjarnason.

Finnst hljóðin í fiskvinnslu-tækjum vera skemmtilegri en Rás 2 og Bylgjan til samans

– er að ljúka BA-prófi í upptökufræðum og kominn með útgáfu-samning við Accidental Records

Heimshornaflakkarinn og tónlistarmaðurinn Mugison, öðru nafni Örn Elías Guðmundsson

Íslenskir tónlistarmenn hafa að undanförnu í auknum mæli vakið athygli útlendinga og hafa plötur sumra þeirra selst vel á erlendum mörkuðum. Bretland hefur undanfarin ár verið sá markaður sem Íslendingum finnst eftirsóknarverðastur og er það yfirleitt fyrsta skrefið að flytja til Lundúna ef menn ætla að „meika það“. Flestir koma þessir popparar fljótlega aftur heim á Frón með skottið á milli lappanna en einum og einum tekst að koma ár sinni fyrir borð í útlöndum. Fyrir nokkrum árum fluttist til Lundúna maður að nafni Örn Elías Guðmundsson, sonur Guðmundar Kristjánssonar hafnarstjóra í Ísafjarðarbæ. Örn flutti að vísu ekki út til að „slá í gegn“ heldur til að læra upptökufræði. Um þessar mundir er hann að ljúka BA-prófi í þessum vísindum og kom vestur til Ísafjarðar nú um jólin. Tilgangurinn með komu Arnar vestur er tvíþættur. „Annars vegar kom ég bara til að heimsækja pabba en líka til að klára ritgerð sem ég þarf að skila áður en ég útskrifast. Ég varð fyrir því óhappi að missa ferðatölvuna mína í gólfið í London og eyðileggja hana. Pabbi á tölvu, svo að ég ákvað að slá tvær flugur í einu höggi og koma til Ísafjarðar, vera með pabba yfir jólin og klára ritgerðina.“

Mugison varð til í Malasíu

Síðustu átta mánuði hefur Örn unnið að gerð hljómplötu, auk þess sem hann hefur stundað námið. Platan er nú komin í verslanir og ber nafnið Lonely Mountain. Örn gefur plötuna út undir nafninu Mugison.

„Þegar pabbi, sem er kallaður Muggi, bjó úti í Malasíu, fór ég tvisvar að heimsækja hann og var í mánuð í hvort skipti. Í Malasíu umgengumst við Japani, Kínverja og að sjálfsögðu Malasíubúa. Þeir báru nafnið Muggi svolítið einkennilega fram svo að minni áhersla var á g-in en hjá Íslendingum. Við pabbi vorum alltaf kallaðir Mugi og Mugison. Mér fannst alveg tilvalið að taka upp þetta nafn. Ég þurfti hvort sem er að finna mér eitthvað listamannsnafn þar sem Englendingum er ómögulegt að bera fram nafnið Örn.

Svo spillir ekki fyrir að pabbi er alveg að springa úr monti af því að sjá þetta nafn framan á plötunni.“

Vinnslutækin skemmtilegri en útvarpið

Á plötunni Lonely Mountain er að finna aragrúa af alls kyns furðuhljóðum. Þar má heyra stólhræ, hraðsuðuketil og alls kyns vélar leggja sitt af mörkum til að tónlistin verði sem áhugaverðust. Örn segist lengi hafa haft áhuga á umhverfis- og vélarhljóðum og finnst áhugavert margt það sem aðrir kalla argasta hávaða.

„Þegar foreldrar mínir bjuggu í Hrísey var ég að vinna í frystihúsinu þar. Ég vann mest við lausfrystinn eða það sem Vestfirðingar kalla gíró, og var farið að finnast hljóðið í honum ómissandi. Ef hann bilaði fannst mér eins og ég væri veikur, þá vantaði eitthvað.

Ég vann líka mikið við fiskpressu í vinnslunni sem var hin merkilegasta græja. Hún var þeirri náttúru gædd að hljóðið dýpkaði ef maður tróð vel í sílóið. Ef maður setti svona sex bakka í einu, þá hljómaði pressan afskaplega skemmtilega. Þessi tvö tæki urðu fljótlega miklu skemmtilegri en Rás 2 og Bylgjan til samans.“

Þótti vænt um skrifborðsstólinn

„Eftir að hafa unnið í frystihúsinu í Hrísey hef ég alltaf heyrt skemmtilega tónlist í alls kyns vélar- og umhverfishljóðum og ég nýti mér þetta mikið á plötunni. Svo ég nefni dæmi þá nota ég í einu laganna hljóð sem komu þegar ég var að hella upp á kaffi fyrir vinkonu mína. Ég tók upp allt ferlið og klippti síðan út hljóðbúta, magnaði upp og notaði í lagið.

Í öðru lagi á plötunni notaði ég hljóð úr skrifborðsstólnum mínum sem var hið mesta hró og datt tvisvar í sundur. Það lag hefur að auki talsvert tilfinningalegt gildi, þar sem mér var farið að þykja afskaplega vænt um þennan stól.“

Eyðilagði fartölvuna

– Nú er lenska að fylgja plötuútgáfu eftir með tónleikaferðalagi. Ætlar Örn að gera eitthvað slíkt?

„Nei, að minnsta kosti ekki núna um jólin. Ég get það einfaldlega ekki vegna þess að ferðatölvan mín er ónýt. Grunnur laganna er inni í henni. Þó svo að ég spili mikið sjálfur á tónleikum, á gítar og fleira, þá vantar mig grunninn.

Ég er að vona að mér takist

Atvinnuhúsnæði til sölu!

Til sölu er atvinnuhúsnæði að Sundstræti 45, Ísafirði, (efra Norðurtangahúsið) sem er nánar tiltekið 1.745 m² pláss í þriggja hæða steinhúsi, byggðu 1963 og 1971.

Húsið er í eigu Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Eignin er vel staðsett og hægt er að nýta hana til margvíslegrar atvinnustarfsemi, þó utan hefðbundinnar fiskvinnslu.

Meðfylgjandi er 793m² leigulóðarréttindi. Óskað er tilboða í eignina.

Nánari upplýsingar eru veittar á Lögfræðistofu Tryggva Guðmundssonar hdl., Hafnarstræti 1, Ísafirði, sími 456 3244, fax: 456 4547, netfang: tryggvi@snerpa.is

að selja nógu marga diska núna um jólin svo að ég hafi efni á því að kaupa mér nýja fartölvu. Þá langar mig að fara í smávegis tónleikaferðalag um landið og spila á einhverjum menningarkvöldum hjá nemendafélögum framhaldsskóla. Það væri til dæmis mjög gaman að fá að spila fyrir menntaskólanema á Ísafirði.“

Heimsflakkið pabba að kenna eða þakka

Örn Elías ólst upp í Bolungarvík fyrstu sjö ár ævi sinnar, en fluttist þá til Grænhöfðaeyja með foreldrum sínum. „Pabbi var á vinna að þróunarverkefni á eyjunum og við bjuggum þar í nokkurn tíma. Pabbi hefur verið mikið á flakki um allan heiminn mestallt mitt líf og það er líklega honum að kenna, eða þakka, að ég hef farið eins víða og raun ber vitni.“

– Nú fór Guðmundur Kristjánsson hafnarstjóri í kynningarferðalag á hraðbát um Evrópu fyrir nokkrum árum. Örn hefur ekki farið með í þann túr?

„Nei, reyndar ekki. En það væri gaman að gera svoleiðis einhvern tímann. Hann gæti kynnt bátinn og ég gæti reynt að troða upp með tónleika á einhverjum börum í bæjum sem við myndum stoppa í.“

Kominn á samning hjá Accidental Records

Í skólanum í London er Örn að læra upptökufræði eða það sem kallast á ensku *Recording Arts*. „Námið gengur út á að læra hvernig á að fikta með græjur. Við lærum líka alls kyns hljómfræði, hvernig á að hljóðblanda og þar fram eftir götunum.“

– En hvað ætlar Örn að gera í nánustu framtíð?

„Það fer sennilega að miklu leyti eftir því hversu hár yfirdrátturinn á bankareikningnum er hverju sinni. Ég er kominn á útgáfusamning hjá Accidental Records sem er eitt þriggja útgáfufyrirtækja tónlistarmannsins Matthew Herbert. Platan kemur líklega út í Bretlandi í febrúar og svo fer ég líklega að spila eitthvað. Meira veit ég ekki.“

Lækkað verð!

Náttföt, sloppar, hálsbindi, slæður, bolir og margt fleira.

Áberandi ehf.,
Sími 456 4195

Jeremy Sargent var bestur hjá KFÍ á móti Ármanni/Þrótti.

Deildarleikir hjá KFÍ í íþróttahúsinu á Torfnesi um helgina

Karlarnir unnu en konurnar töpuðu

Karlalið meistaraflokks hjá Körfuknattleiksfélagi Ísafjarðar sigraði lið Ármanns/Þróttar á föstudagskvöld en leikurinn fór fram í íþróttahúsinu á Torfnesi. Lokatölur urðu 93-89 heimamönnum í vil. Jeremy Sargent þótti besti leikmaður KFÍ, skoraði 28 stig, tók 20 fráköst og varði 7 skot. KFÍ situr sem fyrr í öðru sæti deildarinnar, tveimur stigum á eftir Reyni frá Sandgerði en á leik til góða. Kvennalið KFÍ tók síðan á móti Þórsstúlkum á sunnudagskvöld og tapaði með 44 stigum gegn 56 Akureyringa. Kvennaliðið situr í 6. sæti 2. deildarinnar eftir að hafa leikið 6 leiki.

Íþróttasalurinn í Íþróttamiðstöðinni á Þingeyri ekki fullnýttur

Langþráð sánabað tekið í notkun

Tekinn hefur verið í notkun sánaklefi í Íþróttamiðstöðinni á Þingeyri. Að sögn Þorbjargar Gunnarsdóttur forstöðumanns hefur lengi staðið til að taka klefann í notkun og munu fastagestir sundlaugarinnar vera hæstánægðir með tilkomu sánabaðsins.

„Gert var ráð fyrir klefanum í upprunalegu teikningunum að húsinu en þar hefur stöðugt fleira og fleira verið tekið í notkun frá því húsið var opnað á sínum tíma. Klefinn tekur á bilinu fjóra til sex gesti, eftir því hversu þétt fólk vill sitja, og er á milli baðklefa karla og kvenna. Tilkoma sánaklefans eykur notkunarmöguleika hússins mikið, en nú eru í húsinu heitir pottar, ljós og sána, auk sundlaugar og íþróttasalar“, segir Þorbjörg.

Íþróttasalurinn á Þingeyri mun vera nokkuð langt frá því að vera fullnýttur. „Það er tilvalið fyrir hópa að koma og fá salinn leigðan“, segir Þorbjörg.

Bensínstöðin Ísafirði

Mikið úrval af GPS tækjum

Kraftmiklir Magnarar, Bassakeilur, CD Útvörp, Hátalarar.

Radarvarar í miklu úrvali

Meridian Kortatæki
Verð frá kr 39.900,-

Opnunartími yfir jól og áramót

Laugardagur	21. desember	09:00 til 22:00
Mánudagur	23. desember	07:30 til 23:00
Þriðjudagur	24. desember	07:30 til 16:00
Fimmtudagur	26. desember	12:00 til 16:00
Þriðjudagur	31. desember	07:30 til 15:00
Þriðjudagur	1. janúar	LOKAD

BELGÍSKT EÐALKONFEKT
Á GÓÐU VERÐI

Fyrstu skólameistarahjónin í heimsókn á Ísafirði

Tilhugalíf, Þjóðlíf, Mannlíf ...

Jón Baldvin og Bryndís voru á ferðinni á Ísafirði fyrir skömmu, í senn til að heimsækja gamlar slóðir og til að árita bókina Jón Baldvin – Tilhugalíf. Þau komu af flugvellinum beina leið í Menntaskólann á Ísafirði og þar setjumst við í næði á bókasafninu. Með bókina á borðinu á milli okkar. Hvernig er tilfinningin hjá þeim að koma í þennan skóla, gamla skólann sinn sem þau skópu, þó að húsið sé annað en forðum?

Jón Baldvin: „Þetta er eins og að koma heim. Tilfinningar okkar til þessa skóla eru eins og tilfinningar foreldra gagnvart afkvæmi, jafnvel frumburði. Að vísu byrjuðum við í barnaskólahúsinu gamla niðri á Eyri og byggingaráætluninni miklu miðaði nokkuð hægt. Það sem hér var risið þegar við fórum voru tveir áfangar heimavistar með mötuneytinu og samkomusalnum, en sjálft skólahúsið kom eftir okkar dag og íþróttahúsið.

Samt kemur þetta mér kunnuglega fyrir sjónir því að ég vann svo mikið með arkitektunum þegar verið var að hanna þetta. Hér sitjum við í bókasafninu. Þá minnist ég þess, að áður en við héldum vestur, þá kallaði yfirmaður Upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna mig á sinn fund. Þeir höfðu þá haldið mikla bókasýningu í Reykjavík þar sem voru úrvalsbækur þess tíma í ýmsum vísindum. Og þeir sögðu: Það er of dýrt að vera að senda þetta til baka. Viltu ekki hafa þetta með þér vestur? Stofninn í bókasafni skólans var þannig í upphafi um fimm þúsund bækur frá Upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna, sem var mjög óvenjulegt á þeirri tíð og kom okkur afskaplega vel.“

Fórum án þess að kveðja

Bryndís: „Eins og Jóni finnst mér alltaf þegar ég kem til Ísafjarðar eins og ég sé að koma aftur heim. Kannski er það skrítið því að ég er ekki Vestfirðingur eins og hann og hafði aldrei kynnst Vestfjörðum áður en við fluttumst hingað. En mér var strax tekið svo vel og mér leið svo vel hérna. Og það var svo einkennilegt, að þegar við fórum héðan aftur áratug seinna, þá kvöddum við aldrei bæinn. Við fórum án þess að kveðja og hvert skipti sem við komum er þannig eins og framlenging á dvölinni. Við höfum komið hingað öðru hverju til að vera við hátíðir eins og stórafmæli skólans. Við reyndum líka að koma þegar okkar fyrstu nemendur áttu helstu stúdentsafmæli. Það er ánægjulegt hvað nemendurnir sem við útskrifuðum hafa haldið mikilli tryggð við okkur. Tveir hópar þeirra hafa heimsótt okkur alla leið til Vesturheims til að halda upp á stúdentsafmæli.“

Það rifjast upp að Bryndís útskrifaði Ólínu Þorvarðardóttur núverandi skólameistara vorið 1977. „Ég var skólameistari eitt árið meðan Jón fór til Harward. Það var eitthvert besta árið mitt því að þá fannst mér ég loksins fullorðin og vonbrigði fyrir mig þegar Jón kom aftur að gerast bara venjulegur frönskukennari!

En núna er svo margt breytt að það er varla hægt að bera það saman. Við kenndum í niðri í bæ en svo bjuggum við hérna á heimavistinni í nokkur ár með börnin okkar. Það var mjög skemmtilegt og góð reynsla því að við vorum líka heimavistarverðir. Það var mikið fært upp af leikritum á þessum árum. Leiklistin blómstraði!“

Jón Baldvin: „Það má bæta því við, Bryndís, að þú átt nú líka tengsl við Ísafjörð – þín ætt, þitt fólk. Móðurbróðir þinn var hér bæjarritari á kreppuárunum, Jón Brynjólfsson, og mamma þín var á Ísafirði á sumrum á vist hjá honum.“

Bryndís: „Mamma var alveg himinlifandi þegar ákveðið var að við færum vestur því að hér hafði hún átt sín bestu sumur.“

Jón Baldvin: „Hún átti óskaplega fallegar minningar um þessa lognkyrrð og heita sumardaga á Ísafirði.“

Bryndís: „Á þeim tíma bjó bæjarritarinn í Faktorshúsinu í Neðsta. Þá var gott að baða sig í sjónum framan við húsið, sagði mamma.“

Áttundi áratugurinn

– Þegar litið er yfir farinn veg á Ísafirði, þá virðist sem áttundi áratugurinn, ykkar áratugur á Ísafirði, hafi verið mesta blómaskeið þessa bæjar allt frá því að Ásgeirsverslun var og hét fyrir hundrað árum eða meira. Þetta voru ár skuttogaranna. Þetta voru ár bjartsýni og menn byggðu ný hverfi – Holtahverfið inni í firði, Teigahverfið í Hnífsdal.

Bryndís: „Menn voru svo ríkir, ég man það, að þegar haldin var árshátíð, þá skruppu konurnar suður til að kaupa sér kjólinn. Eða þegar eitthvað vantaði, þá var bara skroppið suður. Það var eins og peningar skiptu engu máli á Ísafirði á þessum árum. Ég man að þegar ég var að kenna, þá var stöðugt verið að spyrja mig: En ertu ekkert að vinna? Það kallaðist ekki vinna að vera að kenna og ganga um göturnar brosandi í pilsi. Ég átti að vera að vinna í frystihúsi þó að ég væri með fjóra litla krakka. Allir urðu að taka þátt í þessu stórkostlega ævintýri.“

Jón Baldvin: „Já, þetta var uppgangstíð, öld skuttogara gengin í garð, það vantaði fólk

Jólakveðja frá Reykjanesi 2002

Vestfirðingar, ferðafólk! Hugheilar jóla- og nýárskveðjur frá Reykjanesi. Innilegar þakkir fyrir samstarf og viðskiptin á árinu sem er að líða.

Ferðaþjónustan Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, sími 456 4844.

til vinnu. Hingað kom talsvert af nýju fólki. Ég hafði nú hálfpartinn gert ráð fyrir því að fara hingað í pólitíska útlegð. Svo stóðst ég ekki mátið að bjóða mig fram til sveitarstjórnar eftir að Ísafjörður og Hnífsdalur sameinuðust í eitt sveitarfélag. Ég var hér í bæjarstjórn í átta ár, einmitt á þessum uppgangstímum. Þegar við komum í bæinn núna, þá sjáum við ýmis ummerki frá þeim tíma. Það fyrsta sem við gerðum var að ráða okkur hóp skipulagsfræðinga. Í þeim hópi voru Ingimundur Sveinsson, arkitekt af Engeyjarætt, Ólafur Erlingsson, verkfræðingur, og félagsfræðiprófessor við Háskóla Íslands sem hét og heitir Ólafur Ragnar Grímsson. Þetta voru ráðgjafar okkar við að koma upp deiliskipulagi fyrir nýja hverfið hérna inni í firði og endurskoða stofnbrautir, og niðurstaðan varð þessi uppfyllingarpólitík sem við réðumst í."

Bryndís skýtur því inn í, að með nýju skipulagi hafi henni þótt eitt breytast til hins verra fyrir bæjarlífið. „Þá var smábátahöfnin hérna Pollmegin. Mér fannst svo gaman að ganga þar með krakkana. Svo þurftu þeir endilega að flytja hana út að Sundum. Mér fannst hún tilheyra miðbæjarkjarnanum, að hún ætti að vera svona Geðprýðishöfn, en þeir hlustuðu ekkert á þá skoðun mína!"

„Útgerð" og malbikun

Jón Baldvin: „Geðprýðishöfn! – þetta er fínt orð yfir höfn sem er orðin að útivistarsvæði með kaffihúsum börum og eiginlega enginn fiskur.

Hluti af þessari uppfyllingarpólitík okkar var sá, að við keyptum dælipramma í bæinn og stofnuðum um hann félag sem hét Átak s.t.á. Skammstöfun þessi merkir fyrirtæki í eigu sveitarfélags með takmarkaðri ábyrgð. Þessi prammi var keyptur af sænska flotanum og geysilega þykkt í honum stálið, ósökkvandi. En seljandinn hafði einhverjar áhyggjur af hinni takmörkuðu ábyrgð bæjarfélagsins og ég man ekki betur en ég hafi orðið að skrifa upp á plöggin persónulega – hvort ég var afleysingabæjarstjóri þessa mánuðina, ég man það ekki. En sé þetta rétt munað hjá mér, þá þarf ég eiginlega að spyrjast fyrir um það hvort pramminn sé ennþá á mínu nafni, því að þetta er eina útgerðarfélagið sem ég hef rekið um dagana."

Bryndís: „Svo létuð þið malbika Hnífsdalsveginn. Þetta var um haustið þegar ég var í þann veginn að fara suður. Ég var blönk undir lokin hér á Ísafirði og börnin voru komin suður og ég var frí og frjáls og mig vantaði einhverja uppgripavinnu. Og þeir réðu mig í vinnu við malbikun. Með mér í þessari vinnu var Jónas Tómasson tónskáld. Við unnum saman að því að malbika veginn út í Hnífsdals. Þetta var mesta skítavinna sem ég hef unnið. Maður var kolsvartur upp fyrir haus alla daga."

Jón Baldvin: „Það hafði dregist og dregist að ganga frá útboðsgögnum og við vorum hræddir um að ná þessu ekki fyrir snjóa. Og það var hreinlega ekki hægt að fá neitt fólk. Þið Jónas voruð eiginlega tekin traustataki og neydd til að gera þetta. Bryndís var svo sótsvört eftir tvær vaktir í malbikinu að ég varð að fara með hana niður í kjallara og spúla hana áður en ég hleypti henni inn í íbúðina."

„Alla vega hafði ég gott upp úr mér þennan tíma", segir Bryndís með sérstakri áherslu á úr að gömlum vestfirskum hætti. „Stundum fór ég að flokka rækju hjá honum Þórði Júl um helgar til að drýgja tekjurnar. Við kvörtuðum nú yfir kaupinu, kennararnir. Ég man að eftir eina helgi hjá Þórði var ég svo slæm í augunum, að ég sagði að það ætti að borga þessum stúlkum helmingi hærra kaup. Þær voru þó með meira kaup en við sem vorum að kenna. Þetta var hræðileg vinna, kalt að standa og flokka rækju allan daginn og fór illa með augun. Þá skildi ég að þessi vinna var ekkert sældarbrauð."

Að trúa pólitíkusum

– Hafið þið fylgst grannt með atvinnumálum hér á Ísafirði hin síðari árin?

Jón Baldvin: „Grannt væri fullmikið sagt, en við höfum auðvitað fylgst með því sem gerst hefur eftir hrun þessara forystufyrirtækja í sjávarútvegi sem hér voru, breytingaskeiðinu eftir það, kvótamissinum, að horfa á eftir Guggunni í kjaftinn á Akureyringum. Auðvitað höfum við haft áhyggjur af því hvað við tæki."

– Hvernig líst ykkur á framtíðina hér? Er einhver framtíð hér eða á landsbyggðinni yfirleitt?

Jón Baldvin: „Við vorum áðan að tala um uppgangstímana. Þá voru Vestfirðir að nýta sér hlutfallslega yfirburði sína yfir aðra landsfjórðunga, sem fólust meðal annars í nálægð við fengsæl fiskimið og í fólki sem var vant vinnu á sjó og við sjó frá blautu barnsbeini. Þessum yfirburðum hafa Vestfirðingar glatað. Af hverju? Stundum er sagt að forystumenn hinna öflugu fyrirtækja hafi verið orðnir værukærir og lifað á fornri frægð – eða hitt, að þeir hafi ekki trúað því að þetta kvótakerfi yrði til frambúðar. Forystumenn Vestfirðinga í stjórnmálum töldu sig vera í andófi gegn kvótakerfinu. Nú er það auðvitað ekki afsökun fyrir stjórnendur fyrirtækja að binda trúss sitt við eða leggja trúnað á eitthvað sem pólitíkusar segja. Þeir áttu að meta þetta sjálfir.

En spurningin stendur eftir í mínum huga: Af hverju glötuðu Vestfirðingar þessari yfirburðastöðu? Af hverju spiluðu þeir ekki á kerfið líkt og aðrir tiltölulega nýir sjávarútvegsstaðir hafa gert? Sauðárkrókur? Hvenær varð hann að stórútgerðarstað? En þetta er búið og gert. Getur nokkuð komið í staðinn? Þegar þú spyrð hvort landsbyggðin yfirleitt eigi framtíð, þá getum við auðvitað ekki svarað því á annan veg en þann, að við lifum á svo hraðfara breytingaskeiði í atvinnuháttum að við fáum ekki snúið við straumnum til þéttbýlisins. En engu að síður upplifðum við það á eigin ferli að það hefur sína kosti að búa á landsbyggðinni. Það er hvergi betra fyrir fjölskyldufólk að ala upp börn heldur en í sjávarplássi. En er það nægilegt haldreipi? Kannski ekki."

Skólameistararnir þrír, Ólína Þorvarðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson og Bryndís Schram.

Bryndís: „Þegar við vorum hér á áttunda áratugnum var okkur sagt að þriðjungur bæjarbúa væri fasti kjarninn, fólk sem hefði fæðst hér og alist hér upp. Þetta var það fólk sem var svo gott að hitta aftur á götu þegar maður kom sem gestur. En síðast þegar kom hingað, þá þekkti ég hreint engan. Þetta segir mér að gegnumstreymið sé orðið miklu meira. Mér er sagt að fiskvinnslan á svæðinu, undirstöðuatvinnugreinin, byggist á erlendu vinnuafli. Til hvers bendir það? Kannski verður þetta sumarparadís fyrir brottflutta Ísfirðinga sem eiga hér húsin sín. Eins og Hornstrandir."

Fata, klútur og Handy Andy

– Þessi ár á Ísafirði voru ykkur góður tími.

Jón Baldvin: „Já."

Bryndís: „Þetta voru eins og bestu háskólaár fyrir manneskju sem kom úr Reykjavík. Þetta var bylting í mínu lífi. Ég held að ekkert tímaskeið á lífsleiðinni hafi gert mér eins gott. Ég er mjög þakklát fyrir þessi ár. Ég lærði ..."

Jón Baldvin: „Þú lærðir kannski meira en nemendur okkar."

Bryndís: „Þú hefur nú sagt það sjálfur."

Jón Baldvin: „Við vorum á þessum áratug að fást við tvennt, sem var bæði skemmtilegt og skapandi. Annars vegar að skapa skóla frá grunni. Við höfðum ótrúlega frjálsar hendur. Hugmyndir okkar sjálfra fengu að móta þennan skóla. Eftir á að hyggja, eins og ég geri nánari grein fyrir í þessari bók, þá er ég sannfærður um að tilraunin um þennan skóla tókst. Og tókst vel. Hitt viðfangsefnið var að taka þátt í uppbyggingu í sjávarplássi sem var í miklum uppgangi. Það var líka sköpunarstarf."

Bryndís: „Tilgangurinn með stofnun þessa skóla var ekki síst að halda fólkinu heima. Nú lítum við hér yfir kennarahópinn og sjáum að uppistaðan er fólk sem lauk hér stúdentsprófi á okkar árum. Þetta hefur vissulega orðið til góðs. Menntafólkið er á staðnum. En hugsaðu þér, við vorum bara þrítug þegar við komum hingað. Mér finnst núna þegar ég lít til baka eins og við höfum bara verið börn og við áttum að búa allt til úr engu. Það var ekkert til. Bara skúringafata og klútur og Handy Andy sem Jón fékk í hendurnar þegar hann kom í gamla barnaskólahúsið og átti að búa til menntaskóla. Engir kennarar og engir nemendur. Þetta var eiginlega furðuleg byrjun á skóla."

Jón Baldvin: „Ég fór í heimsóknir í nærliggjandi pláss og alveg suður á Patreksfjörð og kallaði saman foreldra sem áttu börn á réttum aldri og nánast handtók börnin."

Jón Baldvin – Tilhugalíf

– Bókin, Tilhugalíf, eruð þið ánægð með hana?

Bryndís: „Jón skrifaði þessa bók alveg sjálfur. Bókin er hann sjálfur."

– Af hverju þá að blanda Kolbrúnu Bergþórsdóttur í þetta?

Bryndís: „Ég segi það líka!"

Jón Baldvin: „Kolbrún á heiður fyrir það að sennilega hefði ég aldrei byrjað á þessu verki ef hún hefði ekki neytt mig til þess. Bókin heitir ekki bara Tilhugalíf heldur líka Kaflar úr þroskasögu stjórnmálamanns. Kannski er ofmælt að segja að þetta sé ævisaga. Þetta eru frekar kaflar úr ævisögu. Af því að ég er hér á Ísafirði núna má geta þess, að ég rifja upp bernskuár mín á Ísafirði og við Djúp. Jafnvel eftir að Hannibal var kominn á þing og farinn suður var ég alltaf í sveit hjá móðurbróður mínum í Ögri fram undir fermingu. Sjö sælustu sumur lífs míns. Ég dreg upp ýmsar myndir af æskuárum og uppvexti á Ísafirði og inni í Djúpi. Síðan er auðvitað sérstakur kafli sem heitir Að skapa skóla. Þarna segir líka dálítið frá bæjarmálum og tíðaranda, þannig að upphafið og meginuppistaðan gerist náttúrlega hér á þessum slóðum."

Og Jón Baldvin Hannibalsson lætur hugann reika út fyrir kyrrlátt bókasafnið í Menntaskólanum á Ísafirði og hverfur að því er virðist hálfangurvær langt aftur í tímann.

„Ég er fæddur í Alþýðuhúsinu á Ísafirði og ólst hér upp til sjö ára aldurs. Þá var ég rifinn upp með rótum og plantað niður í Kleppsholtinu sem aldrei skyldi verið hafa og átti þar illa ævi. Fram eftir aldri var alltaf hjá mér söknuður yfir því að hafa ekki fengið að alast upp hér í þessu umhverfi, innan um mína félaga, alveg fram yfir unglingsár. Ég fékk það að vísu bætt upp þegar við komum hér um þrítugt og áttum árin við að skapa þennan skóla. Það var eiginlega uppbót á hin glötuðu ár bernskunnar.

Það var óskaplega gott að alast upp í þessu umhverfi. Eins og kannski alltaf hjá öllum eru þessi ár umvafin rómantík. Maður sér þetta í hillingum. Nú veit ég fyrir víst að Ísafjörður byggði á mjög góðri skólahefð. Hér voru góðir skólar sem þyddi að hér voru mann fram af manni mjög öflugir og góðir kennarar. Svo var það ekki lítil lyftistöng fyrir okkur, þegar við komum hér í bæinn, að tónlistarskóli Ragnars og Siggu var hér í fullum blóma.

Samstarf þessara skóla var afar náið. Það var sérstakt að stór hluti af þeim nemendum sem komu til okkar héðan af Ísafirði var þá þegar vel menntað tónlistarfólk. Stofnun menntaskólans þyddi að Ragnari og Siggu hélst á sínum nemendum fram til tvítugs í stað þess að áður misstu þau nemendurna suður eða norður. Mér var það ljóst í upphafi að tónlistaruppeldið átti mikinn þátt í því að gefa þessum nemendum kjölfestu. Þeir höfðu jákvætt viðhorf til mennta og menningar og áttu ríkan þátt í því að setja menningarbrag á allt starfið og félagslífið í þessum skóla."

– Orðið tilhugalíf felur í sér eftirvæntingu, bið, óljós fyrirheit um eitthvað meira ...

Jón Baldvin: „Já, þetta er leikur að orðum. Tilhugalíf merkir undirbúningstímabil og sagan nær til 1984, þegar ég verð formaður Alþýðuflokksins. Sjálfur lít ég svo á, að allt mitt líf fram að þeim tíma hafi verið undirbúningur að því starfi. Það sem við tekur er eiginlega partur af þjóðlífinu. Þannig heitir sá hluti væntanlega Þjóðlíf. Og haldi ég þessu áfram, þá er þriðja bindið Mannlíf eða svipmyndir af samferðamönnum. Þetta eru að minnsta kosti áformin."

– *Hlynur Þór.*

Hugleiðingar um vestfirska vegi

„Mikil er þolinmæðin hjá fólki – en ekki er hún endalaus“

Sigurlín Sigurðar skrifar

Á ferð minni á haustdögum um Strandir og Djúpveg til Ísafjarðar vöknuðu ýmsar hugsanir um vegina á þessari leið. Þar er sannarlega þörf á að taka til hendinni. Ýmist er ekið á malarvegi eða vegi með bundnu slitlagi. Einbreiðar brýr og ræsi skipta tugum þó að þeim hafi eitthvað fækkað hin síðari ár. Svo dæmi sé tekið í næsta nágrenni Ísafjarðar er einbreið brú í Arnardal, sem ég tel viðsjárverða og lúmska í landslaginu þótt merkt sé í bak og fyrir. Ekkert er upp á merkingar að klaga. Þær eru til fyrirmyndar. Á Kirkjubólshlíð er komið vegrið og það finnst mér alveg frábært framtak.

Sums staðar eru vegir með malbiki sem hefur verið slett eftir vegarmiðjunni svo að stórhætta er að. Ekki batnar þegar svo brotnar upp úr köntunum á malbikinu. Það gefur auga leið að við þessar aðstæður ekur fólk eftir miðjum veginum. Víða liggur vegurinn í snarbröttum hlíðum og með beygjum þar sem engin vegrið eru til öryggis, en slíkt er að vísu vel merkt með örvum og stikum. Sums staðar eru vegir í bröttum hlíðum svo mjóir, að þeir passa rétt fyrir flutningabíla. Hvers vegna eru þeir ekki breiðari? Í snjó og hálku getur það verið hreint kraftaverk að komast þessa vegi heilu og höldnu.

Þessi hugvekja gildir líka um ástand vega vestari leiðina frá Þingeyri um Hrafnseyrarheiði og síðan um Dynjandisheiði í Vatnsfjörð. Þessi kafli virðist hafa verið gleymdur í fjörutíu ár frá því akvegurinn um Dynjandisheiði var lagður. Þar er ekkert viðhald sem hægt er að tala um, heldur er vegurinn heflaður þegar snjóa leysir og búið. Mikil er þolinmæðin hjá fólki þar vestra en ekki er hún endalaus, allra síst nú þegar tíminn mældur í peningum og allir að flýta sér samkvæmt tíðarandanum í dag.

Væri ekki ráðlegt hjá þeim sem stjórna vegamálum að skoða ástand þessara vega? Þótt oft hafi gengið hægt og hljótt, þá er jafnan spurt hvar eigi að taka peningana. Er ekki annars spurningin um forgangsverkefni í tísku núna? Þá má minna á það sem hefur sparast í snjómokstri á undanförnum árum.

Hvað er að frétta af alþingismönnum þessa landsvæðis? Eru þeir ekki alltaf á fullu fyrir sitt kjördæmi? Reyndar vantar sárlega konur á Alþingi fyrir þetta svæði til að lýsa blessaða karlana upp. Konurnar eru sko vanar að láta verkin tala svo að eftir er tekið.

Nú er að hlaupa landfræðilegur ofvöxtur í kjördæmið, þegar hið nýja Norðvesturkjördæmi verður til. Ef Sturla Böðvarsson verður áfram ráðherra og jafnframt þingmaður í hinu nýbakaða kjördæmi, þá fer hann létt með að koma málum áleiðis svo eftir verði tekið, eins gert hefur verið á Snæfellsnesinu. Sama er hvaðan gott kemur, hvort heldur er frá hægri eða vinstri. Fleiri og fleiri vilja koma vestur og njóta frábærar menningar og gestrisni sem er í boði árið um kring.

Væri ekki ljúft ef fólk gæti farið sinna erinda á allra næstu árum, afslappað eftir góðum akvegi, og notið kyrrðar og fegurðar vestfiskra fjalla og fjarða?

– Sigurlín Sigurðar.

Sr. Karl V. Matthíasson, þingmaður Samfylkingarinnar

Hvattur til framboðs fyrir Frjálslynda flokkinn

„Ég hef ekki tekið neinar ákvarðanir í þessum efnum“, segir sr. Karl V. Matthíasson, en fram hefur komið mikill vilji til þess að hann taki sæti á lista Frjálslynda flokksins við komandi alþingiskosningar. Altalað virðist hér vestra að sr. Karl sé þegar genginn til liðs við Frjálslynda en aðspurður kveður hann ekki svo vera.

„Hins vegar er því ekki að neita, að margir hafa sagt við mig að ég ætti alveg eins heima hjá Frjálslynda flokknum eins og hjá Samfylkingunni. Eða eins og einn sagði: Þá mundu kraftar þínir halda áfram að nýtast. Ég hef enn sem komið er bara hugsað þessi mál. En þegar maður fær svona spurningar og svona hvatningu, þá hlýtur maður að íhuga þetta rétt eins og aðra möguleika tilverunnar“, sagði sr. Karl í samtali við blaðið.

Eins og kunnugt er var fellt með litlum mun á kjördæmisþingi Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi fyrir skömmu, að sr. Karl, sem er sitjandi þingmaður flokksins og 2. þingmaður Vestfirðinga, skyldi taka þriðja sætið á lista Samfylkingarinnar í hinu nýja kjördæmi. Eftir þá niðurstöðu lá fyrir að hann yrði ekki á lista flokksins.

Sr. Karl var í þriggja daga heimsókn á norðanverðum Vestfjörðum fyrir og um helgina og hitti marga í þeirri ferð. „Ég kom aðallega til að vera með hugvekju á aðventukvöldi í Þingeyrarkirkju, sem var mjög ánægjuleg stund. Jafnframt kom ég vestur til að hitta fólk og þakka fyrir stuðninginn sem það veitti mér við framboðsmálin um daginn. Mig langaði til að sjá mitt fólk eftir þann hildarleik og auðvitað hitti ég annað fólk líka. Svo fóru menn bara að tala um þetta við mig“, segir sr. Karl og ítrekar að hann hafi ekki tekið neina ákvörðun um framhald á sínu pólitíska starfi.

Karlakórinn Ernir á norðanverðum Vestfjörðum

Þrennir tónleikar á einni viku

Karlakórinn Ernir á norðanverðum Vestfjörðum hélt tónleika í Ísafjarðarkirkju á laugardag. Auk karlakórssöngsins voru á dagskránni nokkur lög með blönduðum kvartett. Að sögn Mariolu Kowalczyk kórstjóra gengu tónleikarnir vel og var mæting áheyrenda ágæt. „Við getum náttúrlega alltaf sungið betur en mér fannst þetta ganga mjög vel“, segir Mariola.



Frá tónleikunum í Ísafjarðarkirkju.

Sem fyrr var undirleikari Elzbieta Kowalczyk, systir Mariolu. Næst syngur karlakórinn Ernir í félagsheimilinu á Þingeyri í kvöld, fimmtudagskvöld og í safnaðarheimilinu í Bolungarvík annað kvöld.

Jólahlaðborð fyrir börn hjá SKG-veitingum

Stúfur og Hurðaskellir komu í heimsókn

Sem oftar buðu SKG-veitingar upp á jólahlaðborð á Hótel Ísafirði á sunnudag en að þessu sinni varð það sérstaklega ætlað börnum. Sami matur var í boði og venjulega en bætt var á hlaðborðið kjúklingum og súkkulaðikökum með nammi. Tveir hinna þrettán íslensku jólasveina, þeir Stúfur og Hurðaskellir, komu í heimsókn og vöktu mikla kátínu gesta. Munu jólasveinarnir hafa heitið því að koma aftur á föstudag þegar á ný verður barnahlaðborð á Hótelinu.

„Það komu um fimmtíu krakkar og einhverjir fullorðnir með. Það var alveg fullt hjá okkur en við tókum færri í sæti en venjulega þar sem krakkarnir verða að hafa pláss til að geta hlaupið um“, segir Snorri G. Bogason hjá SKG-veitingum. Þorsteinn J. Tómasson tók meðfylgjandi myndir á jólahlaðborðinu.

Tveir framtíðar fiðluleikarar ásamt kennara sínum og skólastjóra Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Jólatónleikaröð Tónlistarskólans liðlega hálfnuð

Nú stendur yfir jólatónleikaröð Tónlistarskólans á Ísafirði og útibúa hans. Um helgina og í síðustu viku voru haldnir samtals sjö fjölbreyttir tónleikar í Hömrum, sal Tónlistarskólans. „Þeir sem fram komu léku á alls kyns hljóðfæri og spiluðu alls kyns tónlist, frá klassík og til frumsaminna popplaga“, segir Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri Tónlistarskólans. Auk hinna sjö tónleika á Ísafirði, standa um þessar mundir yfir tónleikar í útibúum skólans á Suðureyri, Flateyri, Þingeyri og í Súðavík. Aðsókn á alla tónleikana mun hafa verið mjög góð, en þess má geta að á fimmtudag og sunnudag voru jólasveinar á meðal tónleikagesta.

Lögreglan á Ísafirði

Gerir athugasemdir við ljósaskreytingar á bílum

Ljósaskreytingar fyrir jólin eru góðar til síns brúks þar sem þær eiga við. Þær eiga ekki við á framrúðum bíla eða yfirleitt þar sem reglugerðir gera ekki ráð fyrir ljósabúnaði á bílum.

Lögreglan á Ísafirði hefur haft afskipti af nokkrum ökumönnum sem voru búnir að jólabúa bíla sína með ljósaskreytingum á framrúðum og annars staðar og látið þá fjarlægja dýrðina eða að minnsta kosti slökkva á skreytingunum.

Ljósabúnaður af þessu tagi er ekki aðeins viðsjárverður fyrir ökumennina í viðkomandi bílum heldur getur hann einnig verið truflandi og villandi fyrir aðra vegfarendur.

Þessar ungu stúlkur léku eins og englar á blokkflauturnar.

Gróðurhús fjarlægt af lóð í Bolungarvík

Gert í skjóli nætur og allt eyðilagt

„Þegar við vöknuðum í morgun var gróðurhúsið í garðinum hjá okkur horfið og allt eyðilagt sem í því var. Bæjarstarfsmenn hafa gert þetta í skjóli nætur“, sagði Arndís Hjartardóttir í samtali við blaðið á laugardaginn, en hún býr ásamt fjölskyldu sinni að Holtabrún 21 í Bolungarvík.

„Við höfðum munnlegt samþykki nágrannanna fyrir þessu gróðurhúsi. Í sumar var fjarlægt úr garðinum hjá okkur líkan af hjalli og með því héldum við að málið væri leyst. Það virðist ekki vera stefna hjá bæjarstjórninni hér að laða fólk að, heldur að flæma fólk burt úr þessum bæ. Úr því að þeir taka sig til og gera þetta hjá okkur, þá ættu þeir að fara í hringferð um bæinn og sjá allt það sem þeir gætu fjarlægt á sama hátt hjá öðrum“, segir Arndís.

„Þetta var fallegt gróðurhús og ekki til vansa á nokkurn hátt. Það var mikill gróður í húsinu og líka voru geymdir þar blómapottar og annað sem var sturtað yfir gróðurinn og allt eyðilagt. Ætli það sé ekki bara best að leyfa þessu að fjúka hér um plássið. Þetta eru þvílíkir aumingjar að þeir gera þetta í skjóli myrkurs. Ég hef ekki lengur áhuga á að búa í svona bæjarfélagi. Þetta er ekki til þess fallið að gera jólin gleðileg. Ég er búin að eiga heima hérna í Bolungarvík í þrjátíu og tvö ár og ala upp sex börn og taka þátt í lífinu og atvinnustarfseminni hér í bænum. Ég veit ekki til þess að ég hafi gert Bolvíkingum neitt en nú er manni ekki lengur vært hér“, sagði Arndís Hjartardóttir.

Fyrir vestan þurfti stundum að reka sauðfé af flugbrautunum

Í Sahara verður að stugga við úlföldunum

– samtal við Hörð Guðmundsson flugmann, sem flaug um Vestfirði meira en aldarfjórðung en dvelst nú yfir jól og áramót í mestu eyðimörk heimsins

Hörður Guðmundsson flugmaður er maður sem allir Vestfirðingar þekkja, að minnsta kosti þeir sem komnir eru af barnsaldri. Sennilega hafa þó börnin líka mörg hver heyrt minnst á þennan mann sem á sínum tíma varð eins konar þjóðsagnapersóna á Vestfjörðum og miklu víðar. Flugferðir hans um Vestfirði skiptu þúsundum og aftur þúsundum, bæði í póstflugi og öðru áætlunarflugi en ekki síst í sjúkraflugi. Af ferðum hans í illviðrum í skammdegismyrkri og við allar hinar verstu aðstæður fóru margar sögur og sjálfsagt ýmsar ýktar. Sjálfur telur hann sig aldrei á ferlinum hafa lent í neinni beinni hættu.

Um aldarfjórðungsbil rak Hörður á Vestfjörðum sitt eigið flugfélag. Það er Flugfélagið Ernir, sem reyndar ber ekki nafn arnanna sem fljúga fugla hæst heldur hlaut félagið nafn fjallsins milli Skutulsfjarðar og Arnardals, þar sem Hörður á rætur sínar í aðra ættina. Eiginkona Harðar er Jónína Guðmundsdóttir úr Bolungarvík, sem átti ekki lítinn þátt í rekstri félagsins og öllu starfi Harðar og hans manna fyrir vestan þótt hún ynni sína vinnu á jörðu niðri.

Meðal annarra smærri véla átti Flugfélagið Ernir á sínum tíma tveggja hreyfla háþekju af gerðinni Twin Otter, hægfleyga vél ef þess var óskað og hentuga við erfiðar aðstæður Vestfjarða. Nú er Hörður enn að fljúga Twin Otter en hefur í millitíðinni haft áralanga viðkomu við stjórnvölinn á Boeing 737 hjá Flugfélaginu Atlanta.

Sjö ár eru liðin frá því að þau hjónin fluttust frá Ísafirði, eins og svo margir aðrir hafa gert. Þótt mikil eftirsjá sé að þeim fjölmörgu sem horfið hafa á brott frá Vestfjörðum á liðnum árum eru líklega fáir sem jafnmörgum hefur þótt jafnslæmt að missa og Hörð flugmann og trausta þjónustu hans við Vestfirðinga í blíðu og stríðu.



Á Vestfjörðum voru rollur á flugbrautum, en í Sahara ...

Þau Jónína og Hörður búa í stóru og fallegu raðhúsi við Birkigrund í Kópavogi, bæjarfélaginu þar sem Hörður er reyndar uppalinn að mestu leyti. Sjálfur lifir hann þessi árin lífi sem minnir á aðstæður skipverja á frystitogara. Hann er til skiptis rúman mánuð í burtu og jafnlangan tíma heima. Þau hjónin eru orðin ein í kotinu. Börnin fjögur eru fyrir löngu flogin úr hreiðrinu, ef svo má að orði komast um flugmannsbörn, og barnabörnin orðin tíu og hver veit nema það ellefta sé á leiðinni. Guðmundur sonur Jónínu og Harðar er reyndar floginn í svo bókstaflegri merkingu, að hann er búinn að vera meira en áratug flugstjóri á þotum af stærstu gerð og flýgur jafnan heimsálfa á milli.

Þegar við hittumst á Birkigrundinni heima hjá þeim hjónum er komið að lokum nóvember og fríinu hjá Herði senn lokið eina ferðina enn. Í fyrstu vikunni í desember heldur hann suður í Alsír þar sem hann verður yfir jól og áramót. Og ekki bara suður í Alsír, heldur alla leið suður í Sahara, mestu eyðimörk heimsins. Meginhluti Alsírs, hins risavaxna lands á íslenskan mælikvarða, er eyðimörk þar sem hitinn getur orðið geysilegur og það ekki aðeins á íslenskan mælikvarða. Alsír er einnig í hópi helstu olíu- og gasvinnsluríkja heims. Olían og vinnsla hennar er einmitt ástæðan fyrir störfum Harðar Guðmundssonar í Alsír þessi árin.

Tröllvaxin olíuhreinsistöð í byggingu

„Já, ég er úti í fimm vikur og fimm vikur heima“, segir Hörður. „Ég er að fljúga Twin Otter fyrir svissneskt flugfélag, sem þjónustar alþjóðleg olíufyrirtæki sem eru í rannsóknum, olíuleit og olíuborunum. Þar sem ég er núna, í eyðimörkinni sunnarlega í Alsír, er verið að byggja olíuhreinsunarstöð. Þetta er ein stærsta framkvæmd sem stendur yfir í Afríku um þessar mundir.

Að öðru leyti minnir þetta á venjulegar virkjunarframkvæmdir. Það eru nokkur þúsund manns sem koma að þessu verki. Ég hygg að þarna séu menn frá um þrjátíu þjóðlöndum, vestan frá Bandaríkjunum og austan frá Japan og allt þar á milli. Mannskapurinn þarf að sjálfsögðu á ákveðinni þjónustu að halda og það er mikið verið að fljúga á milli staða. Svo erum við alltaf til taks varðandi sjúkraflug og annað sem skyndilega kann að falla til.“

Sjúkraflug hvert sem Hörður fer

„Það er svo einkennilegt, að það er eins og sjúkraflugið elti mig hvert sem ég fer. Ég hef alltaf þurft að standa í slíku, hvort sem ég er í Sahara eða á Íslandi eða annars staðar“, segir Hörður, en þess má geta að á sínum tíma var hann um skeið með Otterinn sinn í þjónustu Rauða krossins suður í Afríku.

„Það má segja að ég haldi mig við það sem ég kann. Þetta er ágæt vinna, sérstaklega vegna fríanna sem ég fæ á milli. Að öðru leyti er þreytandi að vera svona lengi í burtu að heiman. Maður er svo sem ekkert unglamb lengur og vildi gjarna fara að hægja aðeins á.“

Þann tíma sem Hörður er úti er hann búsettur í búðum rétt við olíuhreinsunarstöðina sem verið er að byggja, en hún er rétt í þann veginn að komast í gagnið. „Aðbúnaðurinn er mjög góður. Við erum í alveg nýjum húsum sem eru með loftkælingu og öll aðstaða mjög góð. Þarna eru leikfimisalir og sundlaug. Maturinn er mjög góður og vel til hans vandað. Þetta eru stór alþjóðleg fyrirtæki sem eru með dýran mannskap á staðnum og hafa ekki efni á

Hörður Guðmundsson um borð í flugvél sinni á Reykjavíkurflugvelli. *Ljósmynd: Golli.*

að missa hann úr vinnu fyrir einhverjar matareitranir eða kveisur. En hitarnir yfir sumarið eru nærri því óbærilegir.“

Úti yfir jól og áramót

Alsír er ekkert smáræðis land, tuttugu og þrisvar sinnum stærra en Ísland að flatarmáli eða um 2,3 milljónir ferkílómetra, heldur stærra en Grænland sem okkur þykir nú frekar stórt. „Ég er að fljúga vítt og breitt um allt landið. Það eru miklir og margvíslegir flutningar í sambandi við þessar framkvæmdir. Félagið sem ég er hjá er núna með fjórtán flugvélar á svæðinu og allan mannskap í kringum þær.“

Hörður segir að það sé „hálffúlt“ að vera úti yfir hátíðarnar. „Ég kem ekki aftur heim fyrr en 10. janúar. Það er gaman að hafa barnabörnin í kringum sig um jól og áramót. En því er ekki alltaf að heilsa þegar maður þarf að leita eftir atvinnu í útlöndum. Það er ekkert að hafa fyrir flugmenn hér heima á Íslandi eins og er. Stóru flugfélögin hafa verið að segja upp mannskap og margir ganga atvinnulausir.“

Á Boeing 737 hjá Atlanta

Eins og áður segir fór Hörður frá Ísafirði fyrir sjö árum eða um áramótin 1995-96. Svona flýgur tíminn. „Ég fór þá til Flugfélagsins Atlanta og byrjaði strax að fljúga Boeing 737 út frá Köln í Þýskalandi. Þá flaug ég um víðsvegar um Evrópu. Við vorum með fastar rútur til Frankfurt, Dresden og Leipzig í Þýskalandi. Auk þess flugum við til helstu borga í Skandinavíu, suður til Bergamo á Ítalíu og Aþenu í Grikklandi og til Möltu. Vikulega voru ferðir til Heathrow í Lundúnum. Það má segja að þetta hafi verið hopp og skopp um Evrópu, líkt og var á milli þorpanna á Vestfjörðum á sínum tíma þegar ég var á Ísafirði. Þetta voru bara lengri leiðir og umhverfið svolítið annað.

Ég var líka nokkra mánuði á Filippseyjum þegar ég var hjá Atlanta. Það var gaman að kynnast því landi. Ég var einmitt yfir jól á Filippseyjum. Þar austur frá eru menn kaþólskari en páfinn sjálfur og mér fannst mjög skemmtilegt að fylgjast með jólahaldinu þeirra.“

– Hafðirðu áður flogið svona vélum?

„Neinei, en þetta er allt saman bara flugmennska og allt hvað öðru líkt í sjálfu sér.“

– Þurftirðu ekki að fara í sérstakt nám til að fara yfir á stórar þotur eftir „hoppið og skoppið“ á litlu vélunum fyrir vestan?

„Ekki nema bara að fá tékk á vélina. Það tók samtals í kringum mánuð að fara á námskeið og æfa sig í flughermi og fá tékk á vélina og svo byrjaði maður bara að fljúga.“

– Var ekki ópersónulegra starf að fljúga svona vélum heldur en sú flugmennska sem þú áttir að venjast?

Draumastarfið var fyrir vestan

„Flug í svona perónulegu umhverfi eins og var fyrir vestan er alveg draumastarf, að minnsta kosti fyrir svona kall eins og mig. Ég var í nánu sambandi við kúnnana og alla sem komu nálægt þessu. Þetta var svo fjölbreytt því að maður var í öllu. Ég var sjálfur að hlaða og afhlaða vélarnar, ég í nánum tengslum við þá sem voru í viðhaldinu á vélunum og ekki síður þá sem voru að afgreiða þær á hverjum stað.

Á stóru vélunum er þetta allt annað. Þar gerir maður lítið annað en stýra vélinni. Maður labbar um borð og flýgur vélinni til áfangastaðar og svo búið. Það er ákaflega einhæft og þreytandi til lengdar. Enda hætti ég því eiginlega strax og ég hafði tækifæri til þess. Þeir hjá Atlanta seldu 737-vélarnar þegar ég var búinn að vera hjá þeim í þrjú og hálft ár. Mér var þá boðið að fara á 747 Júmbóþotu. En Gummi sonur minn, sem er búinn að vera í þessu í tíu eða tólf ár, sagði að þetta væri eiginlega ekkert fyrir svona fullorðna menn [Hörður hlær] að hanga í tólf tíma stími á milli staða.

Ég tók mér frí í nokkra mánuði og fór svo til svissnesks fyrirtækis. Þetta voru kunningjar mínir sem ráku fjölþjónustuflug og voru meðal annars að vinna í Afríku fyrir Rauða krossinn og Sameinuðu þjóðirnar. Þeir tóku mér fegins hendi og ég var þar með þeim í nærri tvö ár. Síðan hættu þeir rekstri þarna niður frá og núna er ég hjá öðru fyrirtæki sem ég þekki reyndar mjög vel frá gamalli tíð. Þetta fyrirtæki tók einu sinni Otterinn okkar á leigu og Hálfdán vinur okkar Ingólfsson flaug líka fyrir þá í rúm þrjú ár.“

Gott og trúrækið fólk

Að fráteknum hinum löngu fjarvistum að heiman (og að missa af jólahaldinu með fjölskyldunni og öllum barnabörnunum) segir Hörður að þetta starf sé skemmtilegt. „Ég er á Twin Otter alveg eins og í gamla daga. Þetta er persónulegt eins og í gamla daga. Ég er mikið með sömu farþegana og kynnist þeim vel. Það má segja að þetta séu allt orðnir kunningjar og vinir.“

Hörður hefur einu sinni áður verið yfir jólin suður í Alsír, sem er múslimaland, eins og kunnugt er. Hann lætur vel af kynnum sínum af Alsírbúum. „Ég hef kynnst fjöldanum öllum af góðu heimafólki. Mér vitanlega hef ég ekki hitt þarna neinn óþokka ennþá. Þetta er trúrækið fólk. Menn eru komnir út strax á morgnana með bænamottuna sína og breiða úr henni á næsta sandbing og biðja til Allah. En jólin sem ég var þarna úti voru nú ósköp fátækleg hjá mér. Við vorum ekki nema fjórir kristnir menn í þeim búðum yfir jólahátíðina og komum bara saman og fengum okkur kaffisopa og konfekt. Það var ekkert annað jólahald í það skiptið.“

Trúarsiðir allir eru hjá Alsírbúum eins og öðrum múslimaþjóðum með öðrum hætti en Íslendingar eigum að venjast. „Núna fyrir skömmu lauk hjá þeim föstumánuðinum Ramadan. Á þeim tíma neyta menn ekki matar meðan dagsbirtu nýtur og þeir reykja ekki heldur yfir daginn. Ég tók eftir því að sumir gátu átt það til að vera dálítið skapstyggir meðan svo stóð á. Þetta er prýðisfólk og að mörgu leyti ekki ósvipað Spánverjum, að minnsta kosti sá hluti alsírsku þjóðarinnar sem býr norður við Miðjarðarhaf og í fjallendinu þar suður af.“

Bláeygt fólk í „Barbaríinu“

„Ég kynntist einum Alsírbúa sem er ljós yfirlitum. Hann er olíuverkfræðingur. Ég nefndi við hann að Alsírbúar hefðu verið miklir sæfarendur fyrr á öldum og sagði honum að þeir hefðu meðal annars siglt til Íslands og rænt fólki og tekið með sér og selt á þrælamarkaði í Algeirsborg. Þetta þótti honum stórmerkilegt og vildi vita meira og ég varð að rifja upp allt sem ég mundi frá Tyrkjaráninu svonefnda. Þessi hluti Alsírbúa kallast Berbar sem mun vera sami orðstofninn og Barbaríið, nafnið sem Íslendingar

Hörður í bænatjaldi Túareg-hirðingja í Sahara.

notuðu um þetta land á dögum Tyrkjaránsins. Berberarnir tala rómanskt mál en ekki arabískt.

Þetta fólk er miklu ljósara yfirlitum en almennt gerist í Norður-Afríku og jafnvel bláeygt. Yfirleitt eru Berbarnir betur menntaðir en almennt gerist meðal alsírsku þjóðarinnar. Kannski væri hægt að finna þarna einhverjar rætur frá Íslendingunum sem voru herleiddir suður í Barbaríið eftir Tyrkjaránið. Annars ber þarna mikið á áhrifum frá Frökkum og franskri menningu, sem vonlegt er, þar sem þeir réðu mjög lengi yfir landinu. Þar ber þó að undanskilja vínmenninguna sem er ekki upp á franskan móð. Þar sem þetta er múslimaland er áfengi ekki haft um hönd, að minnsta kosti ekki opinberlega.“

Fljótgert að stofna Flugfélagið Erni

Snúum okkur aftur heim og til þess tíma þegar Hörður Guðmundsson var rúmlega tvítugur. „Ég byrjaði að fljúga inn á Vestfirðina 1968. Árið eftir settist ég svo að fyrir vestan því og byrjaði þá með eina litla vél. Það var nú ekki formlegra en svo þegar Flugfélagið Ernir var að byrja, að Haukur heitinn Claessen vara-flugmálastjóri kom eitt sinn í heimsókn vestur og sagði: „Heyrðu Hörður minn, værirðu ekki til í að senda okkur nokkrar línur og sækja um flugrekstrarleyfi? Það er ekkert mál og verður afgreitt á einum fundi.“

Ég gerði það, stofnaði félagið og kastaði inn umsókn um flugrekstrarleyfi og þar með var þetta frágengið. Ég var svo fyrir vestan frá 1969 og til ársloka 1995 eða í liðlega aldarfjórðung.

– Þú fórst ótal sjúkraflug í hvaða veðri sem var, jafnt á nóttu sem degi árið um kring ...

Sjúkraflug viss passi á jólum

„Úr því að þetta á að birtast í jólablaði Bæjarins besta, þá má minnast þess, að það var eiginlega viss passi hjá mér að standa upp frá jólaborðinu og fara í sjúkraflug. Það kom iðulega fyrir á aðfangadag að ég var kallaður út. Jú, líklega hafa sjúkraflugferðirnar hjá mér á öllum þessum tíma skipt þúsundum. Ég hef heyrt að varla hafi verið til sú fjölskylda á Vestfjörðum sem hafi ekki átt einhvern nákominn sem hafi einhvern tímann þurft á þessari þjónustu að halda á þessu rúmlega tuttugu og sex ára tímabili.“

– Telurðu að þú hafir einhvern tímann lent í beinni hættu í þessum óteljandi flugferðum þínum um Vestfirði?

„Nei, það held ég ekki. Maður lenti stundum í ágjöf, eins og sagt væri á sjónum, og stundum blés á móti, en þó að oft hafi verið erfiðar aðstæður, þá held ég að ég hafi aldrei lent í beinu hættuástandi. Kannski hefur það verið vegna þess að maður var hóflega smeykur og hélt þess vegna vel vöku sinni. Svo getur það líka hafa verið heppni að einhverju leyti. Þetta er nú alltaf eitthvert samspil. Venjulega gekk allt vel.

Annars er það út af fyrir sig lífshættulegt að lifa og maður veit ekki alltaf hvenær maður er kominn á ystu nöf. En svona starf lærist vel af reynslunni og einhvern veginn er eins og menn finni á sér ef þeir eru í þann veginn að fara yfir mörkin.

Á Brimbrjótnum konuna að þakka

– Þegar þú komst vestur á sínum tíma – hvaðan komstu?

„Reyndar er ég ættaður að vestan í aðra ættina. Móðir mín er úr Arnardal við utanverðan Skutulsfjörð. Ég var þar mikið í æsku hjá afa mínum og ömmu. Ég þekkti þess vegna allvel til fyrir vestan og átti þar auk þess heilmikinn frændgarð, bæði í Hnífsdal, á Ísafirði og á Flateyri og víðar, sem núna er reyndar allur kominn í burtu. Það hafa orðið alger kynslóðaskipti. En ég er fæddur í Reykjavík og uppalinn að miklu leyti í Kópavoginum. Svo var ég farinn að fljúga fyrir vestan og kominn þar með eigið fyrirtæki tuttugu og þriggja ára.“

– Þú kræktir þér líka í eiginkonu fyrir vestan ...

„Það var nú komið til aðeins áður. Ég vann á þeim tíma hjá Vita- og hafnamálastofnun. Náttúruöflin voru svo dugleg að brjóta niður Brimbrjótinn í Bolungarvík á hverju ári og það þurfti alltaf að senda unga og hrausta menn til að laga hann. Ég var í Bolungarvík eitt sumar í þeim erindagerðum og hitti Jónínu þar.

– Hefur kona þín farið með þér til Alsír?

„Nei, enda er þetta að mestu lokað land. Stjórnmálaástandið er dálítið sérstætt og ekki fyrir hvern sem er að ferðast þangað. Það má segja að herinn stjórni landinu“, segir Hörður og við snúum okkur aftur suður á bóginn í samtalinu.

Mannvirkin alveg ótrúleg

„Olían og gasið skipta afar miklu í efnahagslífinu í Alsír. Mannvirkin í kringum þetta eru alveg ótrúleg. Olíuleiðslurnar liggja mörg hundruð mílur sunnan úr landi og norður á strönd Miðjarðarhafs.

Ein gríðarleg leiðsla liggur frá Alsír og gegum Túnis, þaðan undir Miðjarðarhafið og upp á Sikiley og yfir á sjálfan Ítalíuskagann, undir Adríahafið og upp á Balkanskaga. Sú leiðsla er yfir 1.200 mílur á lengd eða svipað og frá Íslandi til Kaupmannahafnar. Önnur liggur vestur yfir Marokkó og fer undir Gíbraltarsundið og inn á Spán. Mér skilst að fjórði hver lítri af olíu í Evrópu komi frá Alsír.“

Hitinn fór í 54 stig

Hitastigið í Saharaeyðimörkinni er ólíkt því sem gerist á Ísafirði. „Ég hef verið þarna í 54 stiga hita. Það var í júlí í sumar. En loftraki í eyðimörkinni er nánast enginn, þannig að hiti kringum 35 stig er ósköp þægilegur. Yfir sumarið er algengast að hitinn sé frá 35 og upp í 45 stig. Yfir veturinn getur hitastigið verið alveg við frostmark fyrst á morgnana. Við tökum daginn yfirleitt mjög snemma.

Algengur morgunhiti yfir veturinn er fimm til tíu gráður en síðan fer hann upp í 25 og jafnvel 30 gráður yfir daginn. Hitasveiflurnar milli dags og nætur eru mjög miklar. Í hitteðfyrra var ég á stað sem liggur nokkuð hátt eða í 2.300 feta hæð og einn morguninn þegar við komum út var snjóföl yfir allri eyðimörkinni. Það var óneitanlega sérstakt.“

En þótt mannlífið og hitastigið og gróðurfarið og hér um bil allt sé ólíkt því sem Hörður Guðmundsson átti að venjast á Vestfjörðum „í gamla daga“ – fyrir utan Otterinn og fyrir utan það að flugbrautirnar eru ekki allar mjög merkilegar – þá er eitt dálítið sérkennilegt við flugið í Sahara sem minnir á Vestfirðina. „Stundum þurfti að reka sauðfé af brautunum fyrir vestan. Á sama hátt þarf stundum að reka úlfalda af brautunum í Sahara.“

Hjónin Jónína og Hörður við bækistöðvar Flugfélagsins Ernis á Reykjavíkurflugvelli rétt áður en hann hélt til Afríku. *Ljósmynd: Golli.*

Olíuhreinsistöðin og bækistöðvarnar með sandöldur Sahara í baksýn.

Hörður og vélar af gerðinni Twin Otter eru gamlir vinir.

Þorbjörn og fjölskylda skála í tilefni dagsins.

Þorbjörn slökkviliðsstjóri fimmtugur

Þorbjörn Sveinsson, slökkviliðsstjóri í Ísafjarðarbæ, varð fimmtugur á sunnudag. Af því tilefni bauð hann ættingjum, vinum og samstarfsmönnum til veislu í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað á Ísafirði. Boðið var upp á góðan mat og aðrar veitingar og voru um 40 manns saman komnir húsinu í fagnaðinum. Gísli Úlfarsson, verslunarmaður í Hamraborg á Ísafirði, hélt uppi fjörinu um kvöldið, en að sögn Þorbjörns var lítið um að sagðar væru vandræðalegar sögur af afmælisbarninu eins og tíðkast stundum á stórafmælum. „Ég fékk alveg frið fyrir slíku. Strákarnir voru ekkert að hrekkja mig“, sagði hann. Meðfylgjandi myndir voru teknar í afmælishófinu.

Gunnar Steinþórsson, Kristján Finnbogason, Hermann Hermannsson voru á meðal gesta í afmælishófinu.

Þar voru einnig þeir Fylkir Ágústsson, Jón Ólafur Sigurðsson og Veigar Guðbjörnsson.

Hjónin Guðný Hólmgeirsdóttir og Sigurður Mar Óskarsson heiðruðu afmælisbarnið með nærveru sinni.

Afmælisbarnið með afabarnið Birgi Goða Sveinsson.

Þorbjörn ásamt veislustjóranum Gísla Úlfarssyni.

Stefán Símonarson, Kristján Einarsson og Kristján Finnbogason stíga dans fyrir afmælisbarnið.

Ísafjarðarkirkja

Kyrrðarstund við kertaljós

Sunnudaginn 22. desember kl. 21 verður kyrrðarstund við kertaljós í Ísafjarðarkirkju, en þar syngur Kammerkórinn undir stjórn Guðrúnar Jónsdóttur og Huldu Bragadóttur aðventutónlist.

Tendruð eru á annað hundrað kertaljós og engin raflýsing notuð utan lesljós organista. Auk kórsins munu Herdís Jónasdóttir, Þórunn Kristjánsdóttir og Magni Hreinn Jónsson flytja Stille Nacht.

Nokkur umferðaróhöpp á Ísafirði

Ók utan í bíl og hvarf af vettvangi

Lögreglunni á Ísafirði var um kl. hálffjögur á þriðjudag í síðustu viku tilkynnt að ekið hefði utan í mannlausa, hvítgráa Nissan Micra bifreið á stæði við Pollgötu 4 á Ísafirði, þar sem meðal annars Efnalaugin Albert er til húsa. Sá sem ók utan í bifreiðina fór af vettvangi án þess að gera viðvart. Vitni að árekstrinum eru beðin um að hafa samband við lögregluna á Ísafirði.

Það óhapp varð í sömu viku að bifreið rann niður tröppur við heimahús á Ísafirði og festist þar. Orsökina má rekja til mannlegra mistaka ungs ökumanns. Annað óhapp varð þegar mannlaus, sjálfskipt bifreið, sem skilin hafði verið eftir í gangi og í drive-stillingu rann við Hafnarstræti út á akbrautina og stöðvaði umferð.

Ingólfur Eggertsson.

Ingólfur Eggertsson hjá Póls hf. hálfáttræður

Ingólfur Hálfdán Eggertsson, starfsmaður og einn af stofnendum Póls hf. á Ísafirði, varð hálfáttræður á mánudag. Af þessu tilefni var efnt til veislu í kaffitímanum í Póls en þar á bæ er venja, og í raun skylda, að starfsmenn bjóði upp á kökur með kaffinu þegar þeir eiga afmæli. Þessum merkisdegi var einnig fagnað á heimili Ingólfs á laugardag. Meðfylgjandi myndir tók Þorsteinn J. Tómasson, samstarfsmaður Ingólfs, af afmælisbarninu á mánudagsmorgun.

Afmælisbarnið (t.h.) og Guðmundur Finnbogason gæða sér á kökum í tilefni dagsins.

Jólahlaðborð og andleg næring á Flateyri

Árni B. Ólafsson veitingamaður bauð Önfirðingum og öðrum upp á jólahlaðborð í félagsheimilinu á Flateyri laugardagskvöldið 7. desember. Eins og kunnugt er rekur Árni hinn gamalfræga skemmtistað Vagninn á Flateyri. Krásum hlaðið borðið svignaði undan síldarréttum, kalkún, hangikjöti, Lundúnalömbum og hamborgarhrygg, sjávarréttakæfu og ýmsu öðru góðmeti en í lokin var tertuveisla. Lýður Árnason læknir og skemmtikraftur og vinir hans sáu um andlega næringu veislugesta. Um 70 manns fylltu félagsheimilið þegar hátíðarhöldin stóðu yfir. Síðan fjölgaði nokkuð þegar borðhaldi lauk og önfirska hljómsveitin Bland í poka hóf að leika fyrir dansi. Páll Önundarson tók meðfylgjandi.

VÍRUSVARNIR · INTERNETÞJÓNUSTA · TÖLVUR · PRENTARAR · SKANNAR · TÖLVUÍHLUTIR



Tár jólanna á Hlaðeyri

Lognið var algert. Hvorki bærðist hár á höfði né heyrðist til nokkurs manns. Einstaka sjófugl gargaði svona rétt til þess að láta vita af lífi. Í sjónum spegluðust jólaljósin sem þó voru komin upp. Oftast höfðu þau verið fleiri og meira í lagt en nú. Allt átti sér þó skýringar.

Um sumarið hafði hún dvalið í Reykjavík og líkað það nokkuð vel þegar á leið. Í fyrstu var vistin daufleg, asinn mikill og enga þekkti hún sem komu í stað vinanna á Hlaðeyri. Hún hafði því verið einmana um sumarið og tekið því fagnandi þegar Karl hafði sýnt henni áhuga. Hann var myndarlegur og gekk svo sannarlega í augun á stúlkunum. Á skemmtistöðunum söfnuðust þær að honum eins og mý á mykjuskán. Kolbrún hafði því ekki átt von á því að hún ætti eftir að kynnast honum en svo fór nú samt.

Hann kom til hennar og bauð henni að dansa og í vandræðagangi sínum hafði hún ekki getað neitað. Kannski hafði hana einfaldlega ekki langað til þess að neita.

Lífið var svo sem ekkert sérlega skemmtilegt. Vinnan í matvörubúðinni var ekki sérstaklega spennandi, alltaf sama fólkið, eldra fólkið úr hverfinu sem kom og keypti í matinn. Það hefði sjálfsagt verið skynsamlegra að þiggja skrifstofuvinnuna, en hún hafði heldur viljað vera hjá föðursystur sinni sem bjó í vesturbænum og því hafði hún þegið þessa vinnu þegar hún bauðst. Henni leiddist verzlunarstjórinn sem alltaf virtist vera að reyna við hana, nema þegar konan hans kom í heimsókn, þá hagaði hann sér eins og maður. Auðvitað leiddist henni.

Það hafði reynzt erfiðara að fara að heiman en Kolbrún hafði búizt við, félagarnir, sem höfðu ætlað að fylgjast að til höfuðborgarinnar, höfðu orðið eftir heima á Hlaðeyri, allar vinkonurnar voru búnar að ná sér í kærasta eða jafnvel giftar og farnar að eiga börn, hvort heldur til var að dreifa hjúskap eða ekki. Henni hafði ekki litizt á þann kostinn. Hún vildi sjálf vera komin af því stigi að vera barn áður en hennar eigin færu að fæðast. Reyndar var Kolbrún alls ekki viss um að hana langaði til að eignast börn. Reykjavík, höfuðborgin sem allir á Hlaðeyri töluðu um sem eftirsóknarverða og að þar væru tækifærin fólgin, reyndist henni erfið og andsnúin að flestu leyti þar til Karl kom til sögunnar.

Augnablikið þegar hún tók fyrst eftir honum var ógleymanlegt. Það var að morgni dags undir mánaðamót þegar óvenju erfitt hafði verið að afgreiða gamla fólkið. Flestir höfðu kvartað yfir því hvað allt væri dýrt og margir höfðu skilað hluta af vörunum. Þá þurfti að stimpla út úr peningakassanum á nýjan leik. Einstaka hafði reyndar tekið tvær tarnir í skilum. Þegar þetta hafði gerzt um tvenn mánaðamót áttaði Kolbrún sig á því að flest af þessu fólki átt varla peninga til að lifa af.

Hún hafði stundum borið vörurnar heim þegar rólegt var og séð að flestir viðskiptavinanna bjuggu vel í stórum íbúðum eða jafnvel einbýlishúsum, en samt áttu þau varla fyrir mat. Löngu seinna í samtali hennar og Auðar frænku eitt kvöldið þegar þær sátu og spjölluðu kom í ljós hvers kyns var. Lífeyrir þessa fólks var svo lítill að hann dugði varla til þess að lifa af þótt íbúðirnar væru skuldlausar. En sumar þurfu viðhald og málningu og fólkið sneri hverjum eyri í lófa sér síðustu daga mánaðarins.

Hún leit út eftir Hafnarstrætinu og sá mann nálgast í fjarska, kunnuglegan en þó vissi hún ekki hver hann var.

Karl hafði komið inn í búðina síðasta dag mánaðar þegar allt var á haus og hver viðskiptavinurinn á fætur öðrum tíndi upp af kassaborðinu og hún var orðin niðurbrotin og þreytt. „Hvernig gengur?“ Röddin var djúp, en mjúk og þægileg. Það var eitthvað aðlaðandi við þessa rödd. Hvað kom ókunnugum við hvernig henni gengi að afgreiða og tína upp skilavörur ellilífeyrisþega þessarar þjóðar sem lét sér á sama standa um afdrif þessara þegna sinna, sem höfðu skilað þjóðfélaginu dagsverkinu sínu. Hún leit upp og við blasti viðkunnnanlegt andlit ungs manns, sem brosti þannig að sólbrúnt og útitekið andlitið rammaði inn tvo hvíta tanngarða. Það sem fangaði hana algerlega voru þó augun, blá og það skein úr þeim velvildin.

„Það gengur bara vel, sérstaklega þegar maður fær frið til þess að afgreiða viðskiptavinanina.“ „Já það er mikið að gera í dag“ svaraði hann og kynnti sig, „Karl heiti ég. Ég bíð eftir því að röðin komi að mér.“

Nokkru seinna kom röðin að honum, hún hafði alltaf komið að honum þann tíma sem þau höfðu þekkzt, alltaf! Enn mundi hún hvað hann hafði keypt, tannkremstúpu, tannbursta og rakspíra, tvær kók og jafnmörg prins pólo. Svo kvaddi hann og sendi þetta fallega bros. Augnaráðið undirstrikaði brosið. Hvort tveggja snart streng í hjarta hennar og sælutilfinning fór um hana. Mun auðveldara var að eiga við ellilífeyrisþegana það sem eftir lifði dags. Um kvöldið var í henni einhver óeirð og frænka sagði hanni að fara nú eitthvað út og létta sér upp. Þá hafði hún staðið að minnsta kosti tíu sinnum upp frá sjónvarpinu enda var dagskráin óvenju leiðinleg eða svo fannst henni.

Hún fór út og gekk niður í miðbæ og rölti um. Ekki lagði hún í að fara inn á skemmtistaðina, einhvern veginn lagði hún ekki í það. Eftir rúma klukkustund ætlaði hún að leggja af stað heim. Þá renndi sportlegur jeppi upp að henni og þegar hún var að jafna sig eftir að hafa brugðið var framrúðan skrúfuð niður og rödd hrópaði til hennar, rödd Karls. Viltu far? Með honum í bílnum voru strákur og stelpa á svipuðu reki, sú þó sennilega eldri en hin þrjú. Þegar heim kom þakkaði hún fyrir og kvaddi. Auður var farin að sofa. Henni gekk illa að sofna og taldi það vera vegna annríkis undanfarna daga. Það var síður en svo upplífgandi að afgreiða rétt fyrir mánaðamót.

Þegar Auður heyrði að hún hefði ekkert farið hvatti hún Kolbrúnu til þess að drífa sig nú á skemmtistað á laugardagskvöldinu. Búðin var opin til hádegis og fremur rólegt að gera framan af. Karl kom og keypti eitthvert smáræði og stelpan úr bílnum var með honum. Hún sagði ekkert en Karl þakkaði henni fyrir síðan og spurði hvernig hún hefði það. „Gott“ svaraði hún en ekki sannleikanum samkvæmt. Í henni var einhver óeirð.

Stúlkan, sem hún hélt að væri systir Karls, var hálfvandræðaleg og leið greinilega ekki vel. Dagurinn leið og fátt gerðist. Auður ýtti við frænku sinni að fara nú út og gera sér glaðan dag.

Um kvöldið horfðu þær frænkurnar saman á sjónvarpið, fréttir og einhvers konar skemmtiþátt. Svo ákvað Kolbrún að fara út. Eftir að hafa gengið lengi fram og til baka um miðbæinn dreif hún sig inn á skemmtistaðinn við hliðina á Landsímahúsinu. Inni var reykjarmökkur og nokkur hávaði og talsvert af ungu fólki, misjafnlega drukknu. Hún þekkti engan. Þetta var einhvern veginn allt öðruvísi en heima þar sem hún þekkti alla og öryggisleysið heltók hana. Í þann mund að hún hafði sannfært sjálfa sig um það að það hefðu verið mistök að koma hingað og eyða peningum kom hún auga á Karl. Hann var einn.

Nei, reyndar var það ekki svo, en hvorki strákurinn né stúlkan sem voru með í bílnum í gærkvöldi voru þarna.

En umhverfis hann voru nokkrar stelpur í flottum fötum og vel tilhafðar, eins og klipptar út úr tízkublaði. Þá koma Karl auga á hana, sagði eitthvað við stelpurnar og kom til Kolbrúnar, sem var að búa sig undir að fara heim. Enn vissi hún ekki af hverju hún hafði ekki neitað dansinum. Kvöldið leið og henni fannst hún himin höndum hafa tekið. Sjaldan, nei aldrei, hafði vellíðanin náð slíkum heljartökum á henni. Auðvitað gáfu margir þeim auga. Hann var líka myndarlegasti karlmaðurinn á staðnum og stelpurnar sem höfðu verið með honum þegar hún kom auga á hann voru ólundarlegar á svipinn.

Maðurinn sem hún hafði komið auga á nálgaðist hægum skrefum. Auðvitað þekkti hún hann án þess að koma því fyrir sig. Það hlyti að koma þegar nær drægi. Kolbrún fann að upprifjunin frá sumrinu fyrir þremur árum var bæði ljúfsár og erfið. Henni gramdist að hafa verið svo einföld að láta fara svona með sig. Hún sem var þekkt fyrir það á Hlaðeyri að láta ekki strákana plata sig og enn var talað um hana með virðingu þegar minnst var á hve erfitt strákunum hefði verið að ná í hana. Engum Hlaðeyrarstrákanna hafði tekizt það enn. Leyndarmálið var auðvitað að hún var svo feimin og hrædd við þá að hún lét alltaf eins og hún hefði ekki áhuga. Enn gargaði svartbakur og dró athyglina að spegilsléttum sjónum. Það mátti sjá jólaseríuna sem hékk yfir framhlið litla veitingastaðarins speglast í sjónum. Þaðan átti hún nokkrar minningar um eitthvað sem hafði fólgið í sér loforð um framtíð en varð svo ekkert úr. Hún mundi sérstaklega eftir Leifa, sem hvarf svo, enginn vissi hvert.

Oftast hafði eitthvað verið um að vera á veitingastaðnum meðan hún hafði verið heima. Þegar hún leit til baka var það eitthvað svo ómerkilegt í samanburði við sumarið með Karli. En fátt segir af einum fyrr en fullreynt er. Oft varð henni hugsað til þess hve dásamlegt það var að vita ekkert um framtíðina, vera allsendis óvitandi um það sem hún

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Hárkompaní

Silfurgötu 1 – Ísafirði sími 456 6363

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

LÖGSÝN EHF.
Lögfræðiþjónusta

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Þórsberg ehf.,

Strandgötu 5 – Tálknafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Vestri ehf.,

Aðalstræti 5 – Patreksfirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Klofningur ehf.,

Aðalgötu 59 – Suðureyri

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

HÁR & HITT

Pollgötu 4 – Ísafirði

bæri í skauti sér. Sú vissa var jafn kristalstær og sjávarloftið úr firðinum, sem var eins og sjórinn, bærðist ekki alveg stillt en undurhreint, þó var af þeim keimur sem hún kom ekki fyrir sig. Það fylgdi því vizka, kyrrstæð og djúp, ólík tilfinningunum sem ólguðu í brjósti hennar nú, ólík vonbrigðunum. Og þó hafði hún ekki yfir neinu að kvarta, hafði ekki verið heima þegar snjóflóðið ægilega féll yfir þorpið. Heilar fjölskyldur höfðu týnt lífi og vinkonur hennar tvær voru horfnar að eilífu. Minningin ein stóð eftir. Sá missir var sár og endanlegur. Ekkert kæmi í stað þeirra sem fóru í snjóflóðinu.

Aftur hvarflaði hugurinn að Karli, sem var svo skemmtilegur og þægilegur, bauð henni í bíltúr á kvöldin og heim til sín. Auðvitað gerðist hið óumflýjanlega. Hún varð ástfangin og sá ekki sólina fyrir honum. Í byrjun fóru þau oft saman í bíó og út að skemmta sér. Hvorugt þeirra neytti áfengis og fíkniefni voru eitthvað sem hún myndi aldrei láta inn fyrir sínar varir. Það var gaman að vera með Karli. Stelpurnar sneru sér við og horfðu á eftir þeim og auðvitað fann hún til sín, hafði verið valin, tekin fram yfir aðrar. Það skrýtna var að aldrei bauð hann henni heim til foreldra sinna eða kynnti hana fyrir ættingjum sínum. Vini virtist hann eiga fáa. Það skipti svo sem ekki máli, hún var sátt við að dvelja með honum nokkrar nætur í mánuði í litlu íbúðinni sem hann leigði í blokkinni við Hringbrautina. Ástin blindar víst fólk á umhverfið, sjálft sig og alla aðra, þar á meðal þann sem elskaður er. Það átti eftir að sýna sig. Smám saman æxluðust mál þannig að þau fóru æ sjaldnar út að skemmta sér, hittust aðallega heima hjá honum og svo liðu dagar á milli. Það skipti Kolbrúnu ekki máli því Karl kom alltaf í búðina og henni var hætt að leiðast, hafði eitthvað til þess að lifa fyrir sem gerði lífið auðveldara og henni fór að þykja vænna um gamla fólkið og reyndar alla viðskiptavinina, líka rauðhærða prakkarann, Óla, sem hún hafði einu sinni staðið að því að hnupla úr búðinni. Óli var kjaftfor og stríddi henni með kallinum á jeppanum sem var alltaf að koma og tala við hana þegar lítið var að gera. Það var einkennilegt með þessi börn. Gátu foreldrarnir ekki passað þau betur? En Óli litli átti eftir að reynast henni betri en enginn áður en yfir lauk. Haddi verzlunarstjóri lét hana í friði eftir að Karl kom til sögunnar. Þó neitaði Karl að hafa sagt nokkuð við Hadda. Hverju skipti það? Hún var haminjusöm, annað fólk skipti ekki máli.

Þeim Auði kom vel saman þótt aldursmunurinn væri allnokkur. Lengi vel spurði Auður einskis, vissi sennilega af ástarævintýrinu. En þegar vikurnar liðu fór hún að forvitnast af hverju Karl kæmi aldrei heim til hennar, þó ekki væri nema til þess að sækja hana. Kolbrún eyddi talinu, fannst Auði frænku ekki koma þetta við. „Mér finnst að þú eigir að kynna hann fyrir mér þótt þú viljir hafa ein fyrir þig.“ Kolbrúnu fannst að frænku sinni kæmi þetta ekkert við en sagði aðeins: „Hann er alltaf að vinna.“ Alltaf eyddi hann öllu tali um vinnuna og aðra einkahagi eins og hann orðaði það. Þó vissi hún að vinnustaðurinn var í austurbænum, skrifstofa innflutningsfyrirtækis og að hann væri að safna fyrir íbúð. Henni var líka sama. Í vetur ætlaði hún að fara í Verzlunarskólann og læra svo hún gæti unnið hvort heldur í verzlun eða á skrifstofu. Það væri engin framtíð í því að vinna í frystihúsinu eins og Sigrún vinkona eða eiga börn eins og Margrét frænka sem átti tvö og var þó aðeins 21 árs gömul, ógift en bjó með föður seinna barnsins, sjómanni sem aldrei var heima. Þannig var það á Hlaðeyri. Flestir karlmenn stunduðu sjóinn, ef ekki á togaranum þá á einhverjum línubátanna og þeir sem það gerðu ekki unnu í frystihúsinu með stelpunum sem ekki voru í kaupfélaginu. Afskaplega óspennandi líf, sérstaklega í samanburði við hennar eigið.

Það fannst henni þá, enda snerist tilvera hennar Karl, þennan myndarlega og skemmtilega mann. En svo hætti hann að vera alltaf jafn skemmtilegur og átti æ sjaldnar tíma fyrir þau um helgar, en nærri alltaf í miðri viku eftir vinnu. Það var ágætt, þau eyddu þá ekki peningunum á meðan. Þeim Auði kom líka svo ljómandi vel saman. Helzt var það forvitnin í frænku sem þreytti hana. Hvað var hún líka að skipta sér af því sem ekki kom neinum við nema Kolbrúnu. Ekki hafði Auður gifst, alltaf búið ein þar til núna og hún ætlaði að bjóða henni að vera í vetur meðan hún stundaði skólann. Það var ágætt en það hlyti að koma að því að þau Karl flyttu saman, kannski ekki í vetur en fljótlega eftir það. Bezt leið henni með Karli og samvistirnar við frænku voru ágætar þegar hún var ekki hnýsast í einkamálin.

Kolbrún fann hvernig tárin laumuðust fram í augnkrókana þegar minningarnar tókust á flug. Hún þurrkaði tárin og leit upp um leið. Maðurinn sem nálgaðist var Leifi, jafn hæglátur og fyrr en beinn í baki og hnarreistur og yfir honum hvíldi ró, enn voru milli tvöhundruð og þrjúhundruð metrar á milli þeirra og hann hafði stanzað og starði út yfir spegilsléttan fjörðinn. Sennilega ætlaði hann að snúa við. Þá áttaði hún sig að lyktin af kæstri skötu lá yfir þorpinu á Hlaðeyri. Sumt breytist ekki, á Þorláksmessu borða allir kæsta skötu með hnoðmör. Annars væri þeim ómögulegt að halda jólin. Sumir snæddu hana bæði í hádeginu og á kvöldin og þá var gjarnan drukkinn bjór með og einstaka maður kom seint heim það kvöldið til að skreyta jólatréð. En alltaf héldu jólin innreið sína í þessu þorpi sem hafði mátt þola svo mikið og var að henni fannst ekki nema svipur hjá sjón, en samt það sama í minningunni.

Auðvitað breytist allt, fólk, umhverfi og aðstæður. Enginn dagur rennur upp nákvæmlega eins og sá fyrri þótt stundum finnist manni það. Hún átti eftir að finna fyrir því bæði í einkalífinu og þegar snjóflóðið féll. Hugurinn hvarflaði heim til jólanna sem haldin voru í húsinu hjá afa og ömmu, húsinu sem var svipt í burtu með ægivaldi heljarkrumlu snjóflóðsins, sem breytti lífi allra á Hlaðeyri að eilífu, ekkert yrði nokkurn tíma eins. En þegar það gerðist langaði hana heim til vina, fjölskyldu og frænda. Hennar eigið líf hafði orðið fyrir áfallinu. Hún mundi enn tilfinninguna þegar rauðhærði prakkarinn, Óli, hafði komið inn í búðina og sagt við hana svo hátt að allir heyrðu: „Kallinn sem er alltaf að heimsækja þig var að kyssa kellingu úti í bíl áðan.“

Þetta hafði einmitt verið rétt fyrir mánaðamót þegar mest var að gera og henni brá svo að hún missti vörurnar sem hún var að taka upp úr poka ekkjunnar í næstu götu á gólfið. Henni sortnaði fyrir augum og var nærri dottin. Þá greip gamli maðurinn sem beið eftir afgreiðslu í hana og hélt henni meðan hún var að jafna sig. Ekkjan skammaði hana og tautaði eitthvað um að þetta unga fólk gæti ekkert gert rétt og bæri að auki enga virðingu fyrir gömlu fólki. Þegar hún leit upp aftur var Óli litli horfinn. Annríkið sem fylgdi á eftir varð til þess að hún fór að hugsa um annað, en einhver óróleiki gróf um sig. Þegar kom að matartíma ætlaði hún að fara inn í kaffistofu, en þá kom Karl inn og heilsaði henni brosandi og bauð henni í bíltúr. Hún velti því fyrir sér hvort hún ætti að segja eitthvað, ákvað svo að litli rauðhærði prakkarinn hefði bara verið að stríða sér. Karl var í óvenju góðu skapi og ók út á Seltjarnarnes eins og þau höfðu oft gert um sumarið. hann sagði fátt en blístraði lagstúf, stöðvaði jeppann og tók utan um hana og kyssti hana. Allt var gott aftur, allt var gleymt, eða hvað?

Ólafur Helgi Kjartansson, fyrrum skattstjóri og síðan sýslumaður á Ísafirði og nú sýslumaður á Selfossi, hefur um langt árabil ritað jólasögur fyrir Bæjarins besta. Sú fyrsta birtist í jólablaði BB árið 1986 og síðan hafa sögur hans birst árlega að undanskildum árunum 1992 og 1993. Hér birtist síðan nýjasta jólasaga Ólafs Helga, *Tár jólanna á Hlaðeyri*.

Þetta var óvenju fallegur dagur, eins og þeir verða beztir að haustlagi við Faxaflóann, stillt veður og nærri logn. Snæfellsjökullinn blasti við í fjarska og minnti hana á Vestfirðina, á Hlaðeyri og hana langaði heim eitt augnablik. Það var auðvitað ekki hægt. Hún hallaði sér upp að Karli og lét hugann reika. En hvað hann var myndarlegur og góður, alltaf kom hann í hádeginu ef mögulegt var til þess að tala við hana. Hún vildi ekki eyðileggja þessa stund með því að tala um heimþrána, sem skyndilega greip hana. Löngu seinna vissi hún hvers vegna. Undirvitundin hafði gert vart við sig og var að reyna að vekja hana, en stund draumsins var ekki runnin. Hann lifði enn. En þess sárara var að vakna þegar kom að því.

Aftur laumuðust tárin fram í augnkrókana. Í gegnum tárin sá hún Leifa standa eins og myndastyttu og stara út á fjörðinn, eins og dáleiddan. Áleifur hafði alltaf skorið sig úr. Strax á barnsaldri var hann gerólíkur öllum jafnöldrum sínum. Hann passaði ekki í þorpið, var annarrar gerðar, lestrarhestur, sem þó var mikið úti við, en hafði engan áhuga á fótbolta eða öðrum íþróttum. Hann fór í langar gönguferðir, alltaf einn og stundum fór hann á árabáti föður síns út á fjörðinn, einn. Hún hafði hugsað til hans lengi, en mundi að hann hafði oft orðið útundan, var mikið strítt og stundum barinn. Þeir höfðu ævinlega horn í síðu hans stóru strákarnir, settu sig aldrei úr færi að gera lítið úr honum og auðmýkja hann, sérstaklega fyrir framan stelpurnar. Allir hlógu að honum. Kolbrún hafði líka tekið þátt í því, ekki vegna þess að hún hefði neina ánægju af því heldur til þess að vera með hinum. Kannski var hún að forðast að verða fórnarlamb stóru strákanna.

Í dag vissi hún að þetta var ekkert annað en einelti. Þeir höfðu fundið allar mögulegar leiðir til þess að kvelja Leifa. Honum var strítt á því að vera lítill, að vera með gleraugu. Hann naut sín í skólanum, var alltaf hæstur í öllum prófum, en það virtist espa þá strákana til frekari illvirkja gagnvart honum. Hún vissi að þeir höfðu barið hann svo illa að annað augað sökk og það liðu margir dagar þar til sást í það og margar vikur unz glóðaraugað hvarf. Þeir brutu meira að segja gleraugun hans og hótuðu honum því að að ef hann kjaftaði frá, þá skyldu þeir berja hann enn frekar. Og Leifi litli þagði þrátt fyrir að fá skammir heima fyrir að koma með gleraugun brotin og rifnar buxurnar þegar hann loks skilaði sér um kvöldið. Foreldrar hans voru fátækir eins og margir í þorpinu, voru gott fólk en skildu ekki af hverju drengurinn var svona fálátur og ekki tosaðist upp úr honum orð þótt hann kæmi illa útleikinn heim. Hann sagðist hafa dottið við að klifra í klettum ofan við þorpið. Hin börnin þögðu því ekki vildu þau hljóta sömu örlög. Enginn vildi leggja lag sitt við Leifa, sem fyrir vikið varð enn einrænni og dularfyllri, en stóð sig samt alltaf jafn vel í skólanum og varð hæstur þetta vorið eins og önnur.

Síðasta veturinn í skólanum keyrði um þverbak. Þá ætluðu þeir að koma í veg fyrir að hann yrði hæstur. Gummi, sá sem oftast var næstur Leifa í einkunnum, ákvað að nú skyldi hann hafa hann undir í prófunum. Sagan sagði að þeir hefðu farið með Leifa upp í hjall fyrir ofan þorpið og hótað honum og barið að lokum. Hann sagði hins vegar ekkert og lét hótanirnar ekkert á sig fá. Þeta var í lok marz eða byrjun apríl og fremur kalt í veðri. Eftir á vildi enginn tala um hvað gerzt hafði. Seinna um daginn barst sú fregn um þorpið að Leifi væri týndur. Hreppstjórinn kvaddi menn til leitar og þeirra á meðal var faðir Gumma ásamt ferðrum nokkurra hinna drengjanna. Leitað var um allt þorpið án árangurs. Eftir langa leit fundust föt Leifa í hjallinum, en hvorki tangur né tetur af honum sjálfum. Þá var sýslumaðurinn á Skarfeyri látinn vita og auglýst eftir drengnum í útvarpinu, en án árangurs. Þorpið var á öðrum endanum, en enginn drengjanna þorði að segja neitt.

Loks höfðu menn fundið að bát föður Leifa vantaði. Þá grunaði marga hið versta. Þá var komið myrkur og erfitt um leit á sjó því línubátarnir voru á sjó og þeirra var ekki von fyrr en daginn eftir. Nú voru góð ráð dýr. Ýtt var fram nokkrum skektum, en myrkið gerði alla leit erfiða og hún varð árangurslaus. Þorpið var lamað og foreldrar Leifa voru miður sín. Presturinn var kominn heim til þeirra. Nóttin varð löng á Hlaðeyri og öllum leið illa.

Þegar leit átti að hefjast að morgni undir stjórn lögreglunnar á Skarfeyri sigldi einn línubáturinn inn fjörðinn og lögreglmennirnir tilkynntu að Leifi væri um borð. Nánast allir þorpsbúar biðu á bryggjunni þegar Brimill lagði að og lögreglumennirnir fóru um borð ásamt sýslumanni og foreldrum Leifa. Um klukkustund síðar komu þau frá borði ásamt Leifa og skipstjóranum. Þau fóru öll í lögreglubílinn sem ók rakleiðis burt til Skarfeyrar. Kolbrún mundi að strákarnir voru mjög vandræðalegir. Seinna spurðist að Brimill hefði fundið Leifa í árabátnum undir morgun, talsvert utan við fjarðarmynnið, vafinn í strigapoka. Hann klæraði prófin með glæsibrag um vorið og fór svo burt . Hún vissi ekkert hvað af honum varð, hafði ekki séð hann árum saman fyrr en nú.

Kolbrún þurrkaði tárin og sá út undan sér hvar Leifi nálgaðist hægum skrefum.

Karl hafði verið einstaklega þægilegur næstu dagana. En einhver grunur, ótti, nagaði Kolbrúnu. Nokkrum dögum seinna kom Óli litli inn í búðina þegar lítið var að gera og sagði að kallinn á jeppanum væri alltaf að kyssa aðra kellingu. Hún taldi það vera stríðni því

Karl var sérlega þægilegur og hafði meira segja komið í heimsókn til þeirra Auðar.

„Komdu sæl! Er þetta ekki Kolbrún?“ sagði Áleifur lágt og rétti fram höndina. Hún þurrkaði tárin af hvörmum sér með handarbakinu og rétti honum tárvota höndina. „Sæll Áleifur.“ Síðan varð vandræðaleg þögn. Hún virti þennan mann fyrir sér. Vissulega var þetta Leifi. Hann var myndarlegri en fyrr. Yfir honum hvíldi ró og festa. „Ég hef ekki séð þig lengi.“ „Nei, ég hef ekki komið heim síðan ég kláraði prófin um vorið“, svaraði hann vandræðalega. Síðan spurði hann um hagi hennar, hún hafði ekki verið mikið á Hlaðeyri síðustu árin hafði hann heyrt. Kolbrún kannaðist við það og sagði að til þess hefðu legið ýmsar ástæður. Hún spurði svo hvar hann hefði sjálfur alið manninn. „Það var ekkert sem batt mig við Hlaðeyri lengur eftir ævintýrið um vorið. Ég gat ekki hugsað mér að vera hér lengur. Foreldrar mínir skildu það og þú veizt að við fluttum stuttu síðar til Skarfeyrar. Við vorum ekki hér þegar snjóflóðið féll á þorpið. Það var skelfilegt, húsið okkar fór, en það var litið mál, ef ekki hefði búið í því fólk.“ Þau þögðu bæði. Skelfing snjóflóðsins myndi fylgja þorpsbúum alla ævi með einum eða öðrum hætti. Það vissu þau og um leið að hver og einn yrði að gera upp missi sinn við sjálfan sig. Kolbrúnu leið vel í návist Leifa. Hún hafði ekki haft neina sérstaka skoðun á honum, vissi sem var að hann var góður námsmaður og fremur einrænn. Hennar eigin reynsla hafði nú kennt henni að aðstæðurnar skapa manninn. Þarna stóðu þau án þess að segja orð og hvort um sig hugsaði sitt. Fyrir einskæra tilviljun hafði þau rekið saman nánast í fjörunni á Hlaðeyri, þar sem þau höfðu bæði hafið lífsgönguna, hún við haminginju og gott atlæti, hann við einelti. Bæði höfðu þau farið, hann til að leita lífshamingjunnar annars staðar eins og hún. Margar spurningar brunnu þeim á vörum. Hvernig hafði lífshlaup hins verið? Hvers vegna ertu hér nú? Og Kolbrún spurði og Leifi svaraði: „Ég fór og lofaði sjálfum mér að koma ekki aftur, vissi að hér var ekkert fyrir mig nema vandræðin. Það er vont að vera öðruvísi.“ Svo kom löng þögn. „Það vor sárt að vita að ég sæi þig aldrei aftur. Þú varst góð við mig.“ Hún leitaði í huga sér, hafði að vísu aldrei gert neitt fyrir Leifa, en ekki strítt honum og stundum gengið með honum heim eftir skóla. „Ég gerði ekkert fyrir þig“ svaraði hún. „Jú, þú talaðir við mig, varst mér hlý og góð, gekkst með mér heim eftir skóla.“

Þau höfðu ekki sézt í nærri 10 ár og þetta mundi hann. „Hvað varð um þig?“ Henni vafðist tunga um tönn. Það hafði aldrei verið ætlunin að koma vestur til þess að svara spurningum. Nóg hafði henni liðið illa samt. En svo ákvað hún að segja honum allt. „Ég fór til Reykjavíkur nokkrum árum á eftir þér.“ Svo sagði hún honum allt fyrstum allra, frá vonbrigðunum þegar hún hafði ákveðið að fara heim til Karls og fann hann í rúminu með stúlkunni úr jeppanum, Heru, því að þá hefði hún sjálf verið með barni Karls, sem hún missti svo á fimmta mánuði, sorginni, vonbrigðunum og áfallinu að vita að Karl bjó í raun með Heru, en upp úr þeirri sambúð slitnaði síðar þegar fréttist um þungann hennar. Hún sagði Áleifi líka frá því að Karl hefði reynt að fá sig í samband aftur og að hún hefði sökkt sér í háskólanám í sálfræði og hægt og bítandi unnið sig upp úr áfallinu með hjálp Auðar. En ekki hafði hún þorað að leggja lag sitt við karlpeninginn aftur.

„Ég kom af því ég er að læra jarðfræði og vildi kynna mér afleiðingar snjóflóðsins, en aðallega í þeirri von að hitta þig.“ Hann tók utan um hana og lagði vanga sinn að hennar, varð svo feiminn, vissi hana reynslumeiri í þessum efnum en sig. Hún fann hlýjuna frá honum, tók báðum höndum um höfuð hans og kyssti hann, þrátt fyrir skötubragðið. Þegar í ljós kom að hann ætlaði suður á morgun til að halda þar jól með ættingjum bauð hún honum að koma heim til foreldra sinna ef hann vildi halda ein jól enn á Hlaðeyri.

Það sagðist hann gera. „Mínar raunir eru engar samanborið við ykkur hinna sem voruð hér þegar flóðið féll.“ Hún sagðist ekki hafa verið heima þegar það gerðist. Þau vissu bæði að sá styrkur sem íbúarnir sýndi þegar á reyndi hlyti að búa með þeim líka. Þessi jól yrðu þeim báðum frábrugðin öllum fyrri. Fyrirheit nýs árs biðu þeirra og þau leiddust heim til hennar. Hvað sem á dyndi ætlaði hvort um sig ekki að glata þessu tækifæri sem beið. Tárin á hvörmum Kolbrúnar féllu af einskærri gleði. Þau voru jólatár.

Jón Baldvin áritaði í Bókaverslun Jónasar Tómassonar

Bókabirgðirnar nægðu hvergi

Um tuttugu manns urðu bókarlausir og áritunarlausir frá að hverfa þegar Jón Baldvin Hannibalsson sendiherra áritaði Tilhugalíf sitt í Bókaverslun Jónasar Tómassonar á Ísafirði í síðustu viku. Birgðirnar kláruðust og ný sending barst ekki í tæka tíð. Nöfn hinna slyppifengu voru hins vegar tekin niður og kvaðst Jón Baldvin árita bókina syðra og senda þeim sem ekki fengu bók að þessu sinni. Munu allir hafa verið sáttir við þau málalok.

Þegar Jón Baldvin Hannibalsson og Bryndís Schram voru á ferð á Ísafirði í síðustu viku, notuðu þau tækifærið og heimsóttu gamla skólann sinn, fyrrverandi nemanda sinn og núverandi skólameistara, Ólínu Þorvarðsdóttur.

Jólamöndlugrautur mömmu

Ásgerður Bergsdóttir.

Í Aðventublaði BB sögðu þau Ásgerður Bergsdóttir og Högni Sigurþórsson á Flateyri frá venjum sem þau hafa í heiðri um aðventu og jól. Í lokin var uppskrift frá Ásgerði að „jólamöndlugraut mömmu“ – en gallinn var sá að niðurlagið vantaði. Enda þótt engum ætti sosum að verða meint af grautnum samkvæmt hinni snubbóttu uppskrift í blaðinu verður hann óneitanlega ljúffengari (og fallegri) þegar öllu er til skila haldið. Auk þess verður þá mandlan með! Hér birtist því uppskriftin að möndlugrautnum aukin og endurbætt með rjóma og skrauti og sósu – og möndlu.

6 dl vatn ? 3 dl hrísgrjón (mjög nauðsynlegt að nota grautarhrísgrjón, ekki löng hrísgrjón) ? ½ tsk salt ? 1 ltr mjólk ? ¼-½ ltr rjómi (þeyttur)

Grjónin eru sett í kalt vatn og suðan látin koma upp. Grjónin eru svo soðin við vægan hita þar til allt vatnið er farið inn í grjónin. Þá er saltið sett út í og meirihlutinn af mjólkinni einnig. Grjónin eru látin sjóða áfram í a.m.k. 1 klst eða þar til þau eru örugglega vel mjúk. Afganginum af mjólkinni er bætt í eftir þörfum á meðan á suðu stendur eða í lokin. Að lokum (ef fólk vill) er settur vanillusykur (u.þ.b. 1 msk) og hakkaðar möndlur (þær gera leitina að heilu möndlunni mun meira spennandi og skemmtilegri!).

Þegar þetta er komið út í er best að smakka grautinn og bæta við salti eða vanillusykri eftir smekk. Þá er hrært vel í og lokið sett á og grauturinn látinn standa, kólna og jafna sig (betra er að láta hann standa á borði en að setja hann í ísskápinn).

Þegar grauturinn er orðinn vel kaldur er ¼-½ ltr af stífþeyttum rjóma hrært varlega saman við og ein heil mandla sett í. Skreyta má skálina að vild með súkkulaðispónum eða kanilsykri. Best er að bera grautinn fram með kirsuberjasósu (dönsk – í glerkrukkum eins og sultukrukkum) eða heimatilbúinni bláberjasósu (best að nota bláber úr Önundarfirði!).

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Bakkavík hf.

Hafnargötu – Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

TRÉSMIÐJAN ehf HNÍFSDAL

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

BÍLAVERKSTÆÐI ÍSAFJARÐAR

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

HAMRABORG EHF.

HAFNARSTRÆTI 7 · ÍSAFIRÐI

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

PÓLLINN HF.

PÓLLINN HF.

AÐALSTRÆTI 9 – ÍSAFIRÐI – SÍMI 456 3092

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

straumur

Silfurgötu 5 – Ísafirði


Vínardansleikur 2003
Dagskrá
Fordrykkur
Smáréttahladbord
Vínartrío
Hólfs Vagnssonar
Svifid um í vínarvólsum og polkum
vid undirleik Vínarbandsins
Glæsilegur eftirréttur
ad hætti zontakvenna
Baldur og Margét
leika fyrir dansi fram á rauda nótt
Gódgerdardansleikur
Zontaklúbburinn Fjörgyn
efnir til
Nýársfagnadar
ad kvöldi nýársdags 2003
í Frímúrarasalnum á Ísafirdi
Midaverd kr. 3.900,-
Húsid opnar kl. 20.00
Samkvæmisklædnadur
Allir velkomnir
Midapantanir í síma 456 3077, 456 3197, 456 4448, 456 3512, 860 7452, 861 7285, 864 0878 & 7756

Tilboð
á yfir 100 bókatitlum
Bókhlaðan
Pennin
Ísafirði, sími 456-3123
Bestu bókakaupin eru í Bókhlöðunni allt árið

EF ÞÚ GETUR BORIÐ JÓLAPAKKANN
TIL OKKAR SENDUM VIÐ HANN HVERT
Á LAND SEM ER FYRIR AÐEINS 500 KR.

Ekkert meginatriði að verða ríkur

– segir Pétur Tryggvi Hjálmarsson, gull- og silfursmiður, sem er kominn heim til Ísafjarðar á ný eftir langa útivist

Gull- og silfursmiðurinn Pétur Tryggvi Hjálmarsson er sestur að á Ísafirði á ný eftir langa fjarveru. Í fyrrahaust keypti hann gamla skólahúsið við Brautarholt í Skutulsfirði, betur þekkt á síðari árum sem „Kiwanishúsið inni í firði“. Nú eru Kiwanismenn fluttir spölkorn yfir í Sigurðarbúð en Pétur Tryggvi hefur hreiðrað um sig í skólahúsinu gamla, einmitt á þeim slóðum þar sem hann átti sín spor fyrir mörgum árum.

Þessa dagana og fram til jóla er Pétur Tryggvi með sýningu á verkum sínum í Slunkaríki á Ísafirði. Reyndar er það fyrsta sýningin sem hann heldur í gamla heimabænum en list sína og handverk hefur hann sýnt víða um lönd og allt austur í Japan. Á komandi ári sýnir hann meðal annars í Kaupmannahöfn og Moskvu. Margvísleg verðlaun og viðurkenningar hafa fallið honum í skaut í ýmsum löndum.

Þegar Pétur Tryggvi er spurður hvers vegna hann hafi snúið aftur til Ísafjarðar eftir dvöl erlendis á annan áratug – þegar hann er spurður hvort heimurinn hafi verið of stór fyrir hann – þá er svarið einfalt: „Nei, hann var of lítill.“

Hann var búinn að reyna sig meðal hinna bestu með prýðilegum árangri. Hann var búinn að ná þeim árangri sem að var stefnt.

STAKKUR SKRIFAR

Aðventan og jólin!

Aðventan er sérstakur tími í hugum okkar kristinna manna. En á Íslandi og reyndar í heiminum öllum búa fleiri en þeir einir sem teljast kristnir. Stöðugt fjölgar fólki á Íslandi sem hefur ekki sömu trú og tíðkuð hefur verið hér um aldir. Samfélagið breytist og árekstrafletirnir verða fleiri. Aðventan er sá tími kirkjuársins sem ætlað er að búa okkur kristna menn undir komu jólanna. Jólin eru ein mesta hátíð kristinna og á Íslandi meira í hávegum höfð en páskar.

Aðventan er gott tækifæri til að draga sig út úr skarkala hins daglega amsturs. En notum við hana til þess? Því miður er það svo, að boðskapur jólanna er nokkuð til hlés í því mikla kapphlaupi sem þau eru orðin að, í því skyni að halda þau hátíðleg með hinni ytri umgjörð, þar sem ekkert skal til sparað. Helgihaldið hverfur í skuggann af kaupmennsku, matargerð, skreytingum og alls kyns tilburðum til þess að skerpa hina ytri umgerð og sýna sjálfum sér og öðrum að maður standi þeim jafnfætis.

Margir telja að slaka þurfi á. Aðrir sjá jólahaldið í því ljósi að án mikillar ytri umgerðar séu engin jól í raun. Þessar hugleiðingar eru ekki ætlaðar til þess að draga nokkurn niður eða halda aftur af fólki, sem nýtur þessarar miklu umgerðar jólanna, sem blasir við auganu hvert sem litið er. Hinu er ekki að neita, að jólahald dregur fram mismun lífskjara fólks, og svo er nú komið, að allstór hópur telur sig ekki hafa efni á að halda jól vegna peningaskorts.

Þegar boðskapur jólanna er hafður í huga er það afar umhugsunarvert, að kannanir skuli leiða fram þessa niðurstöðu. En það vekur jafnframt athygli, að jól eru haldin með einum eða öðrum hætti um allan heim og skiptir þá litlu hver hin ríkjandi trúarbrögð eru. Jólin virðast stundum vera áhrifamikill hluti vestrænnar menningar og hafa breiðst allvel út. Við Íslendingar erum lítil þjóð og sjáum því kannski betur en stórþjóðir hvar að kreppir, en bregðumst við alltaf við? Grípum við til aðgerða til þess að tryggja að þeir sem minna mega sín geti haldið jólin með sómasamlegum hætti? Svarið er bæði já og nei. Hjálparstofnanir reyna að sinna þeim er eiga undir högg að sækja en vafalaust er það ekki nóg.

Á aðventunni er hverjum hollt að hugsa um aðstæður sínar og sinna, njóta þess ef vel gengur af hófsemi og líta til með náunganum. Þar er kjarni kristinnar trúar, umhugsunarefnis aðventunnar og undirbúnings þess að rifja upp einu sinni enn fyrir okkur sem erum fullorðin að gleði jólanna kemur innan frá. Þau eru okkur kærkomið tækifæri til að staldra við í harki daganna og muna að við erum menn, sem eigum að læra af kærleiksboðskap Jesú Krists. Þann lærdóm geta allir nýtt sér, kristnir menn jafnt og aðrir. Njótum kyrrðar og næðis með þeim sem okkur eru kærastir og nýtum okkur hinn uppbyggjandi kraft sem fylgir jólahaldi, svo fremi við stjórnum ferðinni en látum ekki ytri umgerðina taka af okkur völdin.

Gleðileg jól, lesendur góðir, og bestu óskir um farsæld á komandi ári með þökkum fyrir samfylgdina á því ári er senn hverfur á vit fortíðarinnar.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

SPURNINGIN

Spurt var:

Hversu miklu eyðir þú í jólagjafir?

Alls svöruðu 472.
0-10 þús. sögðu 60 (12,71%)
10-30 þús. sögðu 144 (30,51%)
30-50 þús. sögðu 136 (28,81%)
50-100 þús. sögðu 85 (18,01%)
Yfir 100 þús. sögðu 47 (9,96%)

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Þar sem púlsinn slær...
bb.is

Gull- og silfursmiðurinn Pétur Tryggvi Hjálmarsson er sestur að á Ísafirði á ný eftir langa fjarveru. Í fyrrahaust keypti hann gamla skólahúsið við Brautarholt í Skutulsfirði, betur þekkt á síðari árum sem „Kiwanishúsið inni í firði“. Nú eru Kiwanismenn fluttir spölkorn yfir í Sigurðarbúð en Pétur Tryggvi hefur hreiðrað um sig í skólahúsinu gamla, einmitt á þeim slóðum þar sem hann átti sín spor fyrir mörgum árum.

Þessa dagana og fram til jóla er Pétur Tryggvi með sýningu á verkum sínum í Slunkaríki á Ísafirði. Reyndar er það fyrsta sýningin sem hann heldur í gamla heimabænum en list sína og handverk hefur hann sýnt víða um lönd og allt austur í Japan. Á komandi ári sýnir hann meðal annars í Kaupmannahöfn og Moskvu. Margvísleg verðlaun og viðurkenningar hafa fallið honum í skaut í ýmsum löndum.

Þegar Pétur Tryggvi er spurður hvers vegna hann hafi snúið aftur til Ísafjarðar eftir dvöl erlendis á annan áratug – þegar hann er spurður hvort heimurinn hafi verið of stór fyrir hann – þá er svarið einfalt: „Nei, hann var of lítill.“

Hann var búinn að reyna sig meðal hinna bestu með prýðilegum árangri. Hann var búinn að ná þeim árangri sem að var stefnt.

Að keppa við þá bestu

Á sínum tíma starfaði Pétur Tryggvi í Reykjavík, en iðnina og listina lærði hann hjá föður sínum, Hjálmari Torfasyni gullsmið. „Það var fínt að vinna í Reykjavík og allt það. En ég vildi reyna mig frekar. Sjáðu til, ég vildi fara út á völlinn til að spila fótbolta. Maður getur setið inni í stofu og verið alveg ofboðslega góður knattspyrnumaður. En ef maður vill virkilega vita hvað maður getur, þá verður að fara út á völlinn og keppa við þá sem eru bestir.“

Og Pétur Tryggvi hélt utan til að keppa við þá bestu. Hann varð að gera það.

„Svo var ég búinn að vera úti í þrettán ár og ég var staðnaður. Ég var kominn í silfursmiðagildið í Danmörku, ég var búinn að ná þeim samböndum sem ég gat óskað mér. Mér fannst að ég hefði ekki meira þarna að gera. Ef ég fór í göngutúr, þá fannst mér eins og ég væri að ganga á færibandi. Mig vantaði einhvern gígantískan kontrast. Að fara aftur til Reykjavíkur fannst mér alls ekki vera að stíga skrefið til fulls.“

– En hvernig hefur þetta rúma ár á Ísafirði verið, hjá manninum sem sagðist hafa verið orðinn staðnaður í Danmörku?

„Þessi tími hefur virkilega gefið mér innblástur. Hann hefur gefið mér vilja og kraft til að ráðast í stærri hluti sem ég var reyndar byrjaður á úti“, segir hann.

Ég vildi koma aftur heim

Pétur Tryggvi átti sín æsku- og uppvaxtarár á Ísafirði. „Maður mótast svo mikið á þessum árum frá fjögurra til sextán ára, mótast af náttúrunni og öllu, alveg ómeðvitað. Ég var farinn að þrá að finna þetta aftur. Ég var mikið með afa og ömmu norður á Ströndum á sumrin. Svo sá ég á bb.is að Kiwanisklúbburinn var búinn að kaupa Sigurðarbúð og ætlaði að selja þetta hús. Á svæðinu hérna í kring vorum við frændsystkinin að leika okkur í gamla daga. Mér leið alltaf vel hérna. Pétur afi minn byggði Brautarholt hérna við hliðina. Ég sagði við sjálfan mig: Ef ég get fengið þetta hús keypt, þá geri ég það. Ég vildi hafa þetta einfalt og prímitíft. Ég vildi koma aftur heim.“

Pétur afi var Pétur Pétursson á Grænagarði á Ísafirði. Hinn afi Péturs Tryggva var Torfi Hjálmarsson, bróðir Ragnars H. Ragnar. Ræturnar eru sterkar og ættingjar margir hér vestra.

Pétur Tryggvi á gríðarstóra úrklippubók sem dóttir hans gaf honum. Hann hafði safnað úrklippum saman í kassa en nú má fletta bókinni sem geymir að því er virðist óteljandi fréttir og frásagnir af listamanninum og viðtöl við hann sem birst hafa í innlendum og erlendum blöðum og tímaritum. Fyrsta úrklippan er reyndar annars eðlis. Þar er mynd af Pétri Tryggva Hjálmarssyni í prjónandi Willysjeppa í torfærukeppni fyrir meira en aldarfjórðungi. Aðrar úrklippur snúa að listamanninum, lífi hans og starfi. Það vekur furðu hjá þeim sem ekki hafa fylgst sem skyldi með þessum frumlega og snjalla listamanni, að sjá allar þær viðurkenningar sem honum hafa hlotnast og þá athygli sem hann hefur fengið.

Gullsmiður, silfursmiður, skartgripasmiður

En snúum okkur að faginu og listinni. Pétur Tryggvi hefur nú starfað sem gull- og silfursmiður í nærfellt 24 ár. Hann lærði gullsmíðina hjá föður sínum en fór svo í framhaldsnám til Danmerkur. „Það stendur á sveinsbréfinu mínu að ég hafi lokið prófi í gull- og silfursmíði en í raun hafði ég aldrei lært silfursmíði. Þetta eru tvö ólík fög.“

– En þú ert skartgripasmiður...

„Ég smíða vissulega skartgripi úr silfri og gulli, en silfursmíðin nær yfir miklu breiðara svið. Hún felst fremur í því að smíða eitthvað stórt. Ég reyni að lifa af því að smíða skartgripi, vegna þess hversu lítill markaður er fyrir stóru hlutina. Í Danmörku er ég kallaður gull- og silfursmiður, nema hvað silfursmiðirnir þar kalla mig bara silfursmið. Þeir líta niður á gullsmiði. Ætli ég sé ekki bara blandaður.“ Þess má geta, að Pétur Tryggvi er eini útlendingurinn í gildi danskra silfursmiða.

Margvíslegt kirkjusilfur hefur Pétur Tryggvi smíðað, meðal annars fyrir Vídalínskirkju í Garðabæ og Húsavíkurkirkju. Einnig hefur hann hannað og smíðað taflmenn úr silfri, íbenholt og polyester, ásamt borði við hæfi, sem Hjemmet kallaði elegant en taldi fáa skákmenn hafa efni á að kaupa.

Í vinnustofunni í gamla skólahúsinu við Brautarholt er Pétur Tryggvi ekki aðeins að smíða, heldur selur hann þar líka smíðisgripi sína. Honum finnst þægilegt að geta látið hlutina frá sér millilið_laust. „Þetta er hreinasta leiðin, bara beint af vinnuborðinu til næsta eiganda.“

En hvers vegna ætli hann hafi valið þetta ævistarf en ekki eitthvað annað?

Verkin þurfa að hafa tilgang

„Ég hef mjög gaman af því að skapa. Þetta er það eina sem ég kann. Ég hef alltaf átt frekar erfitt með að tjá mig með orðum, sérstaklega þegar ég var lítill. Þá tjáði ég mig í hluti. Ég var alltaf að búa eitthvað til úr einhverju. Ég skapaði úr spýtum, skrúfaði í sundur úr eða bjó til bát í baðinu. Þetta hefur bara hangið við mig síðan. Skartgripir eru litlir skúlptúrar fyrir mér. Mér finnst að verk mín þurfi að hafa tilgang, að fólk hafi einhver not fyrir hlutina. Skartgripur er svo miklu meira en glansinn, hann verður að ná því að verða hluti af eigandanum. Ef hann nær því ekki er hann einskis virði, alveg sama hvað hann kostar.“

Á sýningunni í Slunkaríki eru mjög ólíkir gripir eða hlutir, allt frá örsmáum skartgripum og upp í ellefu kílóa silfurverk. „Á þessari sýningu er ég að prófa að sýna skartgripi og stór verk saman. Þetta er eiginlega í fyrsta skiptið sem ég prófa það. Reyndar gerði ég tilraun með þetta á sýningu hjá Sævari Karli en ég varð að taka skartgripina niður. Stóru hlutirnir eru svo ofboðslega massífir og sterkir að hitt leit bara út eins og rusl. Þetta er rosalega erfitt í svona litlu rými en ég reyni samt.“

Gangstéttarhellur gegna stóru hlutverki á sýningunni í Slunkaríki en að undanförnu hefur Pétur Tryggvi verið að vinna mikið með ferninga. Þarna má meðal annars sjá silfurplötur sem eru jafnstórar og hellurnar og eins er forvitnilegt að sjá hvernig hann notar þær við uppstillingu smærri hlutanna.

Gangstéttarhellur og aðrir ferningar

„Ég byrjaði upphaflega að nota ferningana því að mér finnst speglunin í málminum svo stór hluti af hönnuninni. Hönnun er ekki bara útlínur, það er virknin og hvaða tilfinningu það vekur þegar maður sér hlutinn. Speglanirnar í málminum eru svo mikilvægar. Þetta gildir einnig um skartgripi. Þú sérð ferning, sem er ekkert annað en form. Allir þekkja gangtéttarhellu. Ég nota ferninginn því að hann er form sem mætir fólki hvarvetna.“

Pétur notar að mestum hluta aðeins hamar við verk sín. Það gerir hann til þess að ná fram og sýna hvernig silfrið getur verið „röff“ eða hrátt en samt „elegant“. En hvar náði hann í þessar stóru gömlu gangstéttarhellur sem eru á sýningunni í Slunkaríki?

„Þessar hellur eru hálfur metri á kant. Það er hætt að framleiða þær og þeim hefur verið skipt út undanfarin ár. Gömlu hellunum hér á Ísafirði var komið fyrir í geymslu. Ég athugaði hjá bænum hvort ég gæti ekki fengið þær að láni og aðstoð við að flytja þær og það var auðsótt. Ein svona hella vegur líklega hátt í fimmtíu kíló. Bæjarstarfsmennirnir hérna eru algjört æði. Þeir fóru með hellurnar eins og þær væru servíettur. Ég hefði aldrei getað þetta án þeirra. Svo þurfti að styrkja gólfið í Slunkaríki. Þar fékk ég til aðstoðar byggingaverktakana Ágúst og Flosa og þeir lánuðu mér líka stoðir.“

Mér kemur tískan ekkert við

Þegar Pétur Tryggvi er spurður hvort honum finnist hann vera kominn á leiðarenda í listinni, nú þegar hann er horfinn til upphafsins heima á Ísafirði, þá þvertekur hann fyrir það.

„Nei, ég er ekki búinn! Alls ekki búinn. Ég á eftir að gera margt. Ég held að ég sé á réttri braut fyrir sjálfan mig. Það hlýtur að vera hryllilegt að vera búinn. Mér finnst aðalatriðið vera að halda fast í sjálfan sig og sína eigin hugmyndafræði, alveg sama hvað er að gerast í kringum mann, tískustraumar og slíkt. Ég veit ekkert hvað það er. Maður heyrir setningar eins og: Þetta er voða vinsælt í dag, það eru allir að kaupa þetta. Mér kemur það ekkert við. Ég er bara með minn stíl.“

Hvað sem líður heimflutningi Péturs Tryggva eru á döfinni hjá honum sýningar víða um heim á næstu árum. Þrjár sýningar hafa þegar verið festar niður á næsta ári. Og enn hefur hann nóg af hugmyndum að moða úr. „Ég hef verið gull- og silfursmiður í öll þessi ár. Á þessum tíma hef ég að sjálfsögðu verið að mótast og þroskast. Allar hugmyndir sem ég fæ skissa ég upp á litla miða. Ég á enn fullt af hugmyndum síðan ég var 20-35 ára. Nú hef ég öðlast þekkingu og reynslu til að framkvæma þær. Ég verð líklega að finna miða fram eftir öllum aldri.“

Handsmíðaði 2.200 brjóstnælur

Það tekur langan tíma að fletta stóru úrklippubókinni hans Péturs Tryggva. Þar kemur meðal annars fram að hann gerði á sínum tíma merki fyrir danska verktakasambandið, þegar það varð 100 ára. Þetta mun vera elsta verktakasamband í Evrópu eða jafnvel í heimi. Pétur Tryggvi bjó merkið líka til sem skúlptúr og smíðaði síðan 2.200 stykki í höndunum sem brjóstnælu.

Umsjónarmaður Konunglegu silfurhirslunnar í Danmörku, eða silfurregistrator drottningar, Ole Willumsen Krogh, er manna fróðastur um silfursmíði. Í einni úrklippunni kemur fram, að hann telur Pétur Tryggva einn af allra bestu silfursmiðum í Danmörku. Krogh er sérfróður um íslenskt silfur og segir að gaman sé að hafa í huga að Pétur Tryggvi sé nokkur konar arftaki silfurmeistarans Sigurðar Þorsteinssonar, sem starfaði í Kaupmannahöfn á 18. öld og var í hópi þriggja bestu silfursmiða þess tíma. Pétri Tryggva þykir sérlega vænt um þessi ummæli Kroghs.

Þessu má ljúka með því að vitna í skondna úrklippu frá því fyrir tveimur árum. Þar segir frá þjófnaði á sýningu í Danska listiðnaðarsafninu, en þar var brotist inn að næturlagi og stolið fati úr sterlingsilfri með gullskál á. Höfundurinn var Pétur Tryggvi en gripurinn var í einkaeigu manns sem hafði keypt hann á 250 þúsund danskar krónur. Því skal hér spurt: Ertu ekki forríkur?

„Ríkur? Það fer alveg eftir því hvað maður kallar ríkidæmi. Ég á enga peninga, það er alveg klárt. Maður verður ekki ríkur á handverki.“

– Langar þig ekkert til þess að verða ríkur?

„Nei, mig langar ekkert til að verða ríkur, það er ekkert meginatriði og segir mér raunar ekki neitt. En það væri þægilegt að komast sæmilega af. Það er samhengi í því að komast sæmilega af með það sem maður hefur áhuga á að gera og líða vel í vinnunni. Það held ég að sé mesta ríkidæmið.

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

TÆKNIÞJÓNUSTA Vestfjarða

Aðalstræti 26 – Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

FMG
FERÐAÞJÓNUSTA MARGRÉTAR OG GUÐNA
ÍSAFIRÐI • SÍMI 456 4136

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

FMS **Fiskmarkaður Suðurnesja hf.**
Bolungarvík – Ísafirði

Þjónustusími Ísafirði: 456 3665 · GSM 824 2404
Þjónustusími Bolungarvík: 456 7548 · GSM 824 2405

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

KONUR ♀ MENN

verslun – Neistahúsinu
Hafnarstræti 9 - 13
Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

vestur sport

Aðalstræti 27 – Ísafirði



Bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar

Harpa Jónsdóttir kennari og rithöfundur hlýtur heiðurinn

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar hefur tilnefnt bæjarlistamann Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2002. Að þessu sinni er það Harpa Jónsdóttir, rithöfundur og kennari við Grunnskólann á Ísafirði, sem þennan heiðurstitil hlýtur. Harpa fékk sem kunnugt er Íslensku barnabókaverðlaunin árið 2002 fyrir Ferðina til Samiraka, sem er hennar fyrsta bók og kom út hjá Vöku-Helgafelli. Í umsögn dómnefndar sagði um verðlaunasöguna, að hún væri „dularfull og grípandi saga sem heldur lesanda spenntum frá upphafi til enda. Höfundi tekst á skemmtilegan hátt að flétta saman íslenskum veruleika og framandi heimi þar sem baráttunni milli góðs og ills er lýst á áhrifamikinn hátt.“ Venja er að bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar veiti heiðurstitli sínum viðtöku í hófi sem Ísafjarðarbær heldur af því tilefni milli jóla og nýárs. Fráfarandi bæjarlistamaður er tónlistarmaðurinn og listmálarinn Vilberg Vilbergsson, betur þekktur sem Villi Valli.

Harpa Jónsdóttir.

Risatogari í stuttri heimsókn

Norski rækjutogarinn Arctic Swan kom til hafnar á Ísafirði í síðustu viku í sinni fyrstu veiðiferð. Nokkrir erfiðleikar munu hafa komið upp og þurfti að sækja varahluti til Ísafjarðar. Stoppið var stutt og engum afla var landað. Skipið er gríðarstórt eða tæplega 2.600 brúttótonn. Á myndinni er „Heimsskautssvanurinn“ við bryggju í Sundahöfn.

Barnaskólahúsið í Reykjanesi við Djúp

Súðvíkingar falla frá eignarhaldskröfu

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur ákveðið að halda ekki til streitu þeirri kröfu að eignarhald hreppsins á barnaskólahúsinu í Reykjanesi verði viðurkennt. Eins og hér var greint frá í sumar héldu menn því fram að ríkið hefði selt nokkuð sem það ætti ekki þegar gengið var frá sölu húseigna í Reykjanesi og að barnaskólahúsið væri í eigu Súðavíkurhrepps og Hólmavíkurhrepps. Hrepparnir tveir hafa lagt nokkurn kostnað í viðhald á húsinu frá árinu 1996. Í síðustu viku ákvað hreppsnefnd Súðavíkurhrepps að reyna að sækja þann kostnað til baka en falla frá kröfum um viðurkenningu á eignaraðild.

„Súðavíkurhreppur hefur staðið fyrir ákveðnum endurbótum á barnaskólahúsinu, því að hann taldi sig eiga húsið. Ákveðið var að reyna að sækja þennan kostnað til baka, en hann er töluverður og hleypur á milljónum“, segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps. „Það er mjög gott að það sé tekið á þessu máli, því það kom í ljós að það er bara til eitt þinglýst skjal um eignaraðild á þessu húsi. Þar er orðalagið mjög óljóst og ekki gefið afdráttarlaust út hver á það“, segir Ómar.

Þorsteinn Antonsson gerir upp ferilinn sinn í bókinni Höfundarsaga mín

„Lífið er raðþraut og mikilvæga hluta hennar fann ég fyrir vestan“

Nýlega kom út hjá Vestfirska forlaginu á Hrafnseyri minningabók Þorsteins Antonssonar rithöfundar eftir hann sjálfan. Bókin heitir Höfundarsaga mín og fjallar einkum um höfundarferil Þorsteins, eins og nafnið bendir til, og spannar aðalefni hennar rúmlega aldarfjórðung. Reyndar rekur höfundur sögu sína allt til unglingsáranna um og upp úr miðri síðustu öld og gerir grein fyrir bernskureynslu sem hann telur rætur rithneigðar sinnar.

Þorsteinn var búsettur á Ísafirði um nokkurt árabil, þar sem þáverandi eiginkona hans kenndi við Menntaskólann á Ísafirði og reyndar hann sjálfur einnig lítilsháttar. Hann ritaði pistla í Vestfirska fréttablaðið og lýsti þar einkum viðhorfum sínum til mannlífsins og fólksins á Vestfjörðum þar sem höfundinum fannst hann vera hálfgerður utanveltubesefi. Síðar komu þeir pistlar talsvert auknir út í bók, sem vakti vægast sagt misjöfn viðbrögð heimafólks.

En hverju sætir að hann leitar nú til Vestfirska forlagsins á Hrafnseyri til að gefa út þessa bók, sem getur ekki talist sérstaklega vestfirsk að uppruna?

„Bækur mínar hafa ekki hingað til tengst einu forlagi fremur en öðru og líklega er það hending ein að Vestfirska forlagið gefur bókina út, þótt ég hafi verið búsettur um tíma fyrir vestan. Ég er stoltur af því að bók mín skuli koma út hjá vestfirsku forlagi en ekki einhverri af hinum kunnari útgáfum án þess að ég sé með neina rekistefnu gegn þeim.“

Mín pólitík er líberalismi Jóns forseta

„Ég minni á að hér vestur á fjörðum hafa alltaf varðveist skilyrði til róttækrar endurnýjunar í þjóðlífinu, hvað sem efnahag líður. Hingað kom Halldór Laxness upp úr 1930 til að losna frá fortíðarvanda sínum og ístöðuleysi í skrifum á ungdómsárum, sótti sér kjölfestu eftir Ameríkudvölina og fór aftur að vestan nýr maður; sá sem við þekkjum best. Vestfirska forlagið hefur heimilisfesti á Hrafnseyri við Arnarfjörð, fræðasetri þaðan sem Jón Sigurðsson er upprunninn og Jón hefði víst ekki orðið þjóðinni það sem hann varð ef ekki hefði verið fyrir vestfirska upprunann, þá heilbrigðu raunvísi og getuna til að komast vafningalaust að niðurstöðu sem einkenndi hann á stjórnmálatíð hans.

Mín pólitík hefur aldrei verið önnur en hin frjálslynda íhaldsemi Jóns forseta og Laxness á efri árum, líberalisminn sem hefur dugað þjóðinni betur en aðrar stefnur. Að vestan kom Ólafur Ragnar og hefur haft meiri áhrif en almennt er talið með því að sameina með persónu sinni pólitískar andstæður kaldastríðsáranna sem orðnar voru marklausar. Og Ísfirðingurinn Einar Kárason innleiddi hversdagsraunsæi í málefni rithöfunda á formannstíð sinni í Rithöfundasambandinu. Bók mín er uppgjör við breytta höfundapólitík í þjóðfélagi okkar, skyldur rithöfunda eða hvort þær séu nokkrar.“

Vaxandi afdráttarleysi í þjóðfélaginu

– Lítum á efni bókar þinnar nú. Þú hefur komið víða við á höfundarferlinum og ferð hispurslausum orðum um menn og málefni bæði nú og áður.

„Afdráttarleysið er vaxandi einkenni í þjóðlífinu, mitt sem annarra manna. Áherslan í borgaraþjóðfélaginu er á að hver um sig lifi einkum fyrir sjálfan sig og sé sjálfum sér trúr. Auk þess hlýtur sama þróun að vera í gangi í íslenska þjóðfélaginu og alls staðar í nágrannalöndunum þar sem ólíkir hagsmunahópar verða að koma sér saman, ekki bara af fjölmenningarlegum ástæðum sem þið þekkið vel hér á Ísafirði heldur líka vegna hins, hve fólk er ólíkt þótt sé af sama þjóðerni. Í heimi nets og fjölmiðla verðum að læra að una við margs konar sjónarhorn á sömu reynslu.“

– Þú bjóst á Ísafirði á árunum frá 1991 til 1996 og kenndir m.a. við Menntaskólann. Eru einhverjar þeirra bóka sem um er fjallað í Höfundarsögunni skrifaðar á því tímabili?

„Já, bókin um Geirfinnsmálið. Einnig setti ég saman bók með þjóðlegum fróðleik og greinasafn sem heitir í Faðmi fjallkonunnar með tilvísun á þáverandi eiginkonu mína.“

Alvöruskáld er alltaf utangarðsmaður

– Þú segir í bókinni, sem hér er til umræðu, útgáfusögu bókar þinnar um Geirfinnsmálið. Þú færir rök að því, að sú endaleysa öll sem þau mál hafa orðið þjóðinni sé afleiðing þess, að íslenska þjóðin hafi til þessa ekki viljað kannast við sérþarfafólk í sínum hópi eða sérþarfir þess. Ef þetta er rétt skilið, er þá álit þitt að rithöfundar séu slíkt sérþarfafólk?

„Heimildasaga mín um Geirfinnsmálið er heilmikil stúdía í því, hvort okkur sé stætt á að ætla öllum þann veruleika sem við lifum í sjálf. Skáldsögur og ljóð eiga sér það erindi helst að bera fyrir fólk sannleika sem kynni að koma höfundinum í koll, ef sagður væri með afdráttarlausari hætti. Skáldskapurinn er því aðferð manns til að vera í senn bæði innan og utan velsæmismarka sem í gildi eru á hverjum tíma. Og þá í gervi skálds en ekki sem prívatmaður.

Í þessum skilningi er alvöruskáld alltaf sérþarfa- og utangarðsmaður. Þegar engin hætta fylgir því lengur að segja sannleikann, hver svo sem hann er, þá er að mínu áliti orðið lítið tilefni til annars en fara beint að hlutunum, eins og ég geri með Höfundarsögu minni, telji maður sig eiga eitthvað óuppgert. Sama gildir um nokkrar aðrar bækur á ferlinum. Ég nefni bók mína um einhverfu og aðra um skyggni.“

Að stíga út og stjórna umferðinni

– Er ekki hætt við að fyrir manni, sem svo afdráttarlaust fjallar um atburði líðandi stundar eins og þú gerir með bók þinni, fari eins og manni sem stígur út úr bíl sínum á hraðbraut og hyggst stjórna umferðinni af eigin rammleik? Hún heldur áfram með sama hætti og áður en hann á sjálfur augljóslega á hættu að verða ekinn niður...

„Ég leitaði til fólks af ólíkum stigum þjóðfélagsins og fékk það til að lesa handritið yfir, áður en ég bar það fyrir útgefanda, og reyndi eftir bestu getu að meta athugasemdir að verðleikum.“

– Það leynir sér ekki að þú hefur lagt mikla vinnu í bókina. Hún er að því leyti afar óvenjuleg meðal minningabóka, að hún greinir með aðgengilegum hætti frá umbreytingum höfundar á ferli hans.

„Lífið er mér raðþraut og Höfundarsaga mín er áfangi á leiðinni að niðurstöðu. Mikilvæga hluta hennar fann ég hér fyrir vestan.“

– hþm

Fasteignaviðskipti

TRYGGVI GUNNARSSON HDL.
Hafnarstræti 1 – Ísafirði
Sími: 456 3940 & 456 3244
Fax: 456 6547 – Netfang:
tryggvi@simnet.is
Heimasíða: www.bb.is/tg

Höfum kaupendur að einbýlishúsi með bílskúr

Einbýlishús

Hlíðarvegur 42: 163,2 m² raðhús á þremur hæðum, með sér íbúð í kjallara. Tilboð óskast

Smiðjugata 11a: 150 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara, risi og bílgeymslu. Húsið allt nýmálað utan. Verð 6,1 m.kr.

Urðarvegur 27: 190,5 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt bílskúr, góðum garði, svölum og sólpalli. Skipti á minni eign mögul. Verð 13,5 m.kr.

Íbúðarhæðir/íbúðir

Aðalstræti 26a: 137,3 m² 5 herb. íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi ásamt bílskúr og eignarlóð. Tilboð óskast

Hlíðarvegur 29: 100,7 m² 5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 6,9 m.kr.

Mjallargata 1: 122,2 m² 4ra herbergja íbúð á 3ju og 4. hæð í fjölbýlishúsi. Sér inngangur af svölum. Verð 9,5 m.kr.

Smiðjugata 7: 96,1 m² 4ra herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 6,4 m.kr.

Íbúðarhæðir/íbúðir

Silfurgata 11: 74,1 m² 3ja herbergja íbúð á tveimur hæðum í upptgerðu fjölbýli. Íbúðin að mestu uppgerð. Tilboð óskast

Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólffláur, miðið rýmið í risi). Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Verð 4,5 m.kr.

Óvenju hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.

Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3.h.m/lyftu ásamt sér geymslu. Verð 4,5 m.kr.

Sjáhæðir/raðhús

Aðalstræti 24: 74,6 m² íbúð 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. Verð 5,8 m.kr.

Aðalstræti 24: 62 m² íbúð á 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. Verð 4,9 m.kr.

Brunngata 12a: 57,4 m² íbúð í mjög góðu standi á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt sér geymslu og þvottahúsi í kjallara og eignarlóð Verð 4,5 m.kr.

Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvíb.húsi. Verð 4 m.kr.

Fjarðarstræti 6: 77,3 m² íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Tilboð óskast

Hlíðarvegur 27: 49,9 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Áhv. ca. 555 þús.kr. Verð 3 m.kr.

Hlíf II, Torfnesi: 50,4 m² íbúð á 3. hæð í Dvalarh. aldraðra. Áhv. ca. 3,7 m.kr. Laus strax. Verð 6,3 m.kr.

Seljalandsvegur 98: 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi hlöðuls bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr. Tilboð óskast

Sundstræti 22: 68 m² 2ja-3ja herb. íb. á jarðh. í fjórb.húsi. Verð 4 m.kr.

Túngata 3: 80,7 m² íbúð á 2. hæð ásamt risíbúð. Verð 4,5 m.kr.

Verslunarhúsnæði

Silfurgata 6: 98,5 m² verslunarhúsnæði á einni hæð í hjarta bæjarins. Möguleiki á að nýta sem íbúðarhúsnæði. Verð 4,5 m.kr.

Atvinnuhúsnæði

Sindragata 14: 534 m² stálgrindarhús á einni hæð. Húsið er nýtt, vel útbúið atvinnuhúsnæði á góðum stað. Verð 25 m.kr.

Mánagata 4 - (Herkastalinn): Gistiheimili og/eða 6 leiguíbúðir. Verðhugmynd 10 m.kr.

Sumarhús

Hjallavegur 16c: 144,4 m² einb.hús á tveimur hæðum, uppgert að hluta, neðri hæð óuppgerð. Verð 3 m.kr.

Bolungarvík

Stigahlíð 4: 84 m² 2ja herbergja íbúð í kjallara í fjölbýlishúsi. Íbúðin er í góðu standi. Tilboð óskast

Vitastígur 19: 73,1 m² 3ja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt 16 m² bílgeymslu. Tilboð óskast

Súðavík

Brekkugata 32: 129,6 m² hlaðið einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð 5,9 m.kr.

Fyrirtæki

Sólbaðs- og nudd- og dekurstofa í fullum rekstri með leigusamningi að Túngötu 3, Ísafirði. Fylgihlutir m.a. 2 sturtuklefar, segulbandstæki, Turbo ljósabekkur, leirvafningar, leir, ýmist innbú o.fl. Tilboð óskast

Þegar þú ert kominn á þennan aldur er gott að eiga vænan lífeyrissparnað hjá Lífeyrissjóði Vestfirðinga!
Þú sleppur við jólaköttinn ef þú gengur frá samningi fyrir áramót!
Lífeyrissjóður Vestfirðinga óskar Vestfirðingum árs og friðar
LÍFEYRISSJÓÐUR VESTFIRÐINGA

Ísafjarðarbær gerir þjónustusamning við Bsv. Tinda í Hnífsdal

Liðsmenn til reiðu nótt og dag árið um kring

Gengið hefur verið frá þjónustusamningi milli Ísafjarðarbæjar og Björgunarsveitarinnar Tinda í Hnífsdal. Samkvæmt honum taka Tindar að sér ýmis verkefni fyrir sveitarfélagið og íbúa þess, svo sem björgunaraðgerðir, fyrirbyggjandi aðgerðir, viðbragðsvaktir og fleira. Sveitin verður alltaf til taks við björgunaraðgerðir, hvort sem er til sjós eða lands og vinnur með almannavörnum í sveitarfélaginu. Mannafli Tinda og tækjabúnaður verður ávallt til reiðu. Sveitin er tilbúin að vinna með lögreglu og starfsmönnum sveitarfélagsins við að hindra tjón eða koma í veg fyrir frekara tjón og bjarga verðmætum sem eru í hættu.

Til viðbótar slíkri bakvakt allan sólarhringinn árið um kring tekur Björgunarsveitin Tindar að sér vakt með torfærubifreið á Slökkvistöð Ísafjarðarbæjar þegar ófærð er eða óveður geisar. Liðsmenn sveitarinnar annast sjúkragæslu á skíðasvæði um páska og þegar stærri skíðamót eru haldin. Einnig annast sveitin gæslu á útiskemmtunum, sé þess þörf að mati lögreglu.

Önnur viðfangsefni sveitarinnar í þágu sveitarfélagsins og íbúa þess eru mörg, svo sem aðstoð við uppsetningu jólaskreytinga, þátttaka í hátíðahöldum Sjómannadagsins, flugeldasýningar um áramót og þátttaka í ýmiskonar kynningum er varða forvarnastarf í slysavörnum.

Sem endurgjald fyrir þjónustu Björgunarsveitarinnar Tinda veitir Ísafjarðarbær sveitinni árlegan styrk sem dugar fyrir fasteignagjöldum af húsnæði hennar að Strandgötu 5a, Strandgötu 7 og Heimabæjarstíg 3 í Hnífsdal. Verkefni og þjónusta sem sveitin tekur að sér og ekki er hægt að flokka sem sérverkefni björgunarsveita verða greidd samkvæmt reikningi eftir áður gerðu samkomulagi. Þar má nefna flutning gangnamanna, ferðir með starfsmenn sveitarfélagsins í eftirlit með vatnsbólum og niðurrif húsa.

Samningur þessi er ótímabundinn. Hann er í megindráttum sambærilegur þeim samningi sem Ísafjarðarbær gerði við BÍ á þessu ári.

„Skáklistin er merkilegur hluti af menningararfinum“

Hrafn Jökulsson færir skólabörnum skákbók eftir Karpov

Jafnframt því að lesa upp á Ísafirði í síðustu viku ásamt Guðrúnu Evu Mínervudóttur rithöfundi notaði Hrafn Jökulsson rithöfundur og skákfrömuður ferðina vestur til að fara í grunnskóla og útdeila meðal barna bókinni Skák og mát eftir Anatolij Karpov, fyrrverandi heimsmeistara í skák. Hrafn, sem er potturinn og pannan í Hróknum, öflugasta skákfélagi landsins og jafnframt einhverju því yngsta og einkennilegasta, er á stöðugum ferðalögum að gefa skákbók Karpovs. Þetta er samstarfsverkefni Hróksins og Eddu, miðlunar og útgáfu, og markmiðið er að koma bókinni í hendurnar á öllum börnum í þriðja bekk grunnskóla í landinu. Í skjali sem fylgir bókagjöfunum segir, að Hrókurinn og Edda vilji sýna hug sinn í verki til skákarinnar, þjóðaríþróttar Íslendinga. „Skáklistin hefur fylgt Íslendingum frá upphafi og er merkilegur og lifandi hluti af menningararfinum. Það er mikilvægt að svo verði áfram og því er það von okkar að bókagjöfin stuðli að stórefldri skákkennslu og skákiðkun í skólum landsins og þróttmiklu skáklífi um allt land.“

Þriðjubekkingar lesa bókina Skák og Mát.

Myndin var tekin í sal Grunnskóla Ísafjarðar þar sem Hrafn afhenti börnunum bókina og kynnti hana. Einnig fór Hrafn í aðra skóla á norðanverðum Vestfjörðum í þessari ferð.

Rætt um að gera Skíðaviku Ísfirðinga enn fjölbreyttari

Hugmyndir um að skipa „sendiherra“ syðra

Skíðavika Ísfirðinga var til umræðu á fundi í síðustu viku að frumkvæði Rúnars Óla Karlssonar, atvinnu- og ferðamálafulltrúa Ísafjarðarbæjar, og Skíðafélags Ísfirðinga. Fundinn sátu ýmsir sem stunda ferðaþjónustu með einum eða öðrum hætti og var markmiðið að safna saman hugmyndum sem gætu gætt Skíðavikuna enn meira lífi, vakið á henni athygli og dregið fleiri gesti til Ísafjarðar á þessa stórhátíð skíðatíðarinnar á hverju ári. Margar frumlegar hugmyndir komu fram og sumar þess eðlis, að óráðlegt þykir að viðra þær opinberlega of snemma vegna hættunnar á því að önnur skíðasvæði á landinu „steli“ þeim.

Ekki er deilt um nauðsyn öflugrar markaðssetningar Skíðavikunnar. Fram kom að mikilvægt væri að koma á beinum tengslum við átthagafélög, svo sem Ísafirðingafélagið í Reykjavík og að nauðsynlegt væri að vera með stöðugt áreiti í fjölmiðlum fljótlega eftir áramót. Til þess þyrfti nokkurs konar „sendiherra“ sunnan heiða til að vinna með undirbúningsnefndinni.

Til að auka ferðamannastrauminn á Skíðavikunni er talin þörf á að huga að nýjum atburðum sem ekki eru miðaðir eins mikið við heimafólk og löngum hefur verið. Af ástæðum sem áður eru nefndar verða nýstárlegar hugmyndir sem þegar hafa komið fram um athafnasemi og skemmtilegheit á komandi Skíðaviku ekki raktar hér.

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Svæðisútvarp Vestfjarða
Aðalstræti 22 – Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Ísafjarðar apótek

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Grænagarði – Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Þrymur ehf.
vélsmiðja
Suðurgötu 9
Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

FRYSTIKERFI ehf
Suðurgötu 9 – Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Múrkraftur ehf.
Byggingaverktaki
Urðarvegi 49 – Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Ökuskóli Vestfjarða
Kristján · Auður · Gunnar

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

3X STÁL
Sindragötu 5 – Ísafirði

hátíðardagbókin

skemmtanir • fundir • fólk • sjónvarp • veður • íþróttir • fréttir • kirkjustarf

Föstudagur 20. desember

06.58 Ísland í bítið
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Í fínu formi
09.35 Oprah Winfrey
10.20 Ísland í bítið
12.00 Neighbours
12.25 Í fínu formi
12.40 Dharma & Greg (3:24)
13.00 The Education of Max
13.45 60 mínútur II
14.30 Third Watch (22:22)
15.10 Ved Stillebækken (25:26)
15.35 Andrea
16.00 Barnatími Stöðvar 2
16.50 Saga jólasveinsins
17.15 Neighbours
17.40 Fear Factor 2 (8:17)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.30 Joseph: King of Dreams *(Vitrun Jósefs)* Teiknimynd fyrir alla fjölskylduna.
21.00 Gnarrenburg (7:10)
21.50 Shadow of Doubt. *(Óvissuvottur)* Kitt Devereux er vel þekktur lögfræðingur í Los Angeles sem hefur fengið frama vegna dómsmála sem hafa fangað athygli almennings og verið blásin upp í fjölmiðlum. Eftir að hafa fengið meintan morðingja sýknaðan fer hún að efast um réttlætið og ákveður að einbeita sér að því að verja hvítflibbaglæpamenn. *Aðalhlutverk: Melanie Griffith, Tom Berenger.*
23.30 Romeo Must Die. *(Rómeó skal deyja)* Í Oakland í Bandaríkjunum ríkir hernaðarástand. Blökkumenn og menn af asískum uppruna eiga í hatrömmum deilum og hvorugir gefa þumlung eftir. Þegar sonur asísks áhrifamanns er myrtur magnast átökin og taka stórhættulega stefnu. *Aðalhlutverk: Jet Li, Aaliyah.*
01.20 Red Corner. *(Roðinn í austri)* Lögfræðingurinn Jack Moore er í viðskiptaerindum í Kína þegar hann er hnepptur í varðhald fyrir morð sem hann framdi ekki. Hann heldur statt og stöðugt fram sakleysi sínu fyrir daufum eyrum en það er ljóst að innan tíðar verður honum stillt upp fyrir framan aftökusveit. Jack og lögfræðingur hans reyna að komast að því hver stóð á bak við morðið áður en það verður um seinan. *Aðalhlutverk: Richard Gere, Bai Ling, Byron Mann.*
03.20 Fear Factor 2 (8:17)
04.05 Ísland í dag, íþróttir og veður
04.30 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 21. desember

08.00 Barnatími Stöðvar 2
08.35 Saga jólasveinsins
09.00 Barnatími Stöðvar 2
09.55 The Road to El Dorado
11.25 Friends I (24:24)
11.50 Bold and the Beautiful
13.35 Viltu vinna milljón?
14.20 Alltaf í boltanum
14.45 Enski boltinn
17.10 Sjálfstætt fólk
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Lottó
19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.30 Dharma og Greg (6:24)
20.00 Spin City (18:22)
20.30 Josie and the Pussycats. *(Jósie og Kisulórurnar)* Gamanmynd um það hvernig poppbransinn er í raun og veru. Við kynnumst vinkonunum Josie, Melody og Valerie en þær dreymir um slá í gegn í tónlistarbransanum. Umboðsmaðurinn Wyatt Frame tekur þær upp á sína arma en stelpurnar komast fljótt að því að ekki er allt sem sýnist. Hljómplötufyrirtækin hugsa um það eitt að græða og listrænn metnaður er sjaldan í fyrirrúmi. *Aðalhlutverk: Rachael Leigh Cook, Tara Reid, Rosario Dawson, Alan Cumming.*
22.10 Along Came a Spider. *(Kónguló, kóngluló...)* Háspennumynd af betri gerðinni. Dóttur þingmanns er rænt úr einkaskóla. Málið er hið undarlegasta því fórnarlambsins var gætt sérstaklega. Fjölmargir liggja undir grun og yfirvöld eiga erfitt verkefni fyrir höndum. Alex Cross blandast í málið en þessi gamalreynda rannsóknarlögga fær nú að glíma við sitt erfiðasta verkefni til þessa. *Aðalhlutverk: Morgan Freeman, Monica Potter, Michael Wincott.*
23.50 Reindeer Games. *(Háskaleikur)* Rudy Duncan er frjáls maður eftir sex ár í fangelsi. Hann er tilbúinn að hefja nýtt líf en freistingarnar eru á hverju strái og það er hægara sagt en gert að halda sig innan lagarammans. Fyrr en varir er hann flækur í undirbúning að miklu ráni í spilavíti og þeir sem að því standa hlusta ekki á neinar afsakanir. *Aðalhlutverk: Ben Affleck, Gary Sinise*
01.30 The Fan. *(Aðdáandinn)* Gil Renard (Robert De Niro) lifir fyrir uppáhaldsliðið sitt í hafnaboltanum. Það er honum því mikið gleðiefni þegar stórstjarnan Bobby Rayburn gengur til liðs við það. Bobby vegnar ekki sem skyldi en Gil er reiðubúinn að gera hvað sem er til þess að hann nái sér á strik. *Aðalhlutverk: Robert De Niro, Wesley Snipes, Ellen Barkin, John Leguizamo.*
03.20 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 22. desember

08.00 Barnatími Stöðvar 2
09.35 Saga jólasveinsins
10.00 Barnatími Stöðvar 2
12.00 Neighbours
13.50 60 mínútur
14.35 Making of Bridget Jones´ Di
15.00 Cloak and Dagger
16.40 Einn, tveir og elda
17.15 Andrea
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.30 Sumar í Týról. Sigurður Demetz fagnaði stórafmæli fyrr á árinu. Þrátt fyrir háan aldur lætur hann ekki deigan síga þegar tónlistin er annars vegar. Í þessum bráðskemmtilega þætti fylgir Guðrún Gunnarsdóttir honum á æskuslóðir hans í Týról. Þar hittu þau Kristján Jóhannsson, Diddú og fleiri góða söngvara og hann tók að sjálfsögðu með þeim lagið.
20.20 Sjálfstætt fólk
20.50 Wilde. Áhugaverð mynd um ævi írska leikritaskáldsins Oscars Wildes. Einkalíf Wildes er í brennidepli en siðvant þjóðfélag Viktoríutímabilsins átti erfitt með að átta sig á sambandi skáldsins við Alfred Douglas lávarð. Samkynhneigð Wildes gerði mönnum kleift að finna höggstað á honum og endalok þessa leiftrandi manns voru líkt og nútímaharmleikur. *Aðalhlutverk: Stephen Fry, Jude Law, Vanessa Redgrave.*
22.45 60 mínútur
23.30 Cider House Rules. *(Reglur hússins)* Fjögurra stjarna meistaraverk. Homer Wells elst upp á munaðarleysingjahæli í Maine í Bandaríkjunum. Hann er mikill efnispiltur sem kemst undir verndarvæng Wilburs Larch læknis. Wilbur kennir Homer margt um töfra læknisfræðinnar en pilturinn er haldinn útþrá og vill sjá hvað veröldin hefur upp á bjóða. *Aðalhlutverk: Tobey Maguire, Charlize Theron, Delroy Lindo, Michael Caine.*
01.30 Silent Witness (6:6)
02.20 Tónlistarmyndbönd

Mánudagur 23. desember

06.58 Ísland í bítið
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Í fínu formi
09.35 Oprah Winfrey
10.20 Ísland í bítið
12.00 Neighbours
12.25 Í fínu formi
12.40 Dharma & Greg (4:24)
13.00 Anya´s Bell
14.25 Að hætti Sigga Hall (10:18)
15.00 Ensku mörkin
16.00 Happapeningurinn
16.25 Ævintýri Papírusar
16.50 Saga jólasveinsins
17.15 Neighbours
17.40 Fear Factor 2 (9:17)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.30 Just Shoot Me (13:22)
20.00 Dawson´s Creek (17:23)
20.50 Panorama
20.55 Fréttir
21.00 Town & Country. *(Úr borg í sveit)* Pottþétt gamanmynd með úrvalsleikurum. Porter Stoddard er mikilsmetinn arkitekt í New York. Hann stendur nú á ákveðnum tímamótum í lífi sínu og veit ekki í hvorn fótinn hann á að stíga. Við kynnumst líka eiginkonu hans, Ellie, og vinahjónum þeirra, Monu og Griffin. *Aðalhlutverk: Warren Beatty, Diane Keaton, Andie MacDowell, Garry Shandling, Goldie Hawn, Jenna Elfman.*
22.40 Payback. *(Makleg málagjöld)* Hörkuspennandi mynd um tvo smákrimma, Val og Porter, sem í sameiningu ræna 140 þúsund dollurum af kínverskri klíku. Val er hins vegar ekki á því að deila peningunum með öðrum og fær eiginkonu Porters til að drepa hann. Porter lifir morðtilraunina af og er mættur hálfu ári síðar til að ná fram hefndum. *Aðalhlutverk: Mel Gibson, Gregg Henry, Maria Bello.*
00.15 He Got Game. *(Hann á leik)* Jake Shuttlesworth var fangelsaður á sínum tíma fyrir morðið á konu sinni. Hann fær reynslulausn með því skilyrði að hann fái son sinn, sem er efnilegur körfuknattleiksmaður, til að spila fyrir heimaskóla ríkisstjórans. Jake hefur einungis viku til stefnu, annars fer hann beinustu leið aftur í grjótið. *Aðalhlutverk: Denzel Washington, Milla Jovovich, Ray Allen.*
02.25 Ensku mörkin
03.15 Fear Factor 2 (9:17)
04.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
04.25 Tónlistarmyndbönd

Þriðjudagur 24. desember

08.00 Doddi í leikfangalandi
09.00 Rúdólfur
10.25 Stuart Little
11.50 The Muppet Christmas Carol
13.30 Fréttir Stöðvar 2
13.50 Saga jólasveinsins
14.35 A Christmas Carol
15.25 102 Dalmatians
17.05 Jólastjarna
17.35 HLÉ
20.00 The Snowman
21.00 White Christmas. *(Hvít jól)* Klassísk kvikmynd. Eftir seinni heimsstyrjöldina ákveða félagarnir Bob og Phil að starfa saman sem skemmtikraftar. Þeir kynnast systrunum Betty og Judy, sem eru sömuleiðis að hasla sér völl með dans- og söngatriði. Þær eru á leiðinni til Vermont og félagarnir ákveða að halda þangað líka. *Aðalhlutverk: Bing Crosby, Danny Kaye, Rosemary Clooney, Vera-Ellen.*
23.00 The Greatest Story Ever Told. *(Mesta saga allra tíma)* Stórfengleg mynd um ævi Jesú Krists. Myndin hlaut sérstakt hrós fyrir frábæra kvikmyndatöku. Fjöldi þekktra leikara leikur í myndinni og nægir þar að nefna *Telly Savalas, Sydney Poitier og John Wayne. Aðalhlutverk: Angela Lansbury, Charlton Heston, Carroll Baker, Max Von Sydow.*
02.10 Tónlistarmyndbönd

Miðvikudagur 25. desember

09.00 Santa and the Desert Children
09.25 Snow Children
10.15 Tangerine Bear
11.15 Ávaxtakarfan
12.35 Miracle on 34th Street. *(Kraftaverk á jólum)* Falleg bíómynd um Susan Walker, sex ára hnátu, sem hefur sínar efasemdir um jólasveininn. *Aðalhlutverk: Dylan McDermott, Elizabeth Perkins, Richard Attenborough.*
14.25 Willow
16.25 Home for Christmas
18.05 Misa Criolla. *(Argentísk messa)* Selkórinn og söngvararnir Bubbi Morthens og Jóhann Helgason ásamt hljómsveit flytja argentínska messu, Misa Criolla eftir Ariel Ramírez.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Stórtónleikar tenóranna þriggja. Upptaka frá tónleikum í Langholtskirkju. Fram koma tenórarnir Jóhann Friðgeir Valdimarsson og Jón Rúnar Arason.
20.00 Sjálfstætt fólk
20.40 How the Grinch Stole Christmas *(Þegar Trölli stal jólunum)* Ævintýraleg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna. Jólin er flestum kærkomin hátíð í svartasta skammdeginu en þó ekki öllum því þau fara hrikalega í taugarnar á hellisbúanum Grinch. Og nú ætlar hann að stela jólunum og öllu því dásamlega sem þeim fylgir. *Aðalhlutverk: Jim Carrey, Taylor Momsen, Jeffrey Tambor.*
22.20 Bridget Jones´s Diary. *(Dagbók Bridget Jones)* Frábær gamanmynd. Bridget Jones glímir við mikið mótlæti í lífinu. Hún yngist ekki, aukakílóin bætast við eitt af öðru og þegar kemur að hinu kyninu er afrekaskrá hennar ekki glæsileg. Það virðist heldur enginn taka eftir henni í vinnunni og Bridget sér fátt til ráða. Þá afræður hún að skrifa dagbók og draga ekkert undan. Og viti menn. Líf Bridget tekur stórkostlegum breytingum. *Aðalhlutverk: Renée Zellweger, Colin Firth, Hugh Grant.*
00.00 La Vita E Bella. *(Lífið er dásamlegt)* Ógleymanleg kvikmynd sem gerist í seinni heimsstyrjöldinni. Guido Orefice er ítalskur gyðingur sem er handtekinn og fluttur í fangabúðir nasista ásamt eiginkonu sinni og syni. Hann reynir að hlífa syni sínum fyrir bláköldum raunveruleikanum en það er hægara sagt en gert. *Aðalhlutverk: Roberto Benigni, Nicoletta Braschi, Giustino Durano, Giuliana Lojodice.*
01.50 Amistad. Árið 1839 var þrælaskipið Amistad á leið frá Afríku til norðausturstrandar Bandaríkjanna þegar fangarnir um borð slitu sig lausa. Um síðir voru uppreisnarmennirnir handteknir og leiddir fyrir rétt. Um stöðu þeirra var margt óljóst og málið vakti mikla athygli. *Aðalhlutverk: Morgan Freeman, Nigel Hawthorne, Anthony Hopkins, Matthew McConaughey.*
04.20 Tónlistarmyndbönd

Fimmtudagur 26. desember

08.00 Ali Baba og sjóræningjarni
09.20 The Snowman
10.10 Prince of Egypt
11.45 The Life of Santa Clause
13.00 Smoky Mountain Christmas
14.30 Jack Frost
16.10 Cirque de Soleil - Dralion
17.40 Sumar í Týról
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Litla lirfan ljóta. Íslensk teiknimynd sem fjallar um ævintýri lítillar prinsessu í álögum.

Morgan Freeman og Monica Potter leika aðalhlutverkin í háspennumyndinni Along Came A Spider sem Stöð 2 sýnir kl. 22:05 laugardagskvöldið 21. desember. Dóttur þingmanns er rænt úr einkaskóla. Málið er hið undarlegasta því fórnarlambsins var gætt sérstaklega. Fjölmargir liggja undir grun og yfirvöld eiga erfitt verkefni fyrir höndum. Alex Cross blandast í málið en þessi gamalreynda rannsóknarlögga fær nú að glíma við sitt erfiðasta verkefni til þessa.

19.30 Einn, tveir og elda
20.10 Viltu vinna milljón?
21.00 Shrek
22.30 Pearl Harbor. Sannsöguleg stórmynd sem hlaut Óskarsverðlaun fyrir tæknibrellur. Sunnudagsmorguninn 7. desember árið 1941 breyttist gangur seinni heimsstyrjaldarinnar. Japanar gerðu þá loftárás á Pearl Harbor og eftir það varð ekki aftur snúið fyrir Bandaríkjamenn. Í myndinni er varpað ljósi á þennan örlagaríka dag þegar Japanar komu bandarískra hernum í opna skjöldu. *Aðalhlutverk: Ben Affleck, Josh Hartnett, Kate Beckinsale, Alec Baldwin, Cuba Gooding Jr..*
01.25 American Beauty. *(Amerísk fegurð)* Þessi frábæra Óskarsverðlaunamynd fjallar um hjónakornin Lester og Carolyn Burnham. Á yfirborðinu virðist allt með felldu hjá þeim en undir niðri kraumar áralöng óhamingja og upp úr gýs þegar Lester verður sjúklega hrifinn af vinkonu dóttur sinnar. Í kjölfarið breytir hann um lífsstíl og verður ungur í annað sinn. Slík umskipti hafa þó víðtæk áhrif á alla sem umgangast Lester og smám saman hrynur hin fullkomna veröld og neyðir þau til að horfast í augu við veruleikann. *Aðalhlutverk: Kevin Spacey, Annette Bening, Thora Birch.*
03.20 Tónlistarmyndbönd

Föstudagur 27. desember

06.58 Ísland í bítið
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Í fínu formi
09.35 Oprah Winfrey
10.20 Ísland í bítið
12.00 Neighbours
12.25 Í fínu formi
12.40 Dharma & Greg (5:24)
13.00 The Education of Max
13.45 The Naked Chef
14.45 Bond. Upptaka frá tónleikum Bond í Royal Albert Hall í Lundúnum.
15.55 Sinbad
16.35 Alvöruskrímsli
17.00 Neighbours
17.25 Fear Factor 2 (10:17)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.30 Ping. Gamanmynd um úrræðagóða ömmu, Ethel, og litla hundinn hennar sem er af chihuahua-kyni. Ethel er sérlunduð og telur best að geyma peningana sína heima hjá sér. Skattayfirvöld eru með fjármál hennar til athugunar og er greint frá því í fjölmiðlum. Tveir misindismenn heyra af málinu og ákveða að ræna peningum ömmu. Þeir álíta það létt verk en annað kemur á daginn. *Aðalhlutverk: Shirley Jones, Judge Reinhold, Clint Howard.*
21.00 Gnarrenburg (8:10)
21.55 Series 7: The Contenders *(Raunveruleikasjónvarpið)* Dramatísk kvikmynd, full af kolsvörtum húmor. Sjónvarpsstjórum í Bandaríkjunum virðast engin takmörk sett. Baráttan um sjónvarpsáhorfendur er gífurlega hörð og öllum brögðum er beitt. Og nú er kominn nýr myndaflokkur sem slær öll met. Í þessu raunveruleikasjónvarpi eru sex þátttakendur sem hafa það hlutverk að drepa hver annan! *Aðalhlutverk: Brooke Smith, Marylouise Burke.*
23.25 Rush Hour. *(Á fullri ferð)* Hörkuspennandi mynd þar sem Jackie Chan og Chris Tucker stilla saman strengi sína. Rannsóknarlögreglumaðurinn Lee, einn besti lögreglumaður í Hong Kong, er sendur til Bandaríkjanna til að rannsaka mannrán en dóttur besta vinar hans var rænt. *Aðalhlutverk: Jackie Chan, Tom Wilkinson, Chris Tucker.*
01.00 Witch Hunt. *(Nornaveiðar)* Sakamálamynd. Barbara Thomas skýrir lögregluyfirvöldum í Whitlow í Ástralíu frá því að barnabarni hennar, Hönnu, hafi verið rænt. Af framburði ömmunnar ræður lögreglan að faðir stúlkunnar, David, sé viðriðinn málið. Við tekur rannsókn sem varpar ljósi á afar ógeðfellt mál. *Aðalhlutverk: Jacqueline Bisset, Cameron Daddo, Jerome Ehlers.*
02.35 Fear Factor 2 (10:17)
03.40 Ísland í dag, íþróttir og veður
04.05 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 28. desember

08.00 Barnatími Stöðvar 2
11.25 Friends 2 (1:24)
11.50 Bold and the Beautiful
12.35 Að hætti Sigga Hall (13:18)
13.20 Viltu vinna milljón?
14.25 Alltaf í boltanum
14.50 Enski boltinn
17.05 Sjálfstætt fólk
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Lottó
19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.30 Dharma og Greg (7:24)
20.00 Spin City (19:22)
20.30 Head Over Heels. *(Með grasið í skónum)* Rómantísk gamanmynd. Amanda Pierce kemur að kærastanum sínum í rúminu með annarri konu. Þar með er samband þeirra farið út um þúfur og hún er í sárum. Hún fer fljótlega að leigja með fjórum fyrirsætum og fyrr en varir hefur hún eignast nýjan vin. En er Amanda tilbúin fyrir nýtt ástarsamband? *Aðalhlutverk: Monica Potter, Freddie Prinze Jr., Shalom Harlow.*
22.00 Lara Croft: Tomb Raider. *(Lara Croft: Grafarræninginn)* Ævintýraleg hasarmynd um baráttu góðs og ills. Lara Croft er hetja nýrra tíma. Hún gekk í bestu skólana, talar mörg tungumál reiprennandi, er sérfróð um vopn og kann svo sannarlega að verja sig. Lara Croft er fulltrúi þess góða þegar ill öfl vilja sölsa undir sig völdin í heiminum. *Aðalhlutverk: Angelina Jolie, Jon Voight, Iain Glen.*
23.40 The General´s Daughter. *(Dóttir hershöfðingjans)* Spennumynd. Liðsforinginn Paul Brenner verður að taka á honum stóra sínum þegar hann fær hrottalegt morðmál til úrlausnar. Dóttir mikilsvirts hershöfðingja finnst látin en rannsókn leiðir í ljós að henni hefur verið nauðgað. Við nánari eftirgrennslan koma Paul og Sara aðstoðarkona hans víða að lokuðum dyrum. Svo virðist sem hátt settir menn í hernum tengist málinu. *Aðalhlutverk: John Travolta, Madeleine Stowe, James Cromwell, Timothy Hutton, Leslie Stefanson.*
01.30 Almost Heroes *(Hálfgerðar hetjur)* Hinn kvenlegi Leslie Edwards og hinn ruddafengni fylliraftur Bartholomew Hunt (Chris Farley) leita nýrra ævintýra á ókönnuðum slóðum villta vestursins og hyggjast skrá nöfn sín á spjöld sögunnar. Myndarinnar verður minnst sem síðustu myndar Chris Farleys en hann lést um aldur fram skömmu eftir gerð hennar. *Aðalhlutverk: Eugene Levy, Chris Farley, Matthew Perry.*
03.00 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 29. desember

08.00 Waldo
08.25 Kolli káti
08.50 Biblíusögur
09.35 Lína langsokkur
10.00 Svampur
10.25 Batman
10.50 Töframaðurinn
11.10 Galidor
11.35 Lizzie McGuire
12.00 Neighbours
12.45 60 mínútur (e)
13.30 Sól að morgni. Upptaka frá útgáfutónleikum Bubba Morthens. Sól að morgni nefnist nýjasta verk meistarans en geislaplatan hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda.
14.35 Making of Lord of the Rings II
16.30 Írafár. Írafár er ein vinsælasta hljómsveit landsins. Hér er sveitinni fylgt eftir á tónleikum og rætt við söngkonuna Birgittu Haukdal. Þess má geta að nýjasta geislaplata Írafárs, Allt sem ég sé, er nýkomin út.
17.05 Einn, tveir og elda (e)
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.30 Viltu vinna milljón?
20.20 Sjálfstætt fólk
20.50 Attila the Hun (1:2) *(Atli Húnakóngur)* Stórbrotin framhaldsmynd í tveimur hlutum. Atli Húnakonungur, sem var uppi á fjórðu öld, var stríðsmaður mikill og Rómverjum stóð ógn af honum. Þeir vinguðust við Atla en hann var trúr þjóð sinni. Barátta Atla fyrir aukinni vegsemd Húna var ekki áfallalaus. Harðasti andstæðingur Atla um foringjahlutverkið var hálfbróðir hans en þeir börðust líka um hylli sömu stúlkunnar. *Aðalhlutverk: Gerard Butler, Powers Booth, Simmone Mackinnon og Tim Curry.*
22.20 60 mínútur
23.05 Amy. Amy er ung stúlka sem verður vitni að dauða föður síns á rokktónleikum. Það reynist henni hræðilegt áfall og í kjölfarið getur hún hvorki talað né heyrt. Nokkrum árum síðar finnur Amy loks aðferð til að tjá sig og það gerir hún með mjög eftirminnilegum hætti. *Aðalhlutverk: Alana De Roma, Rachel Griffiths og Ben Mendelsohn.*
00.35 Englishman Who Went Up a Hill. *(Englendingurinn sem fór upp á hól og kom niður fjall)* Ensku kortagerðarmennirnir Reginald Anson og George Garrad koma í velska þorpið Ffynnon Garw til að mæla prýði staðarins, fjallið Ffynnon Garw. En hvað segja sérvitrir Walesbúar þegar mælingamennirnir komast að því að fjallið er aðeins hæð? *Aðalhlutverk: Hugh Grant, Colm Meaney og Tara Fitzgerald.*

Grafarræninginn

Lara Croft: Grafarræninginn, eða Lara Croft: Tomb Raider, er ævintýraleg hasarmynd um baráttu góðs og ills sem Stöð 2 sýnir kl. 21:55 laugardaginn 28. desember. Lara Croft er hetja nýrra tíma. Hún gekk í bestu skólana, talar mörg tungumál reiðbrennandi, er sérfróð um vopn og kann svo sannarlega að verja sig. Lara Croft er fulltrúi þess góða þegar ill öfl vilja sölsa undir sig völdin í heiminum. Aðalhlutverk leika Angelina Jolie og Jon Voight



02.10 Tónlistarmyndbönd

Mánudagur 30. desember

06.58 Ísland í bítið
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Í fínu formi
09.35 Oprah Winfrey (e)
10.20 Ísland í bítið
12.00 Neighbours
12.25 Í fínu formi
12.40 Dharma & Greg (6:24) (e)
15.00 Ensku mörkin
16.00 Happapeningurinn
16.25 Ævintýri Papírusar
16.50 Sesam, opnist þú
17.40 Fear Factor 2 (11:17) (e)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.30 Just Shoot Me (14:22)
20.00 Dawson's Creek (18:23)
20.50 Panorama
20.55 Fréttir
21.00 Attila the Hun (2:2)
22.25 A taste of Sunshine. *(Vonarneisti)* Þessi verðlaunamynd lýsir lífi ungverskrar gyðingafjölskyldu á viðsjárverðum tímum. Fylgst er með þremur kynslóðum þar sem stríð, trúarskipti, fjölskylduátök og svik koma við sögu. *Aðalhlutverk: Ralph Fiennes, Rachel Weisz og Rosemary Harris.*
01.20 Ensku mörkin
02.15 Fear Factor 2 (11:17) (e)
03.00 Ísland í dag, íþróttir og veður
03.25 Tónlistarmyndbönd

Þriðjudagur 31. desember

08.00 Skógarlíf
08.50 Rugrats: The Movie
10.10 Guðbrá og birnirnir þrír
11.40 Kalli kanína
11.50 Flubber
13.30 Fréttir Stöðvar 2
13.50 Kryddsíld 2002. Fréttamenn Stöðvar 2 taka á móti góðum gestum úr heimi stjórnmálanna og ræða í gamni og alvöru um það sem hefur staðið upp úr á árinu sem er að líða.
15.30 Mótorsport
16.20 Nutty Professor II: The Klumps *(Klikkaði prófessorinn II)* Gamanmynd af allra bestu gerð. Prófessorinn Sherman Klump er engum líkur. Hann á vissulega við sín vandamál að etja en nú eru bjartari tímar fram undan. Prófessorinn hefur fundið draumadísina og brúðkaup er á næsta leiti. Það eina sem gæti spillt gleðinni er að skrattakollurinn Buddy Love láti á sér kræla! *Aðalhlutverk: Eddie Murphy, Janet Jackson, Larry Miller og John Ales Richard.*
18.05 HLÉ
20.00 Ávarp forsætisráðherra
20.25 Fréttaannáll 2002
21.30 Robbie Williams. *(Swing Where You're Winning)* Upptaka frá tónleikum með breska popparanum Robbie Williams sem haldnir voru í Royal Albert Hall í Lundúnum. Robbie flytur lög af plötunni Swing When You're Winning og nýtur aðstoðar nokkurra gestasöngvara.
22.50 The Original Kings of Comedy *(Grínkóngarnir)* Fjórir, þekktir grínarar reita af sér brandara á sviði í Charlotte í Bandaríkjunum. Þeim er ekkert heilagt og margir fá það óþvegið. Hætt er við að orðbragð félaganna geti farið fyrir brjóstið á einhverjum. Við fylgjumst líka með köppunum baksviðs og þar gengur líka mikið á. *Aðalhlutverk: Steve Harvey, D.L. Hughley, Cedric the Entertainer og Bernie Mac.*
00.45 Meet the Parents. *(Heima hjá tengdó)* Bráðskemmtileg grínmynd fyrir ástfangið fólk á öllum aldri. Greg og Pam eru ástfangin upp fyrir haus og ætla að gifta sig. Greg vill fara rétt að öllu og ætlar að biðja pabba Pam um hönd hennar. Það sem Greg heldur að verði auðvelt formsatriði snýst upp í martröð og heimsókninni til tengdaforeldranna tilvonandi gleymir hann örugglega ekki í bráð. *Aðalhlutverk: Robert De Niro, Ben Stiller, Teri Polo og Blythe Danner.*
02.30 When Harry Met Sally. Klassísk gamanmynd þar sem spurt er hvort kynlíf eyðileggi alltaf vináttu karls og konu. Harry og Sally hafa verið vinir í áraraðir og fylgst hvort með öðru í gegnum þykkt og þunnt. Það hvarflar að þeim að hoppa í eina sæng en myndi það ekki spilla vináttunni? *Aðalhlutverk: Billy Crystal, Meg Ryan, Carrie Fisher.*
04.05 Tónlistarmyndbönd

Miðvikudagur 1. janúar

09.00 Pokémon.
10.40 Antz
12.00 La Luna
13.00 Ávarp forseta íslands
13.20 Kryddsíld 2002
15.05 Fréttaannáll 2002
16.10 Nýársbomba Fóstbræðra. Þátturinn gerist í beinni útsendingu þar sem gestgjafarnir Magnús og Sigrún fá til sín nokkra góða gesti sem sumir hverjir eru að stíga sín fyrstu skref í sjónvarpi. Ýmislegt fer öðruvísi en ætlað var í þessum spjallþætti þar sem þjóðlegur andi svífur yfir vötnum og draugur fortíðar, jólasveininn og skurðlæknirinn Stein-grímur stíga trylltan dans.
16.55 Little Voice. *(Taktu lagið, Lóa)* Áhrifamikil mynd um unga og feimna stúlku sem kýs að tjá sig með söng. Kærasti móður hennar vinnur við að leita uppi hæfileikafólk og svífst einskis við draga hana út úr einangruninni og gera hana að stjörnu. *Aðalhlutverk: Brenda Blethyn, Jane Horrocks, Michael Caine, Ewan McGregor og Jim Broadbent.*
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Víkingalottó
19.00 Sálin og sinfónían. Sálin hans Jóns míns hefur verið í hópi fremstu popphljómsveita landsins í hálfan annan áratug. Ekkert lát er á vinsældunum og það komust færri að en vildu á tónleika sveitarinnar í Háskólabíói í nóvember sl. Þar fluttu Stefán Hilmarsson og félagar mörg af sínum þekktustu lögum og nutu við það aðstoðar Sinfóníuhljómsveitar Íslands.
20.00 Einn, tveir og elda
20.30 Doctor Dolittle 2. *(Dagfinnur dýralæknir 2)* Sjálfstætt framhald um Dagfinn dýralækni og ævintýri hans. Dagfinnur býr yfir þeim óvenjulega hæfileika að geta talað við dýrin og það kemur sér sannarlega vel í hans starfi. Að þessu sinni reynir Dagfinnur að bjarga dýrmætu skóglendi og íbúum þess. Þetta er mynd sem við mælum með fyrir alla fjölskylduna. *Aðalhlutverk: Eddie Murphy, Kristen Wilson og Raven-Symone.*
22.00 Chocolat. *(Súkkulaði)* Heillandi kvikmynd um unga konu og sex ára dóttur hennar sem setjast að í litlum bæ í Frakklandi. Þar opnar konan sælkerabúð sem leggur höfuðáherslu á súkkulaði. Yfirvöld eru henni andsnúin en bæjarbúar hrífast af henni og falla flatir fyrir gómsætu súkkulaði. Myndin var tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna, þ.á m. sem besta myndin. *Aðalhlutverk: Juliette Binoche, Carrie-Anne Moss, Johnny Depp og Judi Dench.*
00.00 Crouching Tiger, Hidden Drago. *(Skríðandi tígur, dreki í l)* Fjórföld Óskarsverðlaunamynd, m.a. besta erlendin myndin. Hreint stórkostleg mynd sem er algjört augnakonfekt. Sögusviðið er Kína og aðalsöguhetjurnar eru tveir stríðsmenn sem báðir vilja komast yfir sannkallað töfrasverð. Þetta er saga um ástir, svik og hatramma baráttu góðs og ills. *Aðalhlutverk: Yun-Fat Chow, Michelle Yeoh og Ziyi Zhang.*
02.00 Tónlistarmyndbönd

Föstudagur 20. desember

18.00 Sportið með Olís
18.30 Trans World Sport
19.30 Alltaf í boltanum
20.00 South Park 6 (11:17)
20.30 Harry Enfield´s Brand Spankin
21.00 Speed 2: Cruise Control. *(Leifturhraði 2)* Annie Porter er þess fullviss að hún sé búin að fá sinn skammt af lífsháska. Nú fer hún í rómantíska siglingu með unnusta sínum en ferðin breytist í hreinustu martröð þegar brjálæðingur um borð tekur völdin og hótar öllu illu. *Aðalhlutverk: Sandra Bullock, Jason Patric, Willem Dafoe.*
23.05 Henry Fool. *(Fíflið Henry)* Öskukarlinn Simon Grim kynnist lífskúnstnernum Henry sem vekur áhuga Simons á bókmenntum og hvetur hann til að skrifa ódauðlegt ljóð. Simon einbeitir sér að skrifum af fullum krafti en Henry leiðist út í drykkjuskap. Þegar þeir hittast aftur hefur margt breyst. Athyglisverð mynd sem er eins konar óður til þeirra sem þora að vera öðruvísi. *Aðalhlutverk: Parker Posey, Thomas Jay Ryan, James Urbaniak.*
01.20 Sting All This Time. Upptaka frá tónleikum Stings sem haldnir voru á Ítalíu 11. september 2001.
02.25 Dagskrárlok og skjáleikur

Laugardagur 21. desember

17.00 Toppleikir
18.50 Lottó
19.00 PSI Factor (14:22)
19.50 Spænski boltinn. Bein útsending.
22.00 MAD TV
22.45 The Girl Next Door. *(Klámmyndastjarnan)* Einstök heimildamynd um klámmyndaleikkonuna Stacy Valentine. Hún lifði ósköp venjulegu lífi fram til ársins 1995. Þá sendi hún nektarmyndir af sér til birtingar í blöðum og tímaritum og ári síðar lék hún í fyrstu alvöruklámmyndinni sinni. Í dag er hún stjarna í þessum geira kvikmyndaiðnaðarins og á aðdáendur um allan heim.
00.10 Another Japan (8:12)
00.35 While the Cat´s Away.
01.55 Dagskrárlok og skjáleikur

Sunnudagur 22. desember

13.30 Enski boltinn. Bein útsending frá leik ***Blackburn*** og ***Manchester United***.
15.45 Enski boltinn. Bein útsending frá leik ***Liverpool*** og ***Everton***.
18.00 NFL. Bein útsending.
21.00 Rejseholdet (12:16)
22.00 Yesterday´s Target. *(Strax í gær)* Hörkuspennandi mynd um nokkra tímaflakkara sem eru í mikilvægum leiðangri. Þeir hafa allir misst minnið og ferðin er í uppnámi. Og til að bæta gráu ofan á svart virðast þeir ekki lengur komast úr einu tímabelti yfir í annað. *Aðalhlutverk: Daniel Baldwin, Stacy Haiduk, Malcolm McDowell.*
23.40 Haunted Heart. *(Kæfandi ást)* Þessi tryllir fjallar um háskólapilt sem vill einbeita sér að námi sínu. Framtíðarsýn hans er kollvarpað þegar móðir hans skerst í leikinn og skiptir sér af framtíðarplani og ástarmálum hins unga manns. Pilturinn kemst einnig að því að besta vinkona móður hans girnist hann og er hún jafnvel tilbúin að fremja morð svo ástlanir hennar nái fram að ganga. *Aðalhlutverk: Diane Ladd, Olympia Dukakis, Morgan Weisser.*
01.15 Dagskrárlok og skjáleikur

Mánudagur 23. desember

17.50 Ensku mörkin
18.50 Spænsku mörkin
19.50 Enski boltinn. Bein útsending frá leik ***Manchester City*** og ***Tottenham.***
22.00 Gillette-sportpakkinn
22.30 Ensku mörkin
23.25 Sweepers. *(Sprengjuleit)* Ríkisstjórn Bandaríkjanna fær sprengjusérfræðinginn Christian Erickson til þess að stöðva glæpamenn sem ætla að flytja inn jarðsprengjur til landsins. *Aðalhlutverk: Dolph Lundgren, Bruce Payne, Claire Stansfield.*
01.00 Desperate Measures. *(Örþrifaráð)* Hörkuspennandi tryllir um lögreglumann sem neyðist til að vernda stórhættulegan morðingja þar sem hann er sá eini sem getur gefið fárveikum syni hans beinmerg. Þegar morðinginn strýkur þarf lögreglumaðurinn að hafa uppi á honum hvað sem það kostar. *Aðalhlutverk: Michael Keaton, Andy Garcia.*
02.40 Spænsku mörkin
03.35 Dagskrárlok og skjáleikur

Þriðjudagur 24. desember

